

SHALDOR
skoðun 24



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Jakkaföt



Allt það helsta
Íslensk matarhönnunarverk eru
til umfjöllunar í nýrri bók frá
þýska bókaforlaginu Gestalten.
allt 6



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
17. nóvember 2011
269. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reennistöðunum Cancer Cent Cellum apríl - júní 2011




Stefniir á leiklistarnám
Gettu betur-stjarnan Laufey
Haraldsdóttir með mörg
járn í eldinum.
fólk 52

Húmor og galdur
Ingibjörg Hrefna
Pétursdóttir og Relja
Borosak urðu hlutskörpust í
teiknisamkeppni Listasafns
Reykjavíkur.
tímamót 34



Frábærir Þjóðverjar
Þjóðverjar taldir líklegir
til afreka á EM 2012 og
virðast vera í sérflokk.
sport 58

veðrið í dag



VÆTA SYÐRA Í dag verða víða
austan 5-10 m/s og þurr að mestu
en 8-13 og dálítið væta syðra. Hiti
3-10 stig.
VEÐUR 4

Jólabónus
Icelandair
American
Express



2xfleiri
Vildarpunktur

Skráðu þig á
americanexpress.is og
fáðu tvöfalda Vildarpunkta
af allri veltu fram til
15. desember!

SpKef mun kosta ríkið allt að þrjátíu milljarða króna

Samningur vegna sölu SpKef frá ríkinu til Landsbankans mun kosta skattgreiðendur 11 til 30 milljarða. Úrskurðarnefnd sett á fót til að meta eignir sparisjóðsins. Tvær leiðir eru mögulegar við sölu á Byr.

FJÁRMÁL Ríkið þarf að borga allt að 30 milljarða króna vegna sölu á SpKef til Landsbankans. Lægri mörk samningsins eru að ríkið borgi rúma ellefu milljarða króna. Sérstök úrskurðarnefnd hefur verið sett á laggirnar við að skera úr um eignir SpKef og niðurstaða hennar mun ráða því hver upphæðin verður.

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fékk, eins og aðrir nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd, samninga vegna sölu á SPKef og Byr í hendur seint í gær. „Ríkið kemur skelfilega út úr þessum gjörningum. Hér eru um að ræða gríðarleg útgjöld fyrir ríkissjóð: 11,1 til 30 milljarða króna.“

6-9 milljarðar munu
fást fyrir Byr.

Tryggvi metur það svo að ríkið þurfi að borga um 20 milljarða vegna SpKef þegar upp verði staðið.

Samningurinn á milli Landsbankans og fjármálaráðuneytisins varðandi SpKef í hnotskurn er þannig að Landsbankinn tekur SpKef yfir. Ríkið borgar mismuninn á eignum bankans og innistæðum með ríkisskuldabréfum til Landsbankans. Það er úrskurðarnefndarinnar að meta hversu há sú upphæð verður. Ríkið metur að því beri að greiða

11,1 milljarð en Landsbankinn metur upphæðina um 30 milljarða.

Gert er ráð fyrir tveimur mögulegum leiðum í samningi á milli ríkisins og Íslandsbanka varðandi Byr. Annars vegar að greiddir verði sex milljarðar fyrir bankann og Íslandsbanki fái lausafjárþyrirgreiðslu hjá ríkissjóði gegn tryggingu, sem er ekki tilgreind í samningnum.

Hins vegar að greiddir verði ný milljarðar fyrir bankann. Milljarður verði borgaður í reiðufé og átta milljarðar með skuldabréfi til fjögurra ára. Seljandinn, gamli Byr og ríkið, fá möguleika á að kaupa hlut af eignasafni Byr. Tryggvi Þór segir að nefndarmenn hafi ekki fengið að vita hvaða eignir þetta séu.

Þingmenn minnihlutans á Alþingi gengu úr þingsal í gær vegna þess að upplýsingar fengust ekki er varða afgreiðslu fjárákallaga, og voru upplýsingar um eignatilfærslu við sölu á Byr eitt af því sem ekki fékkst uppgefið.

Um Byrsamninginn segir Tryggvi það óeðlilegt að ríkið sjái um milljarða lausafjárþyrirgreiðslu inn í bankastofnun, gegn tryggingum sem enginn fær að vita hverjar eru. „Eðlilega leiðin væri að fara í Seðlabankann, með vel skilgreindan samning, og fá lausafjárþyrirgreiðsluna þar. Þessu fylgir áhætta fyrir ríkið, vegna ríkisábyrgðar til dæmis,“ segir Tryggvi.

- shá / sjá síður 2 og 10



EKKI REIÐ Eirin, sem er virk í pólitíkinni heima fyrir og var í september kosin í sveitarstjórn, þurfti að fresta upphafi háskólagöngu sinnar fram á vor, en þá stefnir hún á að nema eðlis- og stærðfræði. Með henni á myndinni er Birna Skarphéðinsdóttir.
MYND/BIRNA SKARPHÉÐINSDÓTTIR

Nítján ára fórnarlamb ódæðismannsins í Útey dvelur nú á Höfn í Hornafirði:

Langar mest að ræða við Breivik

FÓLK Eirin Kristin Kjær, nítján ára stúlka frá Tromsø í Noregi, lifði af árásina í Útey í sumar þrátt fyrir að Anders Behring Breivik hafi skotið hana fjórum sinnum.

Eirin varði rúmum mánuði á sjúkrahúsi og gekkst undir ellefu aðgerðir, en nú er hún komin á heimaslóðir á Höfn í Hornafirði, til Birnu Skarphéðinsdóttur sem

fóstraði hana þegar hún var hér sem skiptinemi frá 2009 til 2010.

Eirin kveðst ekki reið við ódæðismanninn þrátt fyrir að hún hafi enn ekki jafnað sig á líkama og sál og hafi misst fjóra vini frá Tromsø.

„Ég nenni bara ekki að eyða tíma í að hugsa um hann,“ segir hún, en bætir við að hún ætli að vera viðstödd réttarhöldin í vor.

Hana langi mjög mikið að sjá hann augliti til auglitis og helst mundi hún vilja ræða málin við hann.

Birna Skarphéðinsdóttir segir það hafa tekið mjög á að vita af Eirin í þessum aðstæðum og fylgjast með henni glíma við eftirköstin. „En við erum auðvitað fyrst og fremst glöð yfir því að hún sé lifandi.“ - sh / sjá síðu 8

Myndir Gígju keyptar af H&M: Íslenski hesturinn prýðir boli

FÓLK „Þetta er alveg ótrúlega gaman og auðvitað mikill heiður,“ segir Gígja Dögg Einarsdóttir ljósmyndanemi, en hún hefur í tvígang selt sænska verslanarísanum Hennes&Mauritz myndir eftir sig.

Myndirnar prýða stutt-ermaboli sem fást um allan heim, en myndefnið er íslenski hesturinn. Gígja vill ekki meina að hún verði rík á viðskiptum sínum við tiskuverslanakeðjuna frá H&M. „Nei, nei, ætli ég fái ekki um 300 dollara á mynd.“

Gígja stundar nám í ljósmyndun við Tækniskólann en er einnig lærður tamningamaður. Það er því ekki skrytið að hún sérhæfi sig í myndum af íslenska hestinum.

- áþ / sjá síðu 66



GÍGJA DÖGG
EINARSDÓTTIR



„Listilega gert málverk ...
fyrst og fremst skemmtileg.“
ALP / MORGUNBLAÐIÐ



Opið til 21. í kvöld

Komin í jólasþap
Kringlan



Sigurður, er þessi þýski þá eins konar langafi?

„Gleymum því ekki að afar eru ekki metravara.“

Sigurður Sigurjónsson leikur Afann í samnefndu leikverki sem nú á að setja upp í Þýskalandi með þarlandum leikara í hlutverki afans. Að sögn Sigurðar er sá maður bæði hávaxnari og eldri en hann sjálfur.

Ódæðið á Hótel Fróni:

Yfirmat á sakhæfi konunnar

DÓMSMÁL Yfirmat mun fara fram á sakhæfi Agné Krataviciuté, sem ákærð hefur verið fyrir manndráp með því að bana barni sínu nýfæddu á Hótel Fróni. Konunni var gert að sæta geðrannsókn við rannsókn málsins og var hún þá metin sakhæf.

Það var verjandi konunnar sem lagði fram kröfu um að yfirmat yrði gert og varð dómari við því.

Þá ítrekaði verjandinn kröfu sína, sem áður hafði komið fram við þingfestingu málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að þinghaldið verði lokað. Dómari hafnaði því að svo komnu máli en mun kynna ákvörðun sína við næsta þinghald.

- jss

Dagur íslenskrar tungu:

Kristín Marja verðlaunuð

MENNING Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur fékk í gær afhent verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu. Það var Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningar- málaraðherra, sem afhenti henni verðlaunin.

Ráðherra ákvað jafnframt að tilöggu ráðgjafar- nefndar að veita hljómsveitinni Stuðmönnum viðurkenningu með þeim rökum að margir texta sveitarinnar séu löngu orðnir klassískir. Á tímum þegar slíkt virðist frekar orðið undan- tekning en regla í poppheimum verður fordæmi Stuðmanna þeim mun mikilvægara.

- shá / sjá síðu 42



KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR

Sérstakur saksóknari ætlar að klára tíu mál fyrir áramót:

Rannsókn lokið í nokkrum málum

LÖGREGLUMÁL Sérstakur saksóknari hefur lokið rannsókn á hluta þeirra tíu mála sem embættið ætlar sér að klára á þessu ári. Heimildir Fréttablaðsins herma að á meðal þeirra mála sem rannsókn er lokið á sé hið svokallaða Sjóvármál. Fæst þeirra tíu mála sem á að ljúka fyrir áramót hafa þó fengið formleg málalok.

Þegar rannsókn mála lýkur fara þau inn á borð saksóknara hjá embættinu sem fær það hlutverk að ákveða hvort ákært verði á grundvelli hennar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður

ákært í flestum þeirra mála sem nú er verið að ljúka rannsókn á. Ef ákveðið verður að fara með málin í ákærumeðferð tekur saksóknarinn sér tíma til að setja saman ákæru úr niðurstöðum rannsóknarinnar.

Auk þeirra tíu mála sem ljúka á rannsókn á fyrir áramót er gert ráð fyrir að málalok verði í fjölmörgum málum til viðbótar hjá embættinu á fyrri helmingi næsta árs. Flest málin sem eiga að klárast á næstu mánuðum tengjast starfsemi föllnu bankanna: Kaupþings, Landsbanka og Glitnis. - þsj



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON Rannsókn er lokið í nokkrum málum og ákæru er á næsta leiti hjá embætti sérstaks saksóknara.

Stal vörum og leikföngum:

Kona á sjötugsaldri í fangelsi

DÓMSMÁL Kona á sjötugsaldri hefur verið dæmd í þriggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að stela leikföngum fyrir tæpar 20 þúsund krónur úr verslun Toys 'R Us í janúar 2011. Sama dag stal hún vörum fyrir tæplega 30 þúsund krónur úr verslun Nettó. Dómurinn er óskilorðsbundinn.

Hún hefur verið dæmd þrívörðum fyrir þjófnað á síðustu tíu árum. Með þjófnaðinum núna rauf konan skilorð.

- jss

Kynjamunur við útskrift meiri á Íslandi

Mesti kynjamunurinn hvað varðar útskriftir úr háskólum á Norðurlöndunum er á Íslandi. Tæp 40 prósent læra lögfræði, hagfræði og félagsvísindi hér á landi. 2.300 Íslendingar voru í námi erlendis í fyrra, helmingurinn á Norðurlöndunum.

MENNTUN Konur eru í meirihluta þeirra sem útskrifast úr skólum á háskólastigi á Norðurlöndunum. Mesti kynjamunurinn er á Íslandi, þar sem 66 af hundraði eru konur og aðeins 34 prósent eru karlar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í Norrænu hagtoluárþókinni, sem var gefin út í gær.

Næstmesti munurinn er í Svíþjóð, þar sem 63,4 prósent útskrifaðra eru konur. Minnstur er kynjamunurinn í Danmörku, þar sem 58,7 prósent þeirra sem útskrifast eru konur en 41,3 prósent karlar.

Tiltölulega hátt hlutfall háskólanna hér á landi og í Noregi lærir hagfræði, lögfræði og félagsvísindi. Hlutfallið er tæp fjórutíu prósent hér á landi. Í Finnlandi læra fleiri náttúruvísindi, upplýsingatækni og verkfræði en í hinum löndunum. Í Danmörku og Svíþjóð eru margir í félags- og heilbrigðisvísindum. 26 prósent Norðurlandabúa á aldrinum 15 til 74 ára hafa einhverja meiri menntun en framhaldsskólamenntun.

Hlutfallslega flestir eru í námi á háskólastigi í Finnlandi. Þar er einn af hverjum fimm íbúum á aldrinum 20 til 39 ára í slíku námi. Einn af hverjum sex Íslendingum á sama aldri er í námi á háskólastigi, en hlutfallið er aðeins lægra í hinum norrænu ríkjum. Tölurnar í skýrslunni hvað varðar Ísland ná aftur til ársins 2000, en það ár var hlutfall stúdenta lægst hér á landi.

Ísland er hið eina Norðurlandarríkjanna þar sem styrkjakerfi er ekki notað til framfærslu stúdenta. Í öllum hinum norrænu ríkjum fá nemendur styrki og geta



HÁSKÓLI ÍSLANDS Íslenskir stúdentar læra lögfræði, hagfræði og ýmis félagsvísindi í meiri mæli en aðrir norrænir stúdentar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útskrift úr háskóla eftir löndum

	Karlar	Konur	%*
Ísland	34,1%	65,9%	25%
Danmörk	41,3%	58,7%	25%
Svíþjóð	36,6%	63,4%	26%
Noregur	39,1%	60,9%	28%
Finnland	37,4%	58,7%	29%

*% allra 15-74 ára með háskólapróf

siðan fengið námslán ofan á þá. Íslendingum bjóðast hins vegar hærri lánsupphæðir en í hinum löndunum.

Rúmlega 43 þúsund stúdentar í fullu námi völdu að læra annars staðar en í heimalandinu á skólaárinu 2009 til 2010. Fjórðungur

þeirra valdi nám í einhverju af hinum Norðurlandarríkjanna og var Danmörk vinsælasta landið. Þá var tæplega einn af hverjum fjórum við nám í Bretlandi og fjórtán prósent voru í Bandaríkjunum eða Kanada. Þá voru sjö prósent í Ástralíu eða Nýja-Sjálandi.

Samkvæmt tölunum voru 2.375 íslenskir stúdentar í námi erlendis skólaárið 2009/2010. Rúmlega helmingur þeirra var á Norðurlöndunum, eða 1.270, og þar af voru 1.049 í Danmörku og 160 í Svíþjóð. Af öðrum löndum voru flestir í Bretlandi og Bandaríkjunum, 313 í hvoru landi um sig.

thorunn@frettabladid.is



RASANDI Danir eru á því að reiðiköstum í umferðinni hafi fjölgað undanfarið ár.

Jafnaðargeð á undanhaldi:

Vegareiði hefur aukist nokkuð

DANMÖRK Danskir öikumenn segjast verða meira varir við reiðiköst á vegum úti en áður. Í frétt Politiken er vitað í könnun sem samtök bifreiðaeigenda og hjólræiðafólks stóðu að. Þar kemur fram að 37 prósent svarenda segjast skynja að „vegareiði“ hafi aukist á síðustu fimm árum, en einungis þrjú prósent telja að ástandið hafi skánað.

28 prósent segjast hafa fengið yfir sig reiðiköst annarra í umferðinni síðustu mánuði, flestir hafa fengið fingurinn, en öðrum hefur verið hóttað og jafnvel orðið fyrir líkamsmeiðingum.

Sjötti hver játaði að hafa misst stjórn á skapi sínu við akstur.

- þj

Tveir teknir í austurborginni:

Með hass, lyf og marjúána

DÓMSMÁL Tveir karlmenn á þrítugs- og fertugsaldri voru handteknir í austurborginni í fyrra- kvöld. Í fórum þeirra fannst nokkuð af ætluðu marjúána og hassi sem og lyfjum. Þeir höfðu einnig meðferðis töluvert af peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Þá var lagt hald á ýmsa frumni sem fundust við leit í bílum manna en við aðgerðina var notaður fíkniefnaleitarhundur frá tollinum.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímanum 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál.

- jss

Stjórnarandstaðan vill kynna sér málefni SpKef, Byrs og Vaðlaheiðarganga:

Gengu út í gær og mæta ekki í dag

ALÞINGI Þingmenn stjórnarandstöðunnar gengu út af þingfundi síðdegis í gær í umræðum um afgreiðslu fjáráukalaga. Fæstir þeirra hyggjast mæta til atkvæðagreiðslu um frumvarpið klukkan tíu í dag.

„Við ákváðum að leyfa þeim að eiga þetta mál, fyrst það var ekki hægt að taka tillit til okkar athugasemda. Þá er ekkert um að ræða,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.

Stjórnarandstaðan hefur krafist þess að fá að sjá samninga um sölu ríkisins á SpKef og Byr, sem frumvarpið veitir fjármálaráðherra heimild til að ganga frá. Gögnin voru fyrst kynnt þingmönnum í gær.

Þá eru þingmenn einnig óánægðir með að skýrsla Ríkisendurskoðunar um Vaðlaheiðargöng liggji ekki fyrir.

Þegar þingforseti ákvað í gær að hafa ekki samráð við þingflokksformenn um næstu skref í málinu gengu stjórnarandstöðupingmenn á dyr, sem varð til þess að ekki var nægur fjöldi þingmanna í salnum til að greiða atkvæði um frumvarpið.

Til stendur að gera það klukkan tíu í dag, utan



YFIRGENGILEGT „Þetta var yfirgengilegt þarna í dag,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir um vinnubrögð meirihlutans á Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hefðbundins fundartíma þingsins. Ragnheiður Elín segir sjálfstæðismenn verða upptekna og þingflokksformaður Framsóknarflokks og fulltrúi Hreyfingarinnar sögðu við Vísi í gærkvöldi að ólíklegt væri að þeir myndu láta sjá sig.

- sh



Allt fínt fyrir jólin

Inniseriur verð frá:

299

Útiseriur verð frá:

1.199

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNA

GÆÐIN ERU Í
GRÆNA
KASSANUM

SERÍUR inni og úti

Allt í
Aðventukransinn
í Blómavali um land allt



699

Fersk grenibúnt
Nobilis, Normans, Silkifura og Cypress
10232505/10232504

Jólahlaðborð
Húsasmiðjunnar
Skútuvogi
opið alla daga kl. 18 - 20

Aðeins
1.290 kr

Jólapíramídi
fjórar stærðir

- 30 cm 2713355 **1.490**
- 40 cm 2702150 **1.990**
- 60 cm 2702151 **2.990**
- 90 cm 22354435 **5.990**



Jóla ljós
10233002



1.590

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNA

Gluggaljós

þrjár stærðir, þrjár gerðir

verð frá

799

2702029/061/069




GENGIÐ 16.11.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	117,23	117,79
Sterlingspund	184,7	185,6
Evra	158,16	159,04
Dönsk króna	21,247	20,426
Norsk króna	20,306	20,426
Sænsk króna	17,338	17,44
Japanskt jen	1,5226	1,5316

SDR 183,13 184,23

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,3753

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



BARACK OBAMA OG JULIA GILLARD Forseti Bandaríkjanna og forsætisráðherra Ástralíu.

Obama í Ástralíu:

Segir landa sína ekki óttast Kína

ÁSTRALÍA, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti fullyrðir að Bandaríkjamenn óttast ekki vaxandi mátt Kína.

Þetta sagði hann í Ástralíu í gær, þar sem hann var í heimsókn hjá Julíu Gillard forsætisráðherra.

Í heimsókninni skýrði Obama frá því að 250 bandarískir hermenn yrðu sendir til Ástralíu á næsta ári, og smám saman yrði þeim fjölgað í 2.500.

Obama segir tilganginn vera að styrkja hernaðarsamstarf ríkjanna, en ástæðan sé ekki sú, sem ýmsir hafa talið, að Bandaríkin vilji með þessu sporna við auknum áhrifum Kínverja. - gb

Samræmist ekki háttalagi:

Fordæma hegðun sjómanna

DÓMSMÁL Nemendafélag Stýrimannaskólans í Reykjavík og Skólafélag Vélskóla Íslands fordæma háttalag og hegðun sjómanna fjögurra sem voru dæmdir fyrir að níðast á 13 ára gömlum dreng um borð í skipi.

Í tilkynningu frá félögum segir að þessi framkoma samræmist ekki siðferði og háttalagi íslenskra sjómanna almennt en forðast beri að alhæfa um íslenska sjómannaþétt af atferli einstakra manna. - þeb

4

Hverfandi hlutur inn- og útflutnings Íslands er til landa sem eru í umræðu um upptöku nýs gjaldmiðils:

Hellingur útflutnings Íslands til evruríkja

VIÐSKIPTI Úttekt Hagstofu Íslands sýnir að á síðasta ári fóru 70,5 prósent af útflutningi Íslendinga beint til ríkja Evrópusambandsins. Þar af var hellingur útflutnings til ríkja sem nota evru sem gjaldmiðil. Innflutningur frá ESB-ríkjum var 56,2 prósent af heildarinnflutningi hingað til lands, þar af 27 prósent frá evruríkjum.

Hagstofan gerði úttektina fyrir Já Ísland, sem er sameiginlegur vettvangur Evrópusinna, einstaklinga og samtaka.


Að undanförunu hefur verið nokkur umræða um upptöku Kanada-

dollara sem gjaldmiðils á Íslandi í stað krónu, og hafa verið færð fram ýmis rök með og á móti. Já Ísland telur að einhliða upptöku hvaða gjaldmiðils sem er sé óskynsamlegri en aðild að myntbandalagi við þær þjóðir sem stærstur hluti viðskipta þjóðarinnar sé við.

Séu tölur úr úttekt Hagstofunnar ígrundaðar í samhengi við sambærilegar hagtölur þeirra landa sem helst hafa verið í umræðunni í tengslum við einhliða eða tvíhliða upptöku á annarri mynt kemur í ljós að munurinn er mikill, eins og sést á meðfylgjandi skýringarmynd.-shá

Inn- og útflutningur vöru og þjónustu

2010 eftir löndum



Sýrland rekið úr Arababandalaginu

Einangrun Sýrlands á alþjóðavettvangi verður æ meiri. Frakkar hafa kallað sendiherra sinn heim frá Sýrlandi vegna ítrekaðra árása á sendiráð. Liðhlaupar úr sýrlenska hernum drápu að minnsta kosti átta hermenn í gær.

SÝRLAND „Það sem hefur gerst í Sýrlandi er mjög sorglegt fyrir okkur öll. Við getum ekki sætt okkur við að fólk sé drepð eins og nú er verið að gera. Við erum að grípa til ráðstafana til að stöðva þetta blóðbað,“ sagði Hamad bin Jassim, utanríkisráðherra Katar, á fundi Arababandalagsins í Marokkó í gær. „Sýrlenska stjórnin verður að fallast á áætlun Arababandalagsins.“

Katar hefur tekið forystu innan Arababandalagsins um aðgerðir gegn Bashar al-Assad Sýrlandsforseta, sem heldur áfram að senda her og lögreglu á mótmælendur með hrikalegum afleiðingum.

Á fundi sínum í gær staðfesti Arababandalagið formlega brottvísun Sýrlands úr samtökunum. Assad Sýrlandsforseti hefur brugðist ókvæða við brottvísuninni, enda óttast Sýrlandsstjórn að Bandaríkin og fleiri ríki muni notfæra sér þessa eindregnu afstöðu Arababandalagsins til þess að knýja fram frekari refsiaðgerðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Rússar og Kínverjar, sem hafa neitunarvald í öryggisráðinu, hafa til þessa staðið harðir gegn frekari refsiaðgerðum en gætu átt erfiðara með það í ljósi afstöðu Arababandalagsins.

Sýrland hefur einangrast hratt á alþjóðavettvangi undanfarið vegna þess hve hart hefur verið tekið á mótmælendum. Meira að segja Tyrkland, sem hefur til þessa verið í góðum tengslum við Sýrland, hefur boðað eigin



HAMAD BIN JASSIM Utanríkisráðherra Katar á fundi Arababandalagsins í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Við getum ekki sætt okkur við að fólk sé drepð eins og nú er verið að gera.

HAMAD BIN JASSIM
UTANRÍKISRÁÐHERRA KATAR

refsiaðgerðir. Tyrkir hafa hætt við þátttöku í olíuleit í Sýrlandi og hóta auk þess að skrúfa fyrir rafmagn sem Sýrlendingar hafa fengið frá Tyrklandi.

Síðast í gær kölluðu frönsk stjórnvöld sendiherra sinn heim frá Sýrlandi, ekki síst vegna tíðra

árása stuðningsmanna sýrlensku stjórnarinnar á sendiráð og sendifulltrúa Frakklands, Bandaríkjanna og fleiri landa.

Vel á fjórða þúsund manna hafa nú látið lífið í átökum í Sýrlandi síðan mótælin gegn Assad forseta hófust fyrir átta mánuðum.

Nú síðast hafa liðhlaupar í sýrlenska hernum blandað sér í átökin. Hópur þeirra réðst í gær á herstöðvar og eftirlitsstöðvar í nágrenni höfuðborgarinnar Damaskus og í héraðinu Homa, þar sem uppreisnir hefur verið einna öflugust. Að minnsta kosti átta hermenn létu lífið í þeim árasum. gudsteinn@frettabladid.is

Traustyfirlýsing samþykkt: Papademos fær stuðning þings

GRIKKLAND, AP Gríska þjóðþingið samþykkti í gær traustyfirlýsingu til nýju samsteypustjórnarinnar, sem tók við af stjórn Georgs Papandreú í síðustu viku.

Stjórnin fær nokkrar vikur til þess að hrinda í framkvæmd erfiðum og óvinsælum aðhaldsaðgerðum í tengslum við björgunarpakka Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

„Það eru engar töfralausnir til,“ sagði nýi forsætisráðherrann, Lúkas Papademos, áður en þingmenn greiddu atkvæði. - gb

LÚKAS
PAPADEMOS

Átti að fara til Írans en ekki Íraks:

Vísuðu manni til rangs lands

SVÍPJÓÐ Sænskir lögreglumenn sem áttu að vísa manni burt úr landinu og til Írans sendu hann í staðinn til Íraks. Þar á hann nú yfir höfði sér fimmtán ára fangelsi fyrir að segjast vera ríkisborgari þar. Þetta kom fram í sænskum fjölmiðlum í gær.

Óljóst er hvers vegna maðurinn var sendur í rangt land, en málið hefur verið tilkynnt umboðsmanni sænska þingsins.

Maðurinn er 53 ára og fæddist í Írak. Honum var vísað úr landinu þegar Saddam Hussein var við völd. Hann gerðist í kjölfarið íranskur ríkisborgari. Maðurinn situr nú í fangelsi í Bagdad í Írak. - þeb

15% AFSLÁTTUR

Nicorette Fruitmint

15% afsláttur af öllum pakkningastærðum til 15. desember

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíó mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

VEDURSPÁ

Elisabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

PRÝÐISGOTT
Spáin fyrir næstu daga er prýðisgóð, yfirleitt úrkomulítið og vindur fremur hægur. Það kólnar lítið eitt en áfram nokkuð milt í veðri. Litur út fyrir sunnanstrekking með vætu seint á laugardag eða sunnudag og kólnandi veður eftir helgi.

Á MORGUN 5-10 m/s.

LAUGARDAGUR Sunnan strekkingur síðdegis.

HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	8°
Berlín	3°
Billund	4°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	23°
London	13°
Mallorca	19°
New York	9°
Orlando	26°
Ósló	0°
París	12°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

38

Nr. 38: Nýr umræðuvefur um efnahags- og fjármál

ADGERDIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU



Sigurður B. Stefánsson ritstjóri Dagbók Eignastýringar á Umræðunni.

Landsbankinn þinn er heiti á stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Landsbankinn opnar nýjan umræðuvef um fjármál

Landsbankinn vill stuðla að og taka virkan þátt í málefnalegri umræðu um efnahagslífið og fjármál fyrirtækja og einstaklinga. Framlag okkar er opnun nýs vefsvæðis sem ber heitið Umræðan.

Lifandi umræða

Á Umræðunni munu sérfræðingar utan sem innan bankans birta greinar og skiptast á skoðunum um málefni dagsins á innlendum og erlendum vettvangi. Markmiðið er að til verði lifandi vettvangur fyrir þá sem vilja fylgjast með faglegri umfjöllun um efnahagsmál.

Athyglisverðir gestapennar

Fjöldmargir erlendir gestapennar verða á Umræðunni auk íslenskra sérfræðinga, s.s. Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við HÍ, Brynhildur Davíðsdóttir,

Erlendir sérfræðingar á Umræðunni

Nouriel Roubini, prófessor við Stern School, NYU
Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði
Jeffrey D. Sachs, prófessor við Columbia University
George Soros, fjárfestir og stofnandi Open Society Foundation
José Antonio Ocampo, prófessor við Columbia University
Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS
Gordon Brown, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands
Xavier Vives, prófessor við IESE Business School í Barcelona

lektor við HÍ, Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við HÍ og Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs.

Umræðan lítur dagsins ljós samhliða opnun á nýjum

vef Landsbankans. Vefnum er nú skipt upp í þrjú svæði: Vöru- og þjónustuvef fyrir einstaklinga og fyrirtæki; upplýsingavef um bankann, afkomu, skipulag og starfsemi; auk Umræðunnar.



KJÖRKASSINN



Fylgist þú með fréttalutningi af fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik?

JÁ 48,3%
NEI 51,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er hugmynd um endurreisn miðaldadómkirkju í Skálholti góð að þínu mati?

Segðu skoðun þína á visir.is

Eigendur og starfsfólk útgerðarfélagss skips harma niðingsskap gegn dreng: Er ólíðandi og ófyrirgefandlegt

DÓMSMÁL „Eigendur og starfsfólk útgerðarfélagss Saltvers ehf. eru harma slegnir yfir þeirri kynferðislegu áreitni sem 13 ára gamall drengur varð fyrir um borð í skipi félagsins sumarið 2010 og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum undanfarna daga.“

Svo segir í yfirlýsingu útgerðarfélagss Saltvers sem send var út í gær. Jafnframt segir að um leið og fyrirtækið hafi heyrt mála-vöxtu hafi verið gripið til viðeigandi ráðstafana. „Enginn hinna dæmdu er lengur í starfi hjá útgerðinni enda háttarni þeirra



VEIÐIFERÐ Athæfið gegn drengnum þykir kvikindislegt. MYNDIN ER ÚR SAFNI.

með öllu ólíðandi og ófyrirgefandlegt,“ segir enn fremur. „Samúð okkar er með fórnarlambinu og fjölskyldu hans.“

Skipverjarnir fjórir voru dæmd-

ir í Héraðsdómi Reykjaness fyrir kynferðislegt og kvikindislegt athæfi gegn drengnum, meðan hann var með föður sínum í nokkurra daga veiðiferð á skipinu Erlingi KE-140.

Eftir viðtöl hjá sálfræðingi í Barnahúsi kom fram í vottorði, sem lagt var fyrir dóminn, að sjóferðin hefði tekið verulega á drenginn. Hann hefði verið niðurlægður með orðum og gerðum, auk þess sem hann hefði orðið að þola ýmiss konar áreitni, sem hefði meitt hann og gert hann verulega hræddan, jafnvel um líf sitt.

- jss

Hálka veldur usla í Danmörku: Tveir slösuðust í hálkuslysum

DANMÖRK Tveir menn slösuðust illa í umferðarslysum á Norður-Jótlandi í gærmorgun, en fyrsta hálka vetrarins gerði öikumönnu-um lífið leitt.

Þar á meðal rann vörubíll inn á hringtorg í nágrenni Álalborgar og lenti á fólksbíl með þeim afleiðingum að farþegi í bílnum slasaðist lífshættulega.

Lögreglan sagði að nú væri kominn tími til að skipta yfir á vetrardekk til að koma í veg fyrir frekari óhöpp af þessu tagi.

- þj

iPhone iPad



Áttu iPhone eða iPad og langar að nýta tækið til fulls? Bjóðum upp á tveggja kvölda námskeið 21. og 23. nóvember þar sem farið er yfir öll helstu atriði við notkun á tækjunum.

Kennari: Jónas Óli Jónasson. **Verð:** 9.500 kr.

Skráning og nánari upplýsingar:

www.tskoli.is | endurmenntun@tskoli.is | sími: 514 9602

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Garður vill kaupa land á 150 milljónir

Sveitarfélagið Garður vinnur að því að festa kaup á stóru landsvæði sem hluti bæjarins stendur á. Bæjarstjóri segir málið hafa sett strik í reikninginn í fráveitumálum. Nefndarmanni á vegum meirihlutans finnst kaupverð of hátt.

GARÐUR Sveitarfélagið Garður áformar að festa kaup á landi Gerða, sem hluti bæjarins liggur á. Það er meðal annars hugsað í þeim tilgangi að liðka fyrir fráveituförum, að sögn Ásmundar Friðrikssonar bæjarstjóra.

Ásmundur segir að viðræður um kaup á landi Gerða, sem er alls um 75 hektarar að flatarmáli, hafi staðið með hléum frá árinu 2009.

„Við gerðum eigendum tilboð í fyrravor sem þeir sættu sig ekki við. Þegar upp úr þeim viðræðum slitnaði stóð bærinn í fráveituförum sem voru langt komnar og fyrirhuguð leið lá um land Gerða. Eftir þetta gáfu landeigendur okkur hins vegar ekki lengur færi á að fara í gegnum landið. Það reyndi í raun aldrei á það því lögfræðingur okkar sagði að við gætum ekki farið yfir gegn vilja landeigendanna.“

Ásmundur segir viðræður aftur hafa farið í gang í ár. Þá var þeim möguleika velt upp að bærinn keypti aðeins þann hluta landsins sem þyrfti fyrir lagnirnar.

„Síðsumars kemur svo aftur upp hugmynd um að kaupa allt landið til að leysa þennan hnút, en grunnskólinn og fleiri byggingar eru á þessu landi. Eftir smá þreifingar komust menn niður á að landið yrði keypt á 232 milljónir.“

Þrír eigendur eru að landinu, en tilboðið sem bænum var gert í síðasta mánuði var aðeins frá tveimur þeirra og óvist hvort sá þriðji vill selja. Ásmundur segir að mögulega verði fest kaup á tveimur þriðju landsins, þá á um það bil 150 milljónir króna.

Eins og fram kom í fréttum



FRÁ GARÐI Sveitarfélagið Garður hyggst kaupa land sem hluti bæjarins stendur á. Kaupverð gæti verið frá 150 milljónum upp í 232. Ekki er eining innan meirihlutans um kaupverðið, sem nefndarmanni þótti of hátt.

MYND/LOFTMYNDIR

Fellt í nefnd en sent til bæjarráðs

Fyrirhuguð kaup bæjarins á landi Gerða voru til umræðu í landakaupanefnd sveitarfélagsins á þriðjudag þar sem tillagan var felld, en annar af tveimur fulltrúum meirihlutans greiddi atkvæði gegn kaupunum þar sem honum þótti verðið of hátt. Ásmundur bæjarstjóri segir það ekki munu setja strik í reikninginn.

„Hann vill ekki kaupa landið á þessu verði en það breytir því ekki að meirihluti bæjarstjórnar vill kaupa landið.“

fyrir í vikunni kom upp E. coli-mengun í neysluvatni bæjarins, sem síðar hefur verið unnin bót á.

Ásmundur segir að mögulega séu tengsl milli landamálanna og þeirrar uppákomu.

„Það orsakaðist hins vegar af stíflu í fráveitukerfinu og hefði allt eins getað komið upp þótt við hefðum náð að klára framkvæmdirnar.“ Hann segir bæjarráð munu taka afstöðu til tilboðanna á fundi í næstu viku og það verði

væntanlega klárað í bæjarstjórn hinn 7. desember.

Enn hefur ekki verið ákveðið hvernig fyrirhuguð kaup verða fjármögðuð, en Garður gæti annað hvort tekið lán eða greitt með fjármunum sem bærinn á.

Aðspurður segist Ásmundur vera feginn því að farið sé að sjá fyrir endann á málinu.

„Það er eitt af stóru málunum hér í Garði að sveitarfélagið eignist bæjarlandið og við vinnum að því sleitulaust.“ thorgils@frettabladid.is

Kynning
á Burt's Bees vörum
í dag kl. 16-18

20% kynningar afsláttur

Opið: mán - fös 8.30-18
Suðurlandsbraut 22 | www.heilsuver.is

Heilsuver

NÝTT!
Nicotinell Tropical Fruit

15% AFSLATTUR

Gildir út nóvember

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Lyfjaval Bílaapótek Hæðarsmára
Mjódd • Álftamýri

APÓTEK Lyfjaval.is • sími 577 1160

ESB hættir við sýningu eigin heimildarmyndar um tvo kvenfanga í Afganistan: Fórnarlömb ofbeldis í fangelsi

AFGANISTAN, AP Heimildarmynd sem Evrópusambandið lét gera um konur í fangelsum í Afganistan verður ekki sýnd – að sögn af ötta við að sýningin gæti stefnt öryggi kvennanna í hættu.

Ákvörðunin hefur samt verið gagnrýnd fyrir það að þarna hafi Evrópusambandið látið undan pólitískum þrýstingi og fórn að málstað kvenréttinda til þess að skaða ekki tengslin við stjórnvöld í Afganistan.

Í myndinni er sögð saga tveggja kvenna. Önnur afplánar tólf ára fangelsisdóm sem hún fékk fyrir þann „glæp“ einan að henni var nauðgað. Hin situr í fangelsi vegna þess að hún flúði frá eiginmanni sínum, sem hafði beitt hana grófu ofbeldi.

Heather Barr, sem starfar hjá mannréttindasamtökunum Human Rights Watch, vinnur að rannsókn á fangavist kvenna í Afganistan. Hún segir málum af þessu tagi hafa fjölgað. Breytingar sem gerðar hafi verið á réttarkerfi landsins virðist hafa gert illt verra, því konur hafi sumar hverjar treyst því að staða þeirra myndi batna – en meintar umbætur hafi í mörgum tilvikum reynst innantóm loforð. - gb



KONA Í AFGÖNSKU FANGELSI Umbætur á réttarkerfi landsins reyndust innantóm loforð. NORDICPHOTOS/AFP

NÝTT
VISATÍMABIL



BARNADAGAR 20% AFSLÁTTUR

af öllum leikföngum
...barnafatnaði ...barnaskóm
17. - 20. nóvember

20%
AFSLÁTTUR
af öllum
barnafatnaði

20%
AFSLÁTTUR
af öllum
leikföngum



tilboð
2.990,-
fullt verð 3.490,-



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRÉTTAVIDTAL: Eirin Kristin Kjær lifði af skotárásina í Útey og dvelur nú á Höfn í Hornafirði

Breivik er bara lítill maður – ekki skrímsli

Eirin Kristin Kjær var skotin fjórum sinnum í Útey fyrir fjórum mánuðum. Nú er hún komin á sitt annað heimili – til Hafnar í Hornafirði. „Ég er ekki lengur hrædd við að deyja,“ segir Eirin, sem er ekki reið Anders Behring Breivik og mundi vilja tala við hann.

„Ég var alveg viss um að ég mundi deyja, ég sat bara og beiddi eftir því,“ segir Eirin Kristin Kjær, nítján ára stúlka frá Tromsø í Noregi, sem hvílast nú hjá fósturfjölskyldu sinni á Höfn í Hornafirði eftir að hafa verið hætt komin í árásinni í Útey í sumar.

Eirin var skiptinemi á Íslandi frá 2009 til 2010, gekk í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu, og hefur síðan haldið góðu sambandi við fósturfjölskyldu sína hér á landi.

Flúði helsærð niður bratta skriðu

Í júlí síðastliðnum, nánar tiltekið hinn 22. þess mánaðar, var Eirin stödd í sumarþúðum ungliðahreyfingar Verkamannaflokksins í Útey þegar hinn 32 ára Anders Behring Breivik gekk þar á land og hóf skothríf á ungmennin. Þegar Breivik var loksins handsamaður lágu 69 í valnum.

Eirin stökk ásamt fleira fólki á flötta af tjaldsvæðinu á eyrni miðri rétt eftir að árásin hófst. Breivik elti og skaut hana fjórum sinnum, fyrst í kviðinn, næst í handlegginn, því næst í fótinn og að lokum undir höndina. Eirin komst helsærð niður snarbratta grjótskriðu ásamt vinkonu sinni og faldi sig þar undir klettavegg við vatnið.

„Vinkona mín hafði líka verið skotin og ég þurfti að toga hana með mér. Þetta var mikið vesen,“ segir Eirin. Hún talar íslensku, enda gekk hún hér í skóla í heilan vetur og fékk þar engu auðveldari verkefni til úrlausnar en heimamenn.

Skömmu síðar gekk morðinginn aftur framhjá vinkonunum en lét þær í friði. Eirin getur sér þess til að þær hafi verið svo illa særðar að Breivik hafi talið þær látnar.

Reyndi að kveðja mömmu

Eirin sat ásamt vinkonu sinni og beiddi dauðans í tvær klukkustundir áður en hjálp barst. „Ég gerði ekki neitt, ég bara beiddi. Ég talaði reyndar í símann við mömmu.“ Það hafi verið erfitt samtál. Hún hafi reynt að kveðja móður sína í hinsta sinn en móðir hennar hafi neitað að gefast upp og reynt að stappa í hana stálinu. Henni hafi blætt mikið en þó hafi hún verið skýr í hugsun allan tímann.

Það hafi síðan verið um klukkan hálfátta sem lögreglumaður fann



BJARGVÆTTURINN Eirin fékk mynd af sér með lögreglumanninum Hákon Wal, þeim sem fann hana lífs í Útey.

vinkonurnar, kom þeim í bát og í land. „Þá var ég viss um að ég mundi bjargast,“ segir Eirin.

Hún var á spítala í rúman mánuð, fyrst í Ósló og svo í þrjá daga í Tromsø, og gekkst undir ellefu aðgerðir. Bæði hún og vinkonan sem hún faldi sig með komust lífs af úr árásinni, en ekki voru allir vinir hennar svo heppnir. Af um fjörutíu manna hópi frá Tromsø sem Eirin fór með til Úteyjar skaut Breivik tíu og af þeim létust fjórir piltar.

Getur ekki grátið

Eirin segir að fyrst á eftir hafi hún ekki verið til stórræðanna. „Ég var bara heima og nennti ekki að gera neitt. Mér var alveg sama um allt. Þegar ég var farin að geta labbað svolítið og keyrt bíl, og ég fann að mér var farið að batna, þá varð allt strax betra,“ segir hún.

Hún hefur farið til sálfræðings eins og aðrir sem í eyrni voru og er að



KONUNGLEG HEIMSÓKN Eirin segir það hafa verið mjög gaman að fá Sonju drottningu í heimsókn. MYND/EIRIN KRISTIN KJÆR

Fékk safa og sultu frá drottningunni

Þegar Eirin hafði verið í mánuð á sjúkrahúsi fékk hún heimsókn frá Sonju Noregsdrottningu og fjölskyldu hennar, sem sjálf var stödd á spítalanum. Þá voru flest fórnarlömb árásarinnar útskrifuð og aðeins örfáir eftir.

„Það var mjög gaman,“ segir Eirin. „Hún færði mér meira að segja gjöf.“ Í bögglinum hafi verið safi, sultur og kekkukur, allt heimatilbúið í eldhúsi drottningarinnar.

vonum enn að jafna sig. „Ég get ekki grátið yfir því sem kom fyrir mig af því að fólk sem ég þekkti mjög vel kom ekki heim. Það er svolítið skrýtið, en ég verð bara að jafna mig á því sem kom fyrir sjálfa mig fyrst og vinna úr öllu hinu seinna.“

Fór á æfingu með Sindra í gær

Eirin eignaðist góða vini fyrir austan þegar hún var hér í skiptinámi og eftir árásirnar átti hún í miklum samskiptum við þá í gegnum Facebook. Fyrir árásina spilaði hún mikið fótbolta, og hún æfði með Sindra á Hornafirði þegar hún var hér í námi. Og þótt hún hafi ekki lent hér á landi fyrr en í fyrrinótt var hún mætt á æfingu hjá Sindra í gærkvöldi – bara til að fylgjast með, meira ræður hún enn ekki við.

Ekki lengur hrædd við að deyja

Atburðirnir í júlí höfðu vitaskuld djúpstæð áhrif á alla sem komu nærri þeim en Eirin segir þó að þeir hafi ekki breytt henni eða viðhorfi hennar til lífsins nema lítillega. „Ég er ekki lengur hrædd við að deyja, en það er ekki margt annað sem hefur breyst. Mér finnst reyndar mikilvægara en áður að verja tíma með vinum og fjölskyldu, og líka fólki sem var með mér í Útey. Það er ógeðslega gott að vera með þeim. Við hittumst mjög mikið.“

Tala þau þá um árásina?

„Það kemur fyrir. Við erum stundum að tala um eitthvað mjög skemmtilegt og förum svo allt í einu út í umræður um árásina, hvað gerðist, hvað fólk

sagði, hvert við hlupum, og rifjum upp hvað gerðist þegar vinir okkar voru skotnir og hvað þeir sögðu áður en þeir dóu,“ segir hún. „Það er ekkert mál.“

Árásin hefur ekki dregið úr áhuga hennar á pólitík. Þvert á móti, því 12. september síðastliðinn hlaut hún örugga kosningu í sveitarstjórn í heimahögunum fyrir Verkamannaflokkinn.

Langar mest að ræða við Breivik

Anders Behring Breivik var leiddur fyrir rétt á mánudag þar sem gæsluvarðhald yfir honum var framlengt. Eirin segir að þótt hún fylgist nokkuð vel með því sem gerist í málinu hafi hún enga skoðun á því hvernig eigi að refsja morðingjanum.

„Ég hugsa ekki um hann. Ég er ekki reið eða neitt, ég nenni bara ekki að eyða tíma í að hugsa um hann.“

Hún ætli samt að vera viðstödd réttarhöldin yfir honum næsta vor. „Mig langar mjög mikið að sjá hann og segja við hann: Haha, ég er lifandi. Mig langar reyndar mest að ræða við hann, en ég held að það sé ekki hægt. Mig langar að tala við hann sem manneskju, spyrja hann hvað hann sé og af hverju. Því að við vorum bara unglingar í sumarfrí.“ Hún segist nánast verkenna honum. „Hann er bara mjög lítill maður, ekki skrímsli.“

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is



Rafrænir greiðsluseðlar

Frá og með næstu mánaðamótum verða greiðsluseðlar vegna innheimtu Reykjavíkurborgar og undirstofnana hennar ekki sendir út til einstaklinga, 18-67 ára. Greiðendur geta þess í stað skoðað rafræna greiðsluseðla í heimabönkum sínum.

Peir sem sérstaklega óska eftir að fá senda greiðsluseðla geta pantað þá á Rafrænni Reykjavík á www.reykjavik.is. Peir sem eru skráðir í Rafræna Reykjavík fá reikninga frá Reykjavíkurborg senda með tölvupósti.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplýsingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

NÝTT KORTATÍMABIL

Opið 9 til 22

Sprengidagur

25%

AFSLÁTTUR

af öllum vörum

NEMA 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

Morgunhanatilboð
40% AFSLÁTTUR
af öllum DEBENHAMS
snyrtivörum (Ruby Hanner
og Floozie)



40% afsláttur

af völdum vörum á
morgunhanatilboði
frá kl. 9-12

ESPRIT
Peysa



Fullt verð 6.990
Morgunhanatilboð = **4.194,-**

Minimizer brjóstahaldari



Fullt verð 6.990
Morgunhanatilboð = **4.194,-**

Pineapple
Velour
Heimagalli



Jakki

Fullt verð 7.990
Morgunhanatilboð = **4.794,-**

Jólatré
1,5 m



Fullt verð 7.990
Morgunhanatilboð = **4.794,-**

Morgunhanatilboð
40% AFSLÁTTUR
af öllum
knöllum



Allar dömuyfirhafnir*



40% AFSLÁTTUR

Dæmi:
Pinapple
dömuúlpa

Fullt verð 19.990
Morgunhanatilboð = **11.994,-**

*Gildir ekki af Warehouse

Nærbuxur 5 í pakka



Fullt verð 2.290
Morgunhanatilboð = **1.374,-**

Pineapple
Velour
Heimagalli



Buxur

Fullt verð 6.990
Morgunhanatilboð = **4.893,-**

Náttslöppur til í rauðu
og kremuðu



Fullt verð 7.990
Morgunhanatilboð = **4.794,-**

Morgunhanatilboð
40% AFSLÁTTUR
af öllum
herra-
bindum



Red Herring
V-háls málspeysur



margir
litir

Fullt verð 5.990
Morgunhanatilboð = **3.594,-**

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

FÓKUS

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hversu háum greiðslum hefur Landsvirkjun skilað til ríkisins frá árinu 1965?
- 2 Með hvaða félagi mun knattspyrnumaðurinn Ólafur Örn Bjarnason leika næstu tvö árin?
- 3 Hvaða listsköpun sneri rithöfundurinn Vigdís Grímsdóttir sér að þegar hún lenti í ritstíflu?

SVÖR
Grímsdóttir, V. Listmálin.
1. 110 milljónum dala. 2. Með

Arftaki Berlusconi verður bæði forsætisráðherra og efnahagsráðherra Ítalíu:

Sérfræðingastjórn tekur við

ÍTALÍA, AP Hagfræðingurinn Mario Monti kynnti í gær ríkisstjórn sína, sem ekki er skipuð neinum atvinnustjórnáráðgjafum. Sjálfur ætla hann að vera bæði forsætisráðherra og efnahagsráðherra, en aðrir ráðherrar koma úr röðum bankamanna, háskólanna, stjórnarindrekka og framkvæmdastjóra stórfyrirtækja.

Monti sagðist ætla að kynna á þingi í dag áform sín um niðurskurð og aðhald í ríkisfjármálum, þær fórnir sem lagðar yrðu á þjóðina til að koma Ítalíu í gegnum þá efnahagsferfiðleika sem



MARIO MONTI KYNNTI STJÓRNINA Stefna nýju stjórnarinnar verður kynnt á þingi í dag. NORDICPHOTOS/AFP

öguna stöðugleika og framtíð alls evrusvæðisins.

Ríkisskuldur Ítalíu nema 1,9 milljörðum evra, eða 304 milljörðum króna, en sú fjárhæð nemur 120 prósentum af þjóðarframleiðslu.

Allt fram á síðasta sumar virtist Ítalía ætla að sleppa við efnahagsvandræðin sem herjuðu á önnur skuldug evruríki. En þegar endalaust virtist ætla að dragast á langinn að stjórn Silvio Berlusconi kæmi í framkvæmd þeim efnahagsbótum sem hann hafði lofað misstu markaðir trú á Ítalíu.

- gb

Ákærður fyrir fjádrátt:

Stuldur í Leifsstöð fyrir dóm

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir fjádrátt.

Honum er gefið að sök að hafa sem starfsmaður í verslun 10-11, Hraðkaupum, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar dregið sér samtals 155.500 krónur með því að gera bakfærslur í búðarkassa undir því yfirskyni að verið væri að skila símakortum. Einkaréttarkrafa er gerð í málinu þess efnis að manningum verði gert að greiða fyrirtækinu skaðabætur upp á 107.579 krónur.

- jss

DÓMSMÁL

Ákærður fyrir fjásvik

Karlmaður hefur verið ákærður fyrir að svíkja um tvö hundruð þúsund krónur út á stolið greiðslukort. Með kortinu greiddi hann fyrir vörur upp á um 150 þúsund í Byko í Reykjavík og upp á tæplega 65 þúsund krónur í verslun N1 í Reykjavík.

VIÐSKIPTI

Vöruskipti voru jákvæð

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands voru vöruskipti við útlönd í október, reiknuð á fob, jákvæð um 8,1 milljarð króna. Útflutningur nam 52,7 milljörðum króna og innflutningur tæpum 44,7 milljörðum króna.

Afkoma ríkissjóðs verri um 4 milljarða

Bæði útgjöld og tekjur ríkisins árið 2011 verða hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Heildarstaða ríkissjóðs versnar um fjóra milljarða. Greidd verða atkvæði um lögin í dag. Mun minni hækkun frá fjárlögum en undanfarin ár.

FRÉTTASKÝRING

Hvað felst í fjárlögum?

Fjárlög voru til þriðju umræðu á Alþingi í gær en boðað hefur verið til atkvæðagreiðslu í þinginu í dag. Þegar hefur hluti þeirra verið samþykktur og ekki er útlit fyrir annað en að frumvarpið verði að lögum í dag.

Í fjárlögum er að finna þær aukafjárveitingar sem ríkisstjórnin hefur lofað eða hyggst lofa frá því að fjárlög eru samþykkt, en þau eru samþykkt fyrir áramót ársins á undan. Því hærri sem fjárveitingarnar eru í fjárlögum, þeim mun meiri frávik eru frá fjárlögum og þeim mun minni agi í fjármálum ríkissjóðs.

„Aukafjárveitingar eiga að heyrta til undantekninga og eru í flestum tilvikum til þess að mæta útgjöldum vegna atvika sem ekki var hægt að sjá fyrir þegar fjárlög voru sett,“ segir í orðskýringum á Ríkiskassanum, vefsíðu um efnahagsmál.

Sú venja hefur hins vegar skapast að umfangsmiklar fjárveitingar er að finna í fjárlögum. Heldur hefur dregið úr því og á árunum 2003 til 2007 námu fjárlög að meðaltali um 6 prósentum af samþykktum fjárlögum hvers árs, að því er kemur fram í umsögn Ríkisendurskoðunar um fjárlagafrumvarpið.

Frumvarp til fjárlagala 2011 gerir ráð fyrir hækkun útgjalda upp á 2,8 prósent frá fjárlögum. Ríkisendurskoðun telur þetta merkja að meiri aga gæti nú en oftast áður þegar kemur að nýjum útgjöldum í fjárlögum. Engu að síður telur stofnunin að aukning útgjalda sé nokkuð mikil þegar horft er til þess að í fjárlögum ársins voru 4,8 milljarðar ætlaðir í ófyrirséð útgjöld.

Stærstu útgjaldaliðir á fjárlaga-



MANNLÍF Kjarasamningar ríkisstarfsmanna þýða 13,7 milljarða útgjaldaauka fyrir ríkissjóð miðað við fjárlög 2011. Í heildina aukast útgjöld um 14,2 milljarða en tekjur um 10,2 milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Vaðlaheiðargöng, SpKef og Byr

Fjármálaráðherra eru veittar ýmsar heimildir samkvæmt fjárlögum, til sölu og kaupa á fasteignum og hlutum ríkisins, auk ýmiss annars. Sagt hefur verið frá kaupum á eignarhluta Reykjanesbæjar í jörðum og auðlindum suður með sjó. Þá veitir frumvarpið fjármálaráðherra heimild til að taka lán fyrir hönd Vaðlaheiðarganga ehf., vegna lagningar samnefndra ganga.

Frumvarpið veitir ráðherra einnig heimild til að ganga frá uppgjöri og greiðslu til Landsbankans vegna mismunandi mats á SpKef og til að selja eignarhlut ríkisins í Byr hf. Auk þess er stofnfjárloforð íslenska ríkisins í Endurreisnar- og Þróunarbankanum um allt að 9 milljónir evra samþykkt, auk stofnfjárloforðs í Þróunarbanka Evrópuráðsins um allt að 4,06 milljónir evra.

lögum lúta að aðgerðum vegna kjarasamninga. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir því að laun ríkisstarfsmanna og bætur bótaþega héldust óbreytt árið 2011 en myndu hækka um 2 prósent árið 2012. Þessar forsendur standast ekki, þar sem launakostnaður ríkisstarfsmanna mun hækka um 5 prósent á árinu 2011 og bætur um 8,1 prósent.

Því til viðbótar fengu bóta- og launþegar 75 þúsund króna eingreiðslu á árinu sem ekki var

reiknað með í fyrri áætlun. Reiknað er með að kjarasamningarnir þýði 13,7 milljarða króna útgjaldaaukningu. Alls er gert ráð fyrir því að fjárheimildir ríkissjóðs verði hækkaðar um 14,2 milljarða króna.

Á tekjuhljóðinu munar mestu um 9,4 milljarða króna hærri skatttekjur, en alls eru tekjur 10,2 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir. Það þýðir 4 milljarða króna verri stöðu en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

kolbeinn@frettabladid.is

Vilt þú dansa Zumba og komast í form?

Einföld spor, skemmtileg tónlist og góður félagsskapur

- Pri og fim kl. 17:30
- Hefst 29. nóvember - 4 vikur
- Verð kr. 11.900 eða 7.900 í áskrift



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is

Skráðu þig strax í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins

Verður haldinn laugardaginn 19. nóvember frá kl. 13 - 16 í húsi Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9.

Á boðstólum verða fallegir handunnir munir er tengjast jölunum og heimabakaðar gómsætar kökur.

Kaffisala.

Verið velkomin.

Ágóði af sölnni rennur til Félags nýrnasjúkra/nýrnasjúkra barna.



Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

Leyfishafanámskeið leigubílstjóra

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir rekstrarleyfisnámskeiði fyrir leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd dagana 21. til 25. nóvember n.k.

Þátttaka tilkynnist fyrir 18. nóvember til Ökuskólans í Mjódd í síma 567-0300



netto

Kræsingar & kostakjör...
...um jólin

UNDIRBÚNINGUR FYRIR JÓLIN

40%
afsláttur



HAMBORGAR-
HRYGGUR

1.199 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

NAUTAPOTTRÉTTUR FERSKUR

25%
afsláttur

1.499 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

LAMBAPRIME FERSKT



2.980 kr/kg

áður 3.898 kr/kg

BAYONNESKINKA

35%
afsláttur



1.298 kr/kg

áður 1.989 kr/kg

KALKÚNN FRANSKUR



1.195 kr/kg

áður 1.398 kr/kg

KJÚKLINGAHAKK

30%
afsláttur

559 kr/kg

áður 798 kr/kg

PEKAN HNETUSTYKKI
*BAKAÐ Á STAÐNUM

31%
afsláttur



149 kr/stk.

áður 214 kr/stk.

APPELSÍNUR Í LAUSU

Lungnakrabbamein er stórt heilbrigðisvandamál hér á landi, líkt og annars staðar í heiminum, og það krabbamein sem leggur flesta Íslendinga að velli. Lungnakrabbamein er oft erfitt viðureignar en batahorfur ráðast mest af útbreiðslu sjúkdómsins, þ.e. hvort meinið er bundið við lungun og brjóstholið eða hefur dreift sér til annarra líffæra. Því miður greinast sjúklingar oft seint, en tveir af hverjum þremur sjúklingum hafa við greiningu dreifðan sjúkdóm.

Þetta á sinn þátt í því að fleiri deyja af völdum lungnakrabbameins en úr nokkru öðru krabbameini, eða í kringum 130 einstaklingar á ári. Til samanburðar létust 16 Íslendingar í umferðarslysum árið 2008 og í kringum 50 manns úr þriðja algengasta krabbameininu, ristilkrabbameini, sem aftur undirstrikar hversu stórt vandamál lungnakrabbamein er.

Á síðasta áratug hafa orðið tölurverðar framfarir í greiningu og meðferð lungnakrabbameins sem vekja vonir um bættan árangur, ekki síst hjá sjúklingum sem ekki hafa staðbundinn sjúkdóm. Hér má nefna ný og öflugri krabbameinslyf og ný meðferðarúræði eins og frýstingu og hitameðferð lungnaæxla. Hins vegar hefur skimun áhættuhópa, t.d. þeirra sem reykja og eru komnir yfir miðjan aldur, með háskerpu tölvusneiðmynda-tækjum ekki staðið undir væntingum. Þá er reynt að greina meinin á byrjunarstigi og bæta þannig horfur sjúklinga, en slík skimun er dýr og virðist ekki svara kostnaði.

Rúmlega fjórðungur lungnakrabbameinssjúklinga gengst undir skurðaðgerð þar sem meinið er fjarlægð úr lunganu, en brott-nám æxlisins er forsenda lækningar. Hlutfall sjúklinga sem gangast undir skurðaðgerð er herra hér á landi en víða erlendis og sífellt fleiri sjúklingar eru teknir í aðgerð. Auk þess hafa íslenskar rannsóknir sýnt að árangur þessara skurðaðgerða er mjög góður hér á landi og er það ánægjuleg staðreynd. Ræður þar miklu að framfarir hafa orðið í skurðlækningum og svæfingum en einnig eru myndrannsóknir fyrir aðgerð orðnar nákvæmari.

En alltaf má gera betur og brýnt er að bæta árangur skurðmeðferðar enn frekar. Kortlagning

á útbreiðslu sjúkdómsins fyrir aðgerð er afar mikilvæg í þessu tilliti. Meta verður hvort krabbameinið hafi borist í eitla í nágrenni lungans, en þá verður auk skurðaðgerðar að beita krabbameinslyfjameðferð til að komast fyrir sjúkdóminni. Á síðustu árum hafa margvíslegar tækninýjungar komið fram og má þar helst nefna jáeindaskanna og sýnatök úr eitlum með vélinda- og berkju-ómsjá (EUS/EBUS).

Erlendis eru báðar rannsóknirnar orðnar fastur liður áður en til aðgerðar kemur en hér á landi vantar þennan tækjabúnað sárlega. Reyndar hafa sjúklingar verið sendir í jáeindaskanna til Kaupmannahafnar en í því er óhagræði fyrir bæði sjúklinga og aðstandendur þeirra. Hafin er söfnun til kaupa á tækjabúnaði til eitlatöku með berkju- og vélinda-

Í dag reykja tæplega 18% fullorðinna Íslendinga, sem er lægra hlutfall en í nágrennalöndum okkar og er með því lægsta sem þekkt á heimsvísu.

Dregið hefur úr fjölgun lungnakrabbameinstilfella og allt bendir til þess að tilfellum muni fækka enn frekar á næstu áratugum þegar forvarnastarf síðustu áratuga skilar sér að fullu. Þetta er jákvæð þróun og mikilvæg viðurkenning fyrir þá sem hafa komið að tóbaksvörnum hér á landi. Að mínu mati hafa Íslendingar alla burði til þess að vera leiðandi í reykjavörnum. Því er brýnt að stjórnvöld auki fjárveitingar til forvarnastarfs, ekki síst í grunn- og framhaldsskólum. Einnig þarf að auka fé til rannsókna á lungnakrabbameini og auka fræðslu meðal heilbrigðisstétta um reykjavarnir.

„Það er óhagganleg staðreynd að með því að útrýma reykningu má koma í veg fyrir flest lungnakrabbamein, enda talið að 90% þeirra megi rekja beint til reykninga.“

ómsjá, en kostnaður er áætlaður í kringum 20 milljónir króna. Það er von okkar lækna á Landspítala að slíkur búnaður verði keyptur hingað til lands þegar á næsta ári, enda munu slík tæki borga sig upp á nokkrum árum.

Hér hefur verið tíundað hvernig bæta má horfur lungnakrabbameinssjúklinga með nýjum krabbameinslyfjum og fullkomnari skurðaðgerðum. Þessi atriði eru þó lítilvæg í samanburði við þann árangur sem næst með öfluggu forvarnastarfi. Það er óhagganleg staðreynd að með því að útrýma reykningu má koma í veg fyrir flest lungnakrabbamein, enda talið að 90% þeirra megi rekja beint til reykninga.

Reykjavarnir eru því algjört lyklatríði í baráttunni við lungnakrabbamein og beinast fyrst og fremst að því að hindra að unglingar byrji að reykja, en einnig að fullorðnum reykningamönnum. Það er aldrei of seint að hætta að reykja, en rannsóknir sýna að með reykbindindi minnkar hætta á lungnakrabbameini í allt að 15 ár eftir að reykningum er hætt, eða úr þrítugfaldri í tvöfalda áhættu. Mikilvægt er að stjórnvöld veiti fé til reykjavarna, enda skilar slíkt fé sér margfalt til baka. Árangurinn er ótvíræður og undanfarna áratugi hefur sem betur fer mikið dregið úr reykningum hér á landi.

Rannsóknir hafa þó sýnt að fræðsla ein og sér nægir ekki í þessari baráttu. Verðstýring og takmarkanir á aðgengi tóbaks hafa mikið að segja, sérstaklega hjá unglungum, en þar er mest í húfi. Reykingabann á veitinga- og skemmtistöðum er dæmi um vel heppnaða aðgerð stjórnvalda og á eftir að bjarga fleiri mannlífum en flesta grunar.

Þrátt fyrir ákóf mótmæli veitingamanna í upphafi tel ég að í dag sé almenn sátt um þessa aðgerð, og jafnvel reykningamenn fagna því að þurfa ekki að anda að sér heilsuspillandi tóbaksreyk á almannaferi. Mér er til efs að nokkrum myndi detta í hug að leyfa aftur reykningar í flugvélum eða á opinberum stöðum og svo verður einnig um veitinga- og skemmtistaði.

Það er ánægjulegt að geta glaðst yfir ákveðnum áfangasigrum í baráttunni við lungnakrabbamein. Á sama tíma er ljóst að hægt er að gera mun betur og enn lást tugir einstaklinga á hverju ári úr sjúkdómi sem nánast er hægt að útrýma. Forvarnaaðgerðir eru því algjört lyklatríði þegar til lengri tíma er lítið. Við megum nefnilega aldrei gleyma þeirri staðreynd að við vitum hver orsök þessa illskettyta krabbameins er.

Í tilefni alþjóða lungnakrabbameinsdagsins 17. nóvember 2011.

Sameinuð stöndum vér

ESB-aðild

Benedikt Jóhannesson
framkvæmdastjóri



Þremur árum eftir hrun á þjóðin því miður enn langt í land. Því er mikilvægt að sjálfstæðismenn standi saman á örlagatímum þegar þjóðin þarf á nýrri forystu að halda. Enda eru flokksmenn sammála í nær öllum helstu málum. Sammála í Landsdómsmálinu þar sem í fyrsta sinn er höfðað pólitískt mál hér á landi. Sammála um að þörf sé á erlendri fjárfestingu í atvinnulífni og sammála um að óhóflegri skattlagningu verði að linna. Þeir eru hins vegar ekki sammála um það hvort rétt sé að ganga til viðræðna við Evrópusambandið um aðild.

Í júní 2009 samþykkti Alþingi að Ísland skyldi sækja um aðild. Margt er þó með þeim hætti að

rétt er að staldra við. Flestir eru sammála um að umgjörð samningaviðræðnanna sé í ólestri vegna sundurþykkis stjórnar-flokkanna. Á degi hverjum birtast sögur um vanda einstakra Evrópuríkja og enginn veit á þessari stundu hvernig tekst til um viðbrögð. Endurskoðun á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins er ekki lokið. Niðurstöður skipta Íslendinga miklu máli. Því er eðlilegt að margir vilji sjá hvernig til tekst. Í slíku stórmáli þarf að vanda til verka á öllum sviðum og stuðla að viðtækri sátt meðal þjóðarinnar um vinnubrögð.

Þó að menn greini á um aðild að Evrópusambandinu er æskilegt að ná samstöðu um hvernig málinu skuli lokið. Sjálfstæðismenn ættu að sameinast um að beina málinu í nýjan farveg þannig að erfiðustu þáttum verði ekki að fullu lokið fyrir en árið 2013. Með því að sameinast um eftirfarandi verklag tryggja flokksmenn trausta meðferð þessa mikilvæga

máls og lýðræðislega afgreiðslu þess óháð afstöðu til aðildar:

1. Nefnd formanna þeirra stjórn-málaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi ásamt utanríkisráðherra taki við yfirumsjón með viðræðnum.
2. Formlegar samningaviðræður um sjávarútvegs máli, landbúnaðar- og dreifbýlismál og gjaldmiðlasamstarf hefjist árið 2013. Samningaviðræðum um aðra kafla verði framhaldið með eðlilegum hraða.
3. Unnar verði fyrir árslok 2012 skýrslur út frá íslenskum hagsmunum um:
 - a) Endurskoðun sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.
 - b) Samkeppnishæfni Íslands til lengri tíma m.v. krónu annars vegar og evru hins vegar.
 - c) Framtíðarstöðu í landbúnaði og byggðaþróun með samanburði milli óbreyttar stöðu og aðildar.
4. Samningurinn öðlast því aðeins gildi að hann verði samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu.

BURT'S BEES

náttúran og ég

Landsins mesta úrval í Lyfjum og heilsu Kringlunni

20%

afsláttur

17. - 20. nóvember

í öllum verslunum Lyfja og heilsu



Burt's Bees var valin vinsælasta náttúrulega snyrtivörullinan í Bandaríkjunum

Lyf & heilsa
við hlustum!



RAFVÖRU MARKAÐURINN

ÚTILÝSING

Við Fellsmúla - Reykjavík

INNFEULD LED LJÓS Í PALLA, VEGGI OG LOFT



9.995

5W - garðsett 3 stk. m/spenni

8.995

1W - garðsett 3 stk. m/spenni

NIÐURGRAFIN LJÓS, LED OG 12V



12V 6.995

LED 7.795

ÚTIKASTARAR, LED OG 12V



LED 5.995

12V 3.590

12V 2.995

INNFEULD LED LJÓS Í VEGGI OG PALLA



8.995

7.995

7.995

ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR



5.995

5.995

ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR



5.995

5.995

ÚTILJÓS LÝSA UPP OG NIÐUR



4.795

4.995

4.995

5.995

G9 25W

INNFEULD LJÓS Í VEGGI OG LOFT



2.995

ÚTI OG INNILJÓS Litir: króm og hvítt



4.495

3.795

með sparperu 16W

4.295

3.395

með sparperu 28W

með sparperu 16W

ÚTILJÓS



995

ÚTILJÓS



3.295

3.295

ÚTILJÓS



995

995

995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



1.995

1.995

1.995

1.995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995

3.995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995

3.995

3.595

3.595

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt



3.995

3.995

3.595

3.595

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ:

Mán. til fös. kl. 9 - 18

Laugard. kl. 10 - 16

Sunnud. kl. 12 - 16

Græskulaust grín eða dauðans alvara?

Samfélagsmál

Ásta Jóhannsdóttir
doktorsnemi



Kristín A. Hjalmsdóttir
meistararnemi



Gillz er bara brandarakall er það ekki? Brandararnir hans eru bara sárasaklaust grín sem hefur engin samfélagsleg áhrif? Eftir skipulega úttekt á bókinni Mannasiðir Gillz höfum við komist að annarri niðurstöðu og ætlu að gera tilraun til að færa rök fyrir henni, en heildarniðurstöður okkar er að finna í grein á vefþímaritinu Netlu, <http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>. Markmiðið er að vekja almenning til umhugsunar um samfélagsleg áhrif gríns af þessu tagi og þá sem bera ábyrgð á fjölmiðlum og menningarmiðlum til umhugsunar um samfélagslega ábyrgð sína.

Gagnrýni á Egil eða Gillz hefur gjarnan verið svarað með því að gera verði greinarmun á ípróttafræðingnum Agli Einarssyni og húmoristanum Gillz. Við finnum engin merki um þennan aðskilnað, hvorki hjá fjölmiðlum né Agli sjálfum. Eitt dæmi er heimasíða einkapjálfarans Egils, fjarpjalfun.is. Þar kemur fram að fyrir-tækið heitir fullu nafni Fjarpjálf-un Gillz og að Egill sé menntaður ípróttafræðingur sem hafi gefið út líkamsræktarbók.

Eina líkamsræktarbókin sem Egill hefur gefið út undir eigin nafni er Biblíja fallega fólks-ins. Aðrar bækur höfundarins, Mannasiðir Gillz og Lífsleikni, eru sagðar eftir Egil „Gillz“ Einarsson. Ef það eru grínabækur eftir Gillz en ekki ípróttafræðinginn Egil þá er ljóst að Egill notar skirnarnafn sitt og vísar þar með til ípróttafólks sinnar til að auka lögmæti orða sinna.

Með athygli fjölmiðla má segja að Egill hafi, á grundvelli ípróttafólks sinnar, fengið opinbert leyfi til að gagnrýna líkamlegt útlit annarra á niðurlægjandi og særandi hátt og fela á bak við grín. Og refsingin? Hún er engin. En launin? Ómæld athygli fjölmiðla. Með gríninu fljóta síðan hugmyndir sem þættu ekki mjög eftirsóknarverðar í jafnréttissamfélagi.

En hvaða hugmyndum höfum við áhyggjur af? Í bókinni Mannasiðir Gillz hvetur Egill karla til að taka upp heilbrigðan lífsstíl og mannsiði. Hann mælir t.d. með góðri umhirðu húðarinnar, snyrtimennsku í klæðaburði, hreinlæti, líftilli áfengisdrykkju og reykleysi. Þetta virðist vera karlmennska í ætt við metró-karlmennsku sem hefur ýmis jákvæð einkenni. Til mótvægis er hins vegar lögð ofuráhersla á þætti eins og líkamlegan styrk, tilfinningalega fjarlægð og gagnkynhneigð.

Líkamlegi styrkurinn er undirstrikaður með áherslu á vöðva-massa, gagnkynhneigðin er ítrekuð aftur og aftur með ofur-áherslu á kynþokka sem virkar á konur, kynferðislega sigra og hommafóbiu. Aldrei má sýna

veikleikamerki eða tilfinningar, alvöru karlmenn mega alls ekki láta sjá sig í Gay Pride og í ræktinni eru menn hvattir áfram með frösom eins og „Pump that shit faggot“ (bls. 87).

Grínið byggist á því að draga upp staðalmyndir af ýmsum samfélagsþópum og koma með öfgafullar niðurlægjandi athugasemdir um útlit, klæðnað og holdafar fólks sem alla jafna þætti fara út fyrir öll velsæmismörk. Og öfgarnar virðast einmitt vera það sem þykir fyndnast af öllu. Þarna koma fjölmiðlar og aðrir menningarmiðlar til sögunnar. Þeir eru sterkir áhrifa-valdar í samfélaginu og geta með

byggir á yfirburðum alvöru karlmanna sem þekkjast á því að þeir eru hvítir, gagnkynhneigðir, kurteisir [á yfirborðinu] og að hans sögn tónaðir, tanaðir og með velrakaðan pung. Þeir hópar sem sérstaklega eru undanskildir er Æsufellslíðið, sem Egill kallar drasl með lélega líkamsburði og ósnyrtilegt útlit, draslið eða krúttin úr 101 Reykjavík sem eru „... illa til hafðir einstaklingar yfirleitt og virðist það nánast partur af lúkkinu eða ímyndinni að vera sem ógeðslegast“ (bls. 68) og síðan karlar af öðrum kynþáttum en hvítum.

Egill hefur margítrekað að hann beri virðingu fyrir konum

er tilvalið að reyna að draga eitt-hvað drasl yfir. Á sunnudögum viltu ekki fá konu barna þinna yfir, þú vilt fá einhverja sem þarf ekki endilega að vera með 160 í greindarvísitölu.“ (bls. 79).

Þetta virðast „... online kvennabúrinn“ (bls. 102) á netinu hafa gert mögulegt. Þegar alvöru karlmenn hafa komið þar á samskiptum við hitt kynið þarf ekki annað en að „... senda eitt sms og korteri seinna heyrst bílhurð lokast, dyrabjöllu hringt og þú ert kominn með eina bónaða [með rökuð kynfæri] á stofugólfið hjá þér.“ (bls. 102). Alvöru karlmenn myndu aldrei láta það fréttast að þeir hafi mök við white trash drasl úr Æsufellinu eða loðið listamannadrasl [hans orðfæri]. Sumar prinsessur, sem Egill segist bera virðingu fyrir, virðast því bara vera drasl sem notast má við.

Það er okkar mat að ýmislegt í þessari karlmennskuhugmynd Egils geti höfðað til stórs hóps karla og ungra drengja ekki síft vegna þess hve aðgengileg hún er og hversu duglegir fjölmiðlar og menningarmiðlar hafa verið við að hampa Agli, orðum hans, verkum og hugmyndum.

Það er því niðurstaða okkar að þessi karlmennskuhugmynd hafi alla burði til að verða ríkjandi, mörkin milli gríns og alvöru þurrkist út og öfgafullt grínið verði viðtekin venja í samfélaginu, jafnvel í leikskólum og skólum landsins. Um leið fylgja hugmyndirnar að baki karlmennskunni með í kaupunum. Í þeim hugmyndum er jafnréttishugtakið ekki til, virðing fyrir öðru fólki og raunveruleg menska engin.



Grínið byggist á því að draga upp staðalmyndir af ýmsum samfélagsþópum og koma með öfgafullar niðurlægjandi athugasemdir um útlit, klæðnað og holdafar fólks sem alla jafna þætti fara út fyrir öll velsæmismörk. Og öfgarnar virðast einmitt vera það sem þykir fyndnast af öllu.

vali á umfjöllunarefni, nálgun og framsetningu ráðið miklu um það hvað við hugsum og hvernig.

Með því að hampa Agli, gríni hans og hugmyndafræði geta þeir m.a. ýtt undir og byggt upp karlmennskuhugmyndir og réttlætt síðan athyglina með því að þetta sé það sem almenningur vilji. Um leið lögmæta þeir orðræðu Egils með tilvísun í menntun hans, vinsældir og almenningssálitið.

Karlmennskuhugmynd Egils

og virðingin endurspeglar í því að hann kalli konur prinsessur. Texti bókar hans styður ekki þessa staðhæfingu. Hann kallar konur líka kellingar og drasl og dregur upp staðalmyndir af þeim sem heimskum og tilfinninganæmum útlitsdýrkendum sem séu óðar í kynlíf með alvöru karlmönnum.

Í bókinni Mannasiðir Gillz segir meðal annars: „Ásgeir Kolbeins sagði mér að kellingar séu allar hrikalega horný í þynnkunni. Því

Kjötkompaní

Litlu jólin

Leyfðu okkur að hjálpa þér með hátíðarmatseðilinn

Við bjóðum þér í veislu milli kl. 14.00 og 18.00 föstudaginn 18. nóvember.

Komdu og bragðaðu á hátíðarmatnum (forréttir, hátíðarkjöt, meðlæti og desertar.)

Hamborgarahryggurinn okkar er engum líkur

Gjafarkort kjötkompaní er góð gjöf.

Dalshrauni 13 Hafnarfirði Sími: 578 9700 www.kjotkompani.is

Opið bréf til ráðherra VG

Heilbrigðismál

Anna Hrefnuðóttir
myndlistarkona



Svo bregðast krosstré sem önnur Stré er máltæki sem notað er þegar sá sem maður treystir best bregst.

Krossinn bar uppi Krist á meðan hann dó segir Biblían og hann hrópaði Guð minn guð minn hví hefurðu yfirgefið mig. Það sama má segja um hina svokölluðu vinstri stjórna hér í landi sem gaf mikil fyrirheit um að stjórna landinu í þágu allrar þjóðarinnar og standa alveg sérstaklega traustan vörð um velferðarkerfið og „þá sem minna mega sín“.

Ég spyr: Hví hafið þið yfirgefið ykkar fólk? Því ráðist þið á garðinn þar sem hann er lægstur og krjúpið við fótstör auðvaldsins? Einu af höfuðáhugamálum auðvaldsinna eruð þið núna að veita brautargengi. Þið eruð að taka þátt í því að einkavæða og skera niður og láta þá fátækustu borga, en ríku sleppa. Þið hafið í raun verið auðvaldsins dyggustu sóparar og þeim eruð þið verst sem þið áður sögðust elska mest, þ.e.a.s. „þá sem minna mega sín“.

Ég er ein af þeim

Svikin í Evrópumálunum voru stór og fleira mætti fram telja en hér er mér efst í huga dropinn sem fyllti mælinn hjá mér varandi aðgerðir og aðgerðarleysi (sem er líka aðgerð) þessarar svokölluðu vinstri velferðarstjórnar sem þið sitjið í.

Nú liggur fyrir frumvarp frá ríkisstjórninni fyrir Alþingi um breytingu á lögum um sjúkra tryggingar sem ég sá þingmann VG kynna með stolti í sjónvarpinu. Mér féllust hendur en held enn í vonina um að ykkar fyrrverandi þingmenn geti komið í veg fyrir að það nái fram að ganga óbreytt.

Ég greindist með parkinsonsjúkdóm fyrir 13 árum, þá 42 ára. Sjúkdómurinn vinnur hægt og bitandi á mér og til að lifa bærilegu lífi þarf ég ævilangt á dýrum lyfjum að halda sem hafa verið mér að kostnaðarlausu hingað til.

Ég skil ekki og veit ekki hvar ég og mínir stöndum eftir þessar breytingar ef þær verða, því flækjan er slík í þessu frumvarpi. En hitt veit ég að þetta er enn eitt skrefið til að skapa þjóðfélag þar sem hver er sjálfur sér næstur og það risastórt. Þingkona VG talaði um að óréttlæti með að sumir sjúklingar fengju lyf sér að kostnaðarlausu en ekki aðrir væri með frumvarpinu leiðrétt með því að allir borguðu eitthvað. Það má vera að einhverjir þurfi að borga minna fyrir sín lyf en áður, en aðrir þurfa að borga miklu meira.

Alvarlegast er að hér er brotinn ísinn gagnvart því að láta fólk borga meira fyrir sín lífsnauðsynlegu lyf. Hvert leiðir sú stefna? Hvar er hin samfélagslega hugsun að heilbrigðisþjónustan eigi að vera fyrir alla óháð efnahag og greidd með sköttum? Hvar erum við stödd þegar við leiðréttum óréttlæti með enn meira óréttlæti? Hvers konar ölmusubþjóðfélag er verið að skapa? Viljum við ástand eins og var fyrir réttindabaráttu sósíalista og kommúnista fyrir heimskreppuna fyrir nærri öld? Þurfum við að ganga í gegnum alla þá baráttu aftur eftir að búið er að rústa alla velferð með aðstoð ykkar „vinstri“ aflanna?

Fulltrúi ykkar varðandi lyfjamál var líka stolt vegna örfárra

ölmusumálgreina sem skotið er inn í frumvarpið:

1. gr. (úr 1. málsgrein)
„Þá er gert ráð fyrir að sjúkra tryggingar geti áfram í sérstökum tilvikum, þ.e. þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða, afgreitt lyfjaskírteini sem veiti sjúkra tryggingu rétt á lyfjum þeim að kostnaðarlausu.“

En hvað þýðir þetta? Eru eftirtaldir sjúkdómar ekki nógu alvarlegir:

2. gr. (úr næstsíðustu málsgrein):
„Lyfjaskírteini vegna einstaklinga með flogaveiki, parkinsonsjúkdóm, krabbamein, ígrætt líffæri o.fl., munu falla niður. Hægt

verður að sækja um lyfjaskírteini ef sjúklingur er kominn í efsta þrepið í greiðsluþáttökukerfinu.“ Þ.e.a.s. þegar búið er að borga svo og svo mikið má sækja um hækkun á endurgreiðsluhlutfalli skv. meðfylgjandi reglugerð 3. gr. 4. málsgrein:

„Nái heildarkostnaður sem er vegna aldrads einstaklings, öryrkja, einstaklings 60–66 ára sem nýtur ellilífeyris eða barns yngra en 18 ára, samkvæmt framansögðu á tólf mánaða tímabili ekki 15.000 kr. taka sjúkra tryggingar ekki þátt í lyfjakostnaði hans. Fari heildarkostnaður á tólf mánaða tímabili fram yfir 15.000

kr. er greiðsluþátttaka sjúkra trygginga sem hér segir:

1. 85% af þeim hluta sem er umfram 15.000 kr. og allt að 60.000 kr.

2. 92,5% af þeim hluta sem er umfram 60.000 kr.“

Lyfin sem ég leysi út á þriggja mánaða fresti kosta meira en 60 þúsund – á ég þá að borga það sem er umfram? Hvaðan á ég að taka þá peninga? Örorkubætur hafa ekki hækkað um eina krónu síðan fyrir hrún. Þarf ég að fá mér grímu og ræna banka – eða að selja mig eða hvað? Ég og allir aðrir sem kusu ykkur treystum ykkur best til að finna aðrar lausnir en

fyrirrennarar ykkar við völd. Stuðningur okkar gaf ykkur tækifæri til að finna nýjar leiðir út úr vandanum og standa við þær. Leiðir sem lögju til jöfnuðar og réttlætis en ekki til baka til fyrri alda þegar auðmenn réðu öllu og fjöldinn bláfátækur mátti hugga sig við þá hugsun að sæluvistin biði hans á himnum því guð hefði ekki yfirgefið hann.

Ég veit ekki hvað bíður mín eftir dauðann – en hitt veit ég að hér með yfirgef ég Vinstrireyfinguna – grænt framboð.

Vinsamlegast strikið mig út úr félagalista ykkar og kosningaskrá.

Gestgjafinn og KORNAX SMÁKÖKUSAMKEPPNI 2011



TIL HAMINGJU!

Óskum vinningshöfum í smákökusamkeppni Kornax og Gestgjafans innilega til hamingju.

Þökkum jafnframt kærlega þeim tæplega 100 þátttakendum sem sendu inn smákökur í keppnina.

KORNAX
Íslensk framleiðsla

www.kornax.is

Er skráargatið of lítið?

Heilbrigðismál

Ingibjörg Gunnarsdóttir
prófessor í
næringarfræði



heilsustöð, sérfræðingum í næringarfræði, Neytendasamtökunum, talsmanni neytenda og almenningi varð ekkert úr því að Íslendingar tækju þátt. Fátt hefur verið um svör um það hvort af verði. Við biðum enn. Á eftir ár hef ég rætt við nemendur og almenning um hollustumerkingar á borð við Skráargatið og flestir eru sannfærðir um að merkið gæti verið mjög gagnlegt fyrir neytendur.

Í ljósi vaxandi umræðu um offituvandann og önnur næringartengd vandamál í samfélaginu hafa kröfur neytenda um hollustugildi matvæla aukist til muna. Þrátt fyrir að vera umhugað um að velja hollan mat fyrir sig og fjölskyldu sína hefur hinn almenni neytandi ef til vill ekki þekkingu eða tíma til þess að vanda valið. Hollar vörur eru oft ekki sýnilegar í matvöruverslunum og næringargildismerkingar, ef þær á annað borð eru til staðar, geta verið flóknar og stundum villandi.

Svíar hafa frá árinu 1989 notað hollustumerki sem nefnist Skráargatið (Nyckelhållet). Vörur sem bera merkið þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um innihald og samsetningu næringarefna. Tilgangur merkisins er að hjálpa neytendum að finna hollar matvörur, bæði í hillum matvöruverslana sem og á veitingastöðum. Í júní 2009 ákváðu Danir og Norðmenn að sameinast Svíum um notkun Skráargatsins.

Íslendingum var boðið að vera með en þrátt fyrir mikla vinnu og þrýsting frá Lýð-

Skráargatið eitt og sér mun ekki leysa offituvandann, en margt smátt gerir eitt stórt. Ég hef undanfarin ár velt því fyrir mér hvort ég og þeir fjölmörgu aðilar sem hafa tekið þátt í baráttunni séum algerlega getulaus. Það er mjög erfitt að útskýra fyrir nemendum og almenningi hvers vegna okkur hefur ekki tekist að sannfæra þá sem hafa umboð til þess að taka ákvörðun. Sjálf hef ég takmarkaðan skilning á því. Hvað þarf til?

Merkingar matvæla heyrar undir Matvælastofnun, sem starfar undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Helstu hagsmunaaðilar þess að Skráargatið verði tekið upp hér á landi tilheyrar hins vegar velferðarráðuneytinu. Ég kalla eftir samstarfi þessara ráðuneyta og því að neytendavernd, þar með talinn málaflökkurinn merkingar matvæla, fái auknið vægi innan Matvælastofnunar.

Metanól í bensín – eitrum fyrir öllum?

Umhverfismál

Hjalte Andrásson
lífræðingur



Tilraunaframléiðsla á metanóli er hafin í nýrisinni verksmíðju á vegum Carbon Recycling International (CRI). Hugmyndin er að breyta koltvísýringi í útblæstri frá jarðvarmavirkjunum í metanól og blanda því í bensín fyrir íslenska bílaflotann. Þegar horft er til umhverfisverndar er framtakinu lýst sem mikilli frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun en í umræðunni er alfarið sneitt framhjá spurningum um skaðsemi efnisins. Metanól er mjög hættulegt efni með hraða uppgufun sem veldur skaðum eiturverkunum í fólki sem andar því að sér, snertir eða neytir. Er hér á ferð umhverfisvernd á kostnað lýðheilsu?

Eituráhrif metanóls

Metanól heitir einnig tréspíri og er vel þekkt efni. Eins og etanól er þetta eitt af alkóhólunum en það er mikill misskilningur að halda að efnin séu eins. Ekki má heldur rugla saman metanóli og metani. Metanól, ólíkt etanóli og metan, er sterkt eitrefni og hafa heilsufarsleg áhrif þess verið vel skilgreind: Efnid er mjög rokgjarnt og smátt þar af leiðandi auðveldlega inn í líkamann við innöndun eða snertingu. Metanól hefur áhrif á miðtaugakerfið og veldur taugaskemmdum, höfuðverkjum, ógleði, uppköstum, jafnvægisleysi, geðdeyfð og dauða í meira magni. Efnid skadar sjóntaugarnar og veldur sjóndepurð eða blindu. Neysla á 10 ml af metanóli veldur varanlegri blindu og eins lítið og 30 ml getur valdið dauða. Fóstur eru sérlega viðkvæm fyrir metanóli.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin flokkar metanól í 3. flokk eitrefna. Þetta þýðir að sérstakar kröfur eru gerðar við

meðhöndlun efnisins, þar með talin krafa um notkun varnarbúnaðar. Sem dæmi vinna lífræðingar með metanól í sérstökum sogskápum og skal rýma rannsóknarstofuna ef metanólflaska fellur í gólfið. Slíkar flöskur eru merktar „TOXIC“ með tilheyrandi höfuðkúpumerki. Þar er unnið með efnið í smáum skömmtum og má þá spyrja hvort þau olufélög sem hyggjast blanda þessu í lítravís á hvern bensíntank ætli ekki að merkja dælurnar sínar á samskonar hátt?

Metanól sem eldsneyti

Notkun metanóls sem eldsneytis er ekki ný hugmynd. Ítarlegar rannsóknir áttu sér stað á metanóli til eldsneytisnotkunar á 8. og 9. áratugnum. Síðan þá hefur metanól ekki náð mikilli útbreiðslu sem eldsneyti og er notkun á heimsvísu lítil sem engin, að frátöldum ákveðnum kappakstursgreinum og héraðum í Kína. Í São Paulo í Brasilíu stóð til að blanda metanóli í eldsneyti 1989-92. Þau áform voru stöðuð af borgarstjórnunum vegna þeirrar hættu sem stöðjaði að starfsfólki bensínstöðva. Í Bandaríkjunum er metanól ekki blandað í bensín sem fer í almenna dreifingu. Slíkar tilraunir áttu sér stað á 9. og 10. áratugnum í Kaliforníu en lauk með reglum sem settar voru í ríkinu og bönnuðu notkun metanóls í bensíni frá 2003. Í reglunum stendur að notkunin sé óleyfileg nema að „Umhverfisráð Kaliforníuríkis geti sýnt fram á að notkun efnisins hafi ekki marktækt skaðleg áhrif á lýðheilsu eða umhverfið“. Í Evrópu er hámark leyfilegs metanóls í bensíni takmarkað við 3%.

Metanól á íslenska bílaflotann

Til stendur að blanda metanóli í

bensín á Íslandi í 3% styrk. Það eru 2 L af hreinu metanóli á hvern 65 L bensíntank. Raunhæft markmið skv. CRI er svokallað RM70, sem er 70% blanda metanóls og 30% bensín.

Flestir kannast við að finna bensínlykt á bensínstöðvum og ljóst að við öndum að okkur þeim rokgjörnunum efnunum sem í bensíni er að finna. Óhjákvæmilega vakna ýmsar spurningar þegar bæta á metanóli í bensín. Hvaða áhrif hefur innöndun á metanóli á viðskiptavinum og starfsfólki bensínstöðva? Hvaða áhrif hefur þessi íblöndun á ólétta konur sem dæla á tankinn og fóstur þeirra? Eituráhrif metanóls koma ekki fram



Metanól, ólíkt etanóli og metan, er sterkt eitrefni og hafa heilsufarsleg áhrif þess verið skilgreind.

fyrir en 8-24 klst. eftir snertingu við efnið. Hvernig eiga viðskiptavinir sem verða fyrir vanlíðan að tengja það við ferð á bensínstöð, til dæmis daginn áður, sér í lagi ef engar viðvaranir eru á dæluum? Þetta þýðir að erfitt verður að sýna fram á orsakatengsl. Einnig vakna spurningar um það mikla magn leysiefna sem þarf til að blanda metanóli í bensín og formaldehýðs sem myndast við brennslu á metanóli. Þessi efni eru einnig skaðleg heilsu manna.

Metanól og lýðheilsa

Öllum er ljóst að þörfin á umhverfisvænum orkugjöfum er brýn. Nýting koltvísýringis úr útblæstri orkuvera hljómar vel en þegar sýnt hefur verið fram á mikla skaðsemi efna eins og metanóls, ber þá ekki að forðast þau frekar en að þvinga þeim upp á alla landsmenn? Tilraunir sem þessar hafa verið gerðar erlendis á undanföllum áratugum en hafa í flestum tilfellum ekki náð fram að ganga. Er það framför í orkumálum að færa þessa tilraunastarfsemi hingað til lands eða er þetta hrein afturför?

Hælisleitendur, inni eða úti?

Innflytjendamál

Toshiki Toma
prestur innflytjenda



Nú eru tæplega tuttugu ár síðan ég flutti til Íslands. Mér líður vel hér og líf á Íslandi er að mörgu leyti spennandi fyrir mig. Það þýðir samt ekki að líf hérlandis sé auðvelt eða opið öllum.

Líkt og í heimalandi mínu Japan virðist mér að Íslendingar tali gjarnan um það að vera „inni eða úti“. Það er sagt að eyþjóðir eigi yfirleitt slíkt hugtak. Þegar innflytjanda tekst að komast inn í þjóðfélagið, ekki aðeins yfir landamærin, heldur telst beinlínis til samfélagsins getur hann loksins orðið skapandi hluti af því. Það getur verið mjög langt ferli. Innflytjendum finnst yfirleitt erfitt að komast „inn“ í hið nýja samfélag. Ég er ekki að ásaka Íslendinga, innflytjendur bera líka ábyrgð að vissu leyti. En stundum bera Íslendingar ábyrgð á þeim „vegg“ sem hindrar það að útlendingar komist inn í samfélagið.

Þeir sem að mínu mati teljast til þeirra sem eru „úti“ eru hælisleitendur, sem dvelja hérlandis og bíða eftir tækifæri til að hefja „venjulegt líf“. Þeir eru stöðugt „úti“ í íslenska samfélaginu. Hér á ég ekki einungis við að þeir hafi ekki komist inn í samfélagið í landinu, heldur vegna lögfræði-

legra álitamála, en í augum margra Íslendinga eru málefni hælisleitenda ekki „þeirra mál“ heldur „einhverra annarra“ í einhverjum öðrum stöðum.

Það er t.d. nær undantekningarlaust að ef umfjöllun um hælisleitendamál birtist í fjölmiðlum þá er hún neikvæð. Umfjöllunin varir um skamma hríð og hverfur svo aftur eins og ekkert hafi gerst. Þetta er ekki í lagi.

Hvers vegna vilja yfirvöld og stjórnmalamenn ekki taka upp málefni hælisleitenda til almennlegrar umræðu? Margir sem eru tengdir málefnum hafa bent á að virkileg þörf sé á að endurskoða móttökukerfi hælisleitenda, sem og vinnu meðferð og vinnubrögð viðkomandi aðila. Það er full ástæða til þess að fjalla almennilega og ítarlega um málefni hælisleitenda í stað þess að hlaupa upp til handa og fóta í hvert sinn sem...af...því. Eitt er að fólkið þekkist vel og persónulega, sem er afar torvelt í stórum þjóðum eins og í Bretlandi eða Þýskalandi. Afleiðing þess að þekkja vel til hver annars er að við getum staðfest manngildi hvers og eins og mannvirði í brjósti okkar. Þessi góði kostur á að gilda fyrir hælisleitendur líka. Ég óska þess að hælisleitendur sitji ekki lengi úti í þjóðfélaginu og þeim verði boðið inn í það.



Hvers vegna vilja yfirvöld og stjórnmalamenn ekki taka upp málefni hælisleitenda til almennlegrar umræðu?



Kíktu á ljósadýrðina í Pfaff fyrir jólin

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is
facebook.com/pfaff.is

PFaff



KIRSUBERJATRÉÐ
Vesturgötu 4 101 Reykjavík sími 5628990

27. október 2011

finnur.is 31

Nissan Qashqai notaður bill ársins í Bandaríkjunum



Morgunblaðið/Emir
Nissan Qashqai hafa reynt vel við íslenskra aðstæður og eini í endursölu, en í Bandaríkjunum þykja engir bílar betri að því leyti og fá viðurkenningu skv. því.

Traustir bílar og góðir í endursölu

Árlega eru útnefndir bílar ársins í Bandaríkjunum í flokki notaðra bíla. Eru það þriggja ára bíla og mat á endurseljanleika þeirra. Í ár varð Nissan Qashqai hlutskarpastur en auk þess var hann valinn besti fjölskyldubíllinn af smærri gerð notaðra bíla.

Jagúar besti forstjórabíllinn

Í flokki bestu notuðu forstjóra- og lúxusbíla varð Jagúar XF en bæði hann og Qashqai eru smíðaðir í Bretlandi. Vikuritíð What Car? er bakhjarl viðurkenningar þessara og segir ritstjórnin Chas Hallett, að framleiðsluteymi beggja bílategundanna geti verið stolt. Gæði beggja hafi verið frábær en þeir runnu af færibandinu og þremur árum seinna stæðust engir notaðir bílar þeim snúning hvað verðmæti við endursölu varðaði.

Dómarar lofuðu stíl Qashqai-bilsins, verð og fjölskylduvænt innra rými, akstursþægindi, lágan rekstrarkostnað og endingartraust og hámarks einkunn, fimm stjörnur, úr Euro NCAP-öryggisprófinu heillaði þá líka. Bill ársins frá fyrra, Ford Mondeo 2.0 TDCi Zetec, var valinn besti notaðri bíllinn.



Ástmar Ingvarsson, bíla- og forstjórabíllinn.

Kaupendamarkaður

„Nissan Qashqai hafa reynt góðir endursölubílar hér á landi og að því leyttinu til kemur valið í Bandaríkjunum ekki á óvart.“ segir Ástmar Ingvarsson, bíla-sali hjá Bilaborg í Reykjavík. „Við höfum selt allmarga bíla þessarar gerðar að undanförunu, nú síðast einn í byrjun vikunnar. Núna eru bílaaleigubílar að koma til endursölu eftir tveggja sumra úthald, en leigurnar hafa einmitt tekið allmarga Nissan Qashqai sem eru afar traustir bílar og henta vel við íslenskar aðstæður. Og núna er einmitt talsvert mikið framboð af notuðum bílum til sölu og að því leyttinu til er kaupendamarkaðurinn mjög hressur.“



FJÖLSKYLDUBORGAR-SVEITASPORTJEPPI

NISSAN QASHQAI

Þessi vinsæli sportjeppi er nú fáanlegur bæði í 5 og 7 manna útgáfum. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

www.nissan.is

Sjálfskiptur
Fjór hjóladrif með LOCK stillingum
Ríkulegur búnaður
Meðaleyðsla 8,0 l/100km

Verð frá **5.440 þús. kr.**

62.577,- á mán.*

*Miðað við Bílasamning, 30% útborgun og eftirstöðvar til 84 mán.



JÓLAGLAÐNINGUR

Heilsársdekk fylgja öllum Nissan Qashqai til jóla!

Rétttrúnaður í boði borgarráðs

Trúmál

Björn Erlingsson
hafaðlisfræðingur



leysa það mál með því að allir taki upp sömu lífsskoðun í verki er ekki í boði að hætti borgarráðs og í sjálfu sér kúgun á trúarskoðunum – hér barna.

Með reglum borgarráðs er verið að gera trúarlíf að jaðarmenningu og lagður er steinn í götu borgarbúa til mannræktar og þroska í trú í sínu eigin umhverfi. Óskir og þarfir þorra borgarbúa varðandi ríkan þátt í menningu og sið þeirra lítillækkaðar. Það er og verður ætíð á forræði foreldra barnanna í samstarfi leik- og grunnskóla við foreldra að grípa til þeirra félagslegu og uppeldislegu úrræða sem þurfa að vera fyrir hendi að leysa uppeldi barna vel úr hendi – einnig trúaruppeldi.

Framkvæmd trúaruppeldis hefur tekið tillit til eðlilegra almannahagsmuna og hefur verið með miklum ágætum í góðu samstarfi foreldra, skóla og kirkju. Það þróast áfram til að skólinn geti gegnt skyldum sínum með þarfir og óskir barna og foreldra að leiðarljósi. Þjóðkirkjan hefur sett sér starfsreglu í anda metnaðar um hófsemi og nærgætni – sérstaklega í garð annarra trúfélaga – og tekur með því ábyrgja stöðu við uppbyggingu fjölmenningsarsamfélags á Íslandi.

Í 28. grein barnasáttmálans er fjallað um inntak menntunar og skyldu samfélagsins við að fræða börn og sérstaklega tekið fram að það skuli efla „virðingu fyrir menningarlegri arfleið, tungu og gildismati og þjóðernislegum gildum þess lands sem það býr í eða kann að vera upprunnið frá“. Enn fremur er fjallað um skyldu samfélagsins við að undirbúa börn til að lifa „ábyrgu lífi í þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis og vináttu milli allra þjóða-, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa“. Í markmiðum grunnskólalaga segir að byggja skuli upp ahlíða þroska til þátttöku í íslensku lýðræðissamfélagi. Trúariðkun er þar með talin og viðurkennd frumþörf í lífi og þroska einstaklinga.

Íslenskt samfélag mun áfram þurfa að stuðla að uppeldi barna til virkrar þátttöku í samfélaginu í samræmi við barnasáttmála og grunnskólalög á forsendu ríkjandi samfélagssáttmála. Sá samfélagssáttmáli er opin fyrir öðrum trúar- og lífsskoðunarfélögum sem virða tilverurétt og frelsi allra til trúarlífs og trúarþroska. Þessu er ekki þannig farið varðandi reglur borgarráðs. Þær einkennir trúarleg réttshugsun sem er í algerri mótsögn við það umburðarlyndi og þann gagnkvæma skilning sem hefur einkennt viðhorf til trúamála í rúm 1.000 ár á Íslandi.

Ný safnalög og öflugri safnasjóður – menningarauki fyrir landið allt

Menning

Rakel Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri safnaráðs



Söfn gegna veigamiklu hlutverki í íslensku samfélagi. Til viðbótar við hlutverk safna tengt viðhaldi og varðveislu heimilda um uppruna okkar og þróun, rannsóknunum og miðlun menningararfs Íslendinga er æ meiri áhersla lögð á þessar stofnanir í tengslum við ferðamennsku og lífsmöguleika byggða landsins.

Reynslan hefur sýnt að sums staðar þar sem risið hafa fagleg söfn og setur, stofnsett af fyrirhyggju og hugsjón, hafa þessar stofnanir blásið lífi í það samfélag sem þær þjóna.

Nefna má mörg dæmi um slík söfn, víða um land, sem eru burðarstólar í sínu samfélagi og sjálfsgörðir viðkomustaðir bæjarbúa og ferðamanna. Árangursrík söfn í dag eru ekki þær kyrrstæðu varðveislustofnanir sem söfn voru að ákveðnu leyti í upphafi. Söfn í dag sinna hlutverki í framþróun samfélagsins, ekki síður en varðveislu og viðhaldi. Þau taka þátt í samfélagsmunum og listafundum, lausa kynningu þeirra málefna sem eru í brennidepli hverju sinni og hvatningu til samfélagsþegna til upplýsingar og til þess að móta eigin afstöðu.

Öll þessi hlutverk gera árangursrík söfn að lykilstofnunum í mótun þeirrar sameiginlegu ímyndar sem gerir samfélag að samfélagi, viðhaldi hennar og framþróun. Brýn þörf er á að auka nýttsemi faglegra safna sem

arðbærra og árangursríkra samfélagsstofnana hér á landi.

Ný safnalög hafa verið samþykkt á Alþingi og taka þau gildi 1. janúar 2013. Um leið munu taka gildi ný lög um Þjóðminjasafn Íslands, en þá eru einmitt 150 ár liðin frá stofnun þess. Safnaráð væntir þess að nýju safnalög-in muni stuðla að eflingu safnastarfs, aukinni samvinnu og meiri árangri. Sá metnaður til uppbyggingar, skipulags og árangurs sem býr í nýju lögunum verður best nýttur með markvissri nýtingu fjárveitinga. Þessu ber að fagna.

Sama má segja um nýjar áherslur sem Alþingi kynnti nýlega varðandi úthlutanir fjárveitinga til verkefna á sviði menningarstarfs, sem nú munu fara í auknum mæli í gegnum mat sérstakra sjóða sem úthluta samkvæmt samþykktum úthlutunarreglum. Safnasjóður er einn þeirra og úthlutar hann styrkjum til viðurkenndra safna.

Safnasjóður var stofnaður með safnalögum árið 2001. Sjóðurinn var að stærstum hluta mynduð úr fjárlagalíðum sem áður runnu til byggða- og minjasafna. Árlega hljóta rúmlega fimmtíu viðurkennd menningarminja-, náttúru-minja- og listasöfn, skv. safnalögum, styrki úr safnasjóði. Undanfari styrkveitinga til þessara safna felur í sér ítarlega athugun á starfsemi með lagaleg og fagleg viðmið að leiðarljósi. Sjóðurinn úthlutar rekstrarstyrkjum til safna um allt land og jafnframt styrkjum til verkefna á sviði safnanna.

Frá 2001 hefur safnaráð unnið að því að styrkja grunn safnastarfs á Íslandi með því að

leggja áherslu á að söfn í landinu skilgreini starfsemi sína á skýran hátt, starfi samkvæmt stefnu og tileinki sér faglegar áherslur og góð viðmið, innlend og erlend. Má í því sambandi til að mynda benda á Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu 2010-2014, stefnuna „Fræðsla fyrir alla – skýrsla um menntunarhlutverk íslenskra safna, stöðu og stefnu“ og ýmsar leiðbeiningar á sviði safnastarfs sem safnaráð hefur gefið út. Þá hefur safnaráð hvatt til samstarfs safna um hin ýmsu málefni tengd safnastarfi og til hagræðingar með samvinnu.

Íslenskum söfnum er víðast hvar þröngur stakkur skorinn og eru aðstæður víða krefjandi þó að breyting hafi orðið til batnaðar á mörgum sviðum safnastarfs síðustu ár. Undanfarið ár hafa komið til ýmsar nýjar stofnanir á sviði safnastarfs, sem margar hafa hafið starfsemi með aðstoð stofnstyrkja fjárlaganefndar. Eigendur safna bera hins vegar hina rekstrarlegu ábyrgð á söfnunum og eru það sveitarfélögin í flestum tilvikum.

Þegar um takmarkað fjármagn er að ræða er nauðsynlegt að faglegt mat sé lagt á nýjar stofnanir sem munu mögulega eiga kost á styrkjum úr safnasjóði. Þá er áriðandi að samhliða mati fari fram forgangsröðun á mikilvægi verkefna á hverjum stað og hverju sinni til að árangur af ríkisstyrkjum verði hámarkaður og til að tryggja megi jákvæða og markvissa þróun safnastarfs í landinu. Með þetta fyrir augum fagnar safnaráð ákvörðun Alþingis um breyttar áherslur hvað varðar fjárframlög til menningarstarfsemi.

Loksins „eitthvað annað“ í Þingeyjarsýslum?

Fjármál

Sigurjón Benediktsson
tannlæknir



SpsjÞ hafa afskrifað 600 milljónir króna, líklega hjá viðskiptavinum sínum, þar á meðal stofnfjáreigendum 88.

„Eitthvað annað“ heldur innreið sína í Þingeyjarsýslur

Með sameiginlegu átaki hafa fjármálaráðgjafar, umhverfisráðgjafar og iðnaðarráðgjafar komið í veg fyrir atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum. Velferðarráðgjafar, innanríkisráðgjafar og fjármálaráðgjafar hafa skorið niður velferðar- og opinbera þjónustu í héraðinu um hundruð milljóna. Allt í anda „eitthvað annað“ hugmyndafræðinnar. Á sama tíma taka þessir ráðgjafar úr vösum almennings 1.200 milljónir til að „bjarga“ ónýtum sparissjóði í kjördæmi og heimahéraði fjármálaráðgjafar. Sjóði sem hvorki hélt aðalfundi né skilaði ársreikningum, enda með allt niður um sig.

Gunnarsstaðagleðin og Húsavíkurhatrið

Það er ekkert leyndarmál að ráðgjafar fjármála hefur haft einhverja óbeit á Húsavík og nágrenna-byggðum Húsavíkur. Telur veldi sitt ekki standa traustum fótum í héraðinu. Betra að treysta á sitt heimafolk og fjölskylduna í Þistilfirði og háskóla-liðið á Akureyri. Það er auðvitað hans val. En þegar óbeitarkostnaðurinn er greiddur af almenningsi hljóta að kostnaðarþvingningar um heiðarleika og heilbrigða stjórnhætti.

Af hverju er ég að taka áhættuna af því að skrifa þessa grein?

Það er vitað að ráðgjafar og ráðuneyti leggja þá í einelti, sem voga sér að gera athugasemdir við stjórnhætti þeirra. Ég er flóttamaður sem býr nú í Noregi og kallar krumlum hefndarinnar ná því vonandi ekki til mín. Ráðgjafar velferðarmála hefur sigað á mig rökkum sínum vegna kærnu minnar á hendur velferðarráðuneytinu vegna „ókeypis tannlækninga“. Möppudýr fjármálaráðgjafar hafa svipt mig lögmætum persónufrádrætti mínum meðan ég vann í tveimur löndum. Því hef ég lengi velt fyrir mér hvornig standi á því að Sparissjóði Þórshafnar og nágrennis hafi verið „reddað“ á kostnað almennings, án þess að nokkur geri athugasemdir. Án þess að nokkur axli ábyrgð. Stofnfjáreigendum í Þistilfirði verður vonandi einhver gleði af „eign“ sinni í SpsjÞ. Fjármálaráðgjafar er vonandi hreykinn af afrekum sínum í Þingeyjarsýslum. Er ekki best að segja hlutina eins og þeir eru?

Það er árið 2007. Allt leikur í lyndi. Sparissjóður Þórshafnar (SpsjÞ) lánar og lánar, kaupir hlutabréf og skuldabréf. Allir voða kátir. Sérstaklega handhafar stofnfjárbréfa. Árið 2008 hrynur veröld fjármálaþraskaranna. Ógleði tekur völdin. Eitthvað verður að gera. Hver reddar?

Engir aðalfundir

Samkvæmt ársreikningaskrá voru engir aðalfundir haldnir fyrir árin 2007, 2008 og 2009. Alveg burtséð frá því að slíkt er brot á lögum um fjármálastofnanir vekur það enn meiri furðu að þá (2008) var þegar ljóst að SpsjÞ var gjaldþrota fyrirbæri. Sjóðurinn var þó rekinn áfram eins og ekkert hefði í skorist. Lánaði sparissjóðsstjóra og stjórnendum 23 milljónir (einkalán, ekki meðtalningin fyrirtækjalán til sömu aðila) og það var eins og veislan héldi bara áfram. En reddarinn var auðvitað á vaktinni.

Eiginfjárlutfall mínus 34%

Þegar verst lét féll eiginfjárlutfall sjóðsins úr plús 15,9% árið 2005 niður í mínus 34% árið 2009 (mistræmi í upplýsingum -25% til -34%). Tap ársins 2009 nam 373 milljónum króna. Árið 2008 nam tapið 525 milljónum. Hvernig þínulítil sparissjóður fer að því að tapa slíkum fjárhæðum án þess að nokkur geri athugasemdir er undarlegt. Innlán virðast nema um 700 milljónum meðan útlánin eru næstum 1.300 milljónir. Stofnfjáraðilarnir 88 hafa af rausn sinni lagt fram 2,1 milljón króna.

Reddingin mikla

Undir stjórn fjármálaráðgjafar var gerð áætlun um „björgun“ SpsjÞ. Seðlabankinn breytti 105 milljónum af kröfum sínum á sjóðinn í stofnfé og afskrifaði 735 milljónir. Bygðastofnun breytti víkjandi láni sínu (133 milljónir) í stofnfé. Þá keypti Tryggingasjóður sparissjóða stofnfé að fjárhæð 60 milljónir. Samtals voru teknar nærri 1.200 milljónir af almannaþé til að koma SpsjÞ yfir lágmarkshlutfall eiginfjár. Auk þess virðist

www.optima.is

RICOH

Aficio MP C300 með skáp.
A4 litljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex. Takmarkað magn

Sértilboð kr. 499.900.-

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa



GÆÐIN Í GRENNDINN

Lærðu að rækta, tína,
veiða, verka, nýta og elda
í takt við árstíðirnar



- ALLT Í EINNI BÓK
- uppskriftir
 - brauðbakstur
 - söltun
 - ostagerð
 - reyking
 - villibráð

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



Einstaklega glæsileg og eiguleg
bók eftir hjónin Gísli Egil Hrafnsson
og Ingu Elsu Bergþórsdóttur



69 MARTIN SCORSESE leikstjóri er 69 ára í dag. „Ekkert er einfalt. Einfaldleiki er erfiður.“

Merkisatburðir

- 1558** Elísabet I. tekur við konungdómi í Englandi og Írlandi eftir hálf systur sína.
- 1869** Súesskurðurinn milli Rauðahafs og Miðjarðarhafs er opnaður.
- 1912** Íslenska guðspekifélagið er stofnað í Reykjavík.
- 1938** Vikan kemur út í fyrsta sinn. Fyrsti ritstjóri hennar er Sigurður Benediktsson.
- 1940** Akureyrarkirkja er vígð og er þá stærsta guðshús íslensku þjóðkirkjunnar.
- 1962** Samvinnubankinn er stofnaður, en hann rann saman við Landsbankann 1991.
- 1983** Mikligarður, stærsta verslun landsins, er opnuð í Reykjavík í Holtagörðum við Sund.
- 1984** Jón Baldvin Hannibalsson er kjörinn formaður Alþýðuflokksins, en hann bauð sig fram á móti sitjandi formanni, Kjartani Jóhannssyni.
- 1988** Linda Pétursdóttir er kjörin Ungfrú heimur, átján ára gömul.

ÞETTA GERÐIST: 17. NÓVEMBER 1940

Akureyrarkirkja var vígð

Akureyrarkirkja var vígð á þessum degi árið 1940 og var þá stærsta guðshús íslensku þjóðkirkjunnar. Kirkjan var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsa-meistara ríkisins. Í kirkjunni er meðal annars gluggi kominn úr kirkju á Coventry á Englandi sem var eyðilögð í síðari heimsstyrjöldinni. Á svölum kirkjuskipsins eru

lágmyndir eftir Ásmund Sveinsson. Skírnarfontur kirkjunnar er gerður eftir fyrirmynd Bertels Thorvaldsen. Altaristaflan yfir skírnarfontinum er úr fyrstu kirkjunni sem reist var á Akureyri 1863. Það var danski listamaðurinn Edvard Lehman sem málaði hana og var hún færð kirkjunni að gjöf árið 1867. Heimild: wikipedia.org



LISTASAFN REYKJAVÍKUR: TVENNT HLÝTUR VERÐLAUN Í TEIKNISAMKEPPNI

Sköpun, húmor og galdur

**Leiguumsjón
láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

Gerð leigusamninga.
Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.
Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.
Umsjón og eftirlit með fasteigninni.
Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.
Hjá Leiguliðum starfa 3 lögiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440



Óflugur öryggiskápur til sölu með tveimur hillum og tveimur læstum höfum. Skápurinn er með tvöfaldr læsingu og 60 min eldvörn. h. 110 cm, b. 70 cm og d. 69 cm. Þyngd 1085 kg. Verð 390.000 kr. m/vsk. Nánari upplýsingar fást hjá Optima í síma 588-9000

Ódýr heimilstæki

Höfum til sölu þvottavél. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

Til sölu

Poolborð og skemmtari. Áhugasamir hafi samband við Arnþjórn í s. 893 2036

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

Ódýr heimilisraftæki

Sími 896 8568.

Óskast keypt

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull!

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Sjónvarp

Sjónvarps/vídeovíðgerðir. Afsl. til elli/örkyrja. Sækjum. Lítsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri



Til sölu notaðar gólfþvottavélar. Vélar eru í góðu lagi, yfirfamar af verkstæði. Upplýsingar í síma 699 2804

Verslun



Kápur og jakkar á 30% afslætti. Full búð af nýjum vörum. Verslunin Emilla Bláa húsin Faxafeni s: 588-9925 emilla.is

7 rósir 990 kr.
Dalia
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

Heilsuvörur

Léttast um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian þrúfupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is


Nudd



TANTRA NUDD

Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímappöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@sinnet.is.

Kennsla

Sænsku kennsla

Tek að mér einstaklinga og smærri hópa í sænsku kennslu í bæði tali og skrift. uppl í s. 6611132 Ingunn

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

TILKYNNINGAR

Fundir

Aðalfundur
Sleðahundaklúbbs
Íslands

verður haldinn í sal Steypustöðvarinnar að Malarhöfða 10, laugardaginn 19. nóvember klukkan 17:00. Dagskrá og nánari upplýsingar er að finna á www.sleðahundar.is - allir velkomnir!

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR



Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Spjalldömur 908 5500

Opíð þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

ATVINNA

Atvinna í boði

PORTIÐ
CAFÉ & RESTAURANT
KRIKGLUMNI

Óskum eftir að ráða starfsmann í þjónustu.

Fullt starf og auka vinna í boði.
Reynsla af þjónustu-
störfum skilyrði.
Lágmarksaldur er 20 ár.

Íslenskukunnátta skilyrði.
Icelandic skills required.

Áhugasamir sendið umsókn.
á netfangið info@portid.is

Leita að viðskiptafélaga sem vill ná langt! s. 8411448

Fullt starf eða hlutastarf í söluturni í RVK. Eldri en 20 ára, reyklaus, reglusemi og íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. sendist á voruskemman@gmail.com

Dreyfingar og sölumenn óskast. Byggðu upp þína framtíð. 7732113 Bjarki

Viðskiptataekifæri

Veitingarstaður til sölu

Tælenskur veitingarstaður með fullt leyfi í stóru hverfi, vel tækjum búinn. Stórt eldhús, allt nýtt. Mikilir möguleikar. Verð 10,9 mil. Uppl. í s. 864 8338

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó
Funahöfða 17a -19 Rvk og
Dalshraun 13 Hfj M/ baði.
eldh., þurrkara og þvottavél.
824 4535.

Room for rent 1-2 person and
studio. Funahöfða 17a -19 Rvk
and Dalshraun 13 Hfj Whith
Bath, kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535.
www.leiguherbergi.is

**GÓÐ GISTING
Í MIÐBÆ RVK**
Gott verð, dags, viku- og
mánaðarleiga.

www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu
íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu
inn á www.leigulistinn.is eða hafðu
samb. við okkur í s. 511 1600.

**Vinnuherbergi til leigu
110 RVK**

3. vinnuherbergi í sameiginlegu
skrifstofuhúsnæði sem er bifreiðar.
is á góðum stað á hálsinum 110
RVK, um er að ræða 3 vinnuherb.
með sameiginlegri kaffiástöðu og
setustofu. Uppl. gefur HALLDÓR S. 899
7230.

Atvinnuhúsnæði

150 fm. iðnaðarhúsnæði á
Kársnesbraut til leigu. Góð aðkoma,
skrifstofuástaða, stór innkeyrsluhurð,
gott útipláss malbikað. Uppl. 6605600

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m². Aðgangur
8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki -
iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun.
S: 564-6500

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og
Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Geymsluhúsnæðið

Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar,
mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Gisting

Costa Brava, Playa de aro, laust í vetur,
100.000 mánuðurinn. www.starplus.is
& www.starplus.info



Dekurhelgi í Stykkishólmi!
Lúxusgisting með heitum pottum.
Sund, gönguferðir og siglingar.
Veitingastaðir á heimsmælikvarða.
Upplýsingar í síma 861 3123 eða á
www.orlofsibudir.is

FRETTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

Tilkynningar

**AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI**

Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru hér með auglýstar til kynningar. Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/> Kynningartími fyrir skipulagstillögur 2 - 4 er frá 17. nóvember til 30. desember 2011. Athugasemdir við tillögur 2-4 skulu berast skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu í síðasta lagi 30. desember 2011 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests, telst vera samþykktur þeim.

1. Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 vegna námu í landi Eyvindartungu í Bláskógabyggð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

2. Tillaga að deiliskipulagi fyrir bæjartorfu Efsta-Dals II í Bláskógabyggð.
3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi 60 ha spildu úr landi Þingdals með landnr. 203004. Lögbýli og frístundabyggð.
4. Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags tveggja samhliða frístundabyggða í landi Fells í Bláskógabyggð sem saman kallast Holtahverfi. Um er að ræða samræmingu á skilmálum deiliskipulaganna.

Pétur Ingi Haraldsson

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps

Fasteignir

**OPIÐ HÚS
Í DAG KL.
17.30-18
HAMARS-
BRAUT 9
EFRI HÆÐ**

Falleg og algjörlega endurnýjuð 51,3 fm 2ja herbergja rishæð í góðu tvíbýlishúsi. Íbúðin er öll ný uppgerð. Einnig er búið er að taka húsið í gegn að utan. Verð 13,9 millj.



Hafðu samband
KRISTBERG SNJÓLFFSSON
Sölufulltrúi
Sími: 892 1931 – kristberg@landmark.is



MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

LANDMARK

FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17.30 - 18

Hlaðhamrar 46 – raðhús

Sýnum í dag mjög gott og vel skipulagt 145 fm raðhús ásamt 28 fm bílskúr á rólegum og góðum stað í botnlanga. Húsið er mest á einni hæð ásamt risi sem er lítið undir súð en þar er sjónvarpsstofa og eitt herbergi. Aðalhæðin skiptist í stórar stofur og ca. 10 fm sólskála (ekki inni í fm.tölu). Tvö herbergi, eldhús, baðherbergi og þvottahús þar innaf. Parket á gólfum. Suðurgarður með nýlegum miklum sólpöllum. Verð 38,9 millj. Ath.skipti á 3ja – 4ra herb. íbúð.



Ólafur B Blöndal lgf., sími 690 0811, tekur á móti þér og þínum í dag á milli kl. 17:30 og 18

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18 - 18.30

Aflagrandi 40 - 4.hæð

60 ára og eldri .
Sýnum í dag 69 fm 2ja herb. íbúð á 4.hæð í þessu eftirsóttá húsi. Suðaustursvalir með góðu útsýni. Íbúðin er með nýjum gólfefnum og öll nýmáluð. Til afhendingar fjótlega. Verð 21,8 millj.



Gísli Rafn Guðfinnsson, sími 893 8323, tekur á móti þér og þínum í dag á milli kl. 18 og 18:30



FASTEIGNASALAN
fasteign.is SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

Atvinna

Krefjandi starf í spennandi starfsumhverfi

Isavia óskar eftir að ráða kraftmikinn og áhugasaman verkefnastjóra inn á fjármálasvið félagsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Um er að ræða skemmtilegt og spennandi starf í fjölbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi en verkefni falla undir viðskiptaþróun hjá félaginu.

Verkefnastjóri mun leiða vinnu við mat og þróun á viðskiptatækifærum hjá félaginu ásamt því að taka að sér afmörkuð verkefni inn á fjármálasviði sem snúa að því að safna, greina og miðla upplýsingum úr hinum ýmsu upplýsingakerfum félagsins.

Helstu verkefni:

- Verkefnastýring, mat og þróun á viðskiptatækifærum
- Söfnun, greining og miðlun tölfraeðiupplýsinga
- Úrvinnsla fjárhagsupplýsinga og skýrslugerð

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Reynsla af vinnslu tölfraeðiupplýsinga er nauðsynleg
- Mikilvægt að viðkomandi sé töluglögur og nákvæmur í vinnubrögðum
- Góð færni í notkun á Excel nauðsynleg og er kunnátta í Navision kostur
- Sjálfstæði í starfi, fagmennska í vinnubrögðum og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Viðkomandi þarf að vera vel talandi og skrifandi á enskri tungu

Umsækjandi þarf að hafa lipra og þægilega framkomu, eiga auðvelt með að vinna undir álagi og setja sig inn í ný verkefni. Umsækjandi þarf að sýna af sér frumkvæði í starfi og vera skipulagður í verkum sínum.

Umsóknir

Upplýsingar um starfið veitir Guðný María Jóhannsdóttir, forstöðumaður viðskiptaþróunar, gudny.johannsdottir@isavia.is.

Umsóknarfrestur er til 30. nóvember. Umsóknareyðublöð má finna á: www.isavia.is/atvinna
Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Viðskiptaþróun heyrir undir fjármálasvið hjá Isavia og hefur það hlutverk að meta og þróa viðskiptatækifæri í samstarfi við önnur rekstrarsvið félagsins. Hjá Isavia starfa um 570 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um rekstur flugvalla og veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlands jafnt sem millilandaflug auk yfirflugþjónustu fyrir Norður- Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. grasþökur, 6. komast, 8. efnir, 9. egna, 11. kringum, 12. erfiði, 14. fót-mál, 16. tveir eins, 17. fjallaskarð, 18. skordýr, 20. bókstafur, 21. óskert.

LÓÐRÉTT

1. hvæs, 3. pot, 4. tré, 5. óðagot, 7. vinsæll, 10. rölt, 13. gröm, 15. svikull, 16. þjalfa, 19. fæddi.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. torf, 6. ná, 8. tau, 9. aesa, 11. um, 12. streö, 14. skref, 16. aesa, 17. gil, 18. fló, 20. ká, 21. allt.
LÓÐRÉTT: 1. fnæs, 3. of, 4. rauðeik, 5. fum, 7. ástsæll, 10. ark, 13. erg, 15. flar, 16. aefa, 19. öl.



Lilja Nótt Þórarinsdóttir

Fór með hlutverk Snæfríðar Íslandssólar skömmu eftir útskrift úr Leiklistarskóla Íslands og hlaut mikið lof fyrir. Nú hefur hún komið á fót leikhópnum Suðsuðvestur sem setur upp leikritið Eftir lokin í Tjarnarbíói.



FÖSTUDAGUR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

Uppi í sófa, ofan í jökli

BAKÞANKAR
Sigríðar
Víðis
Jónsdóttur

Þegar sumir leggjast undir sæng klæða aðrir sig í snjógallann, opna dyrnar og rjúka út. Þegar varað hefur verið í fréttunum við snarvitlausu veðri og flestir eru búnir að festa aftur alla glugga og komnir í ullarsokkana eru aðrir sem hendast af stað. Út. Steypa sér mitt inn í hríðina þegar neyðarkallið kemur.

Það er þá sem ég sjálf hækka í ofnunum. Hita kakó og þakka almættinu fyrir að til séu manneskjur sem bjóðast til að fara út í þetta veður. Slást við fjúkandi þakplötur. Binda niður lausamuni. Leita að týndu fólki.

UMRÆDDAR TÝPUR

fara nefnilega ekki einungis út í veðrið sem ég sjálf held mér vandlega frá. Þær gera það í sjálfboðavinnu. Þær leita að fólki heilu næturnar – sjálfviljugar. Þær snúa sólarhringnum á hvolf og henda frá sér öllum öðrum verkefnum – allt í sjálfboðinni vinnu. Það er síðan ekki eins og þær séu

úti svo klukkutímum skiptir að glápa út í loftið: Þær eru stanslaust að. Þrammandi fram og til baka. Uppi á fjalli, inni í skógi, úti í fljóti.

STUNDUM PURFA þær að fara alla leið upp á jökul. Þær leita því ekki bara að öðrum næturnar langar, í nístingskulda – heldur við stórhættuleg skilyrði. Sumar fjallageiturnar síga auk þess niður í jökulsprungur til að hjálpa öðrum. Meðan ég sjálf skríð upp í sófa skríða þær inn í óhugnanlegan ísklump. Fara niður um örmjó göt á mörg þúsund ára gamalli ísbreiðu sem brakar og brestur í.

OG ER ÞÁ allt það súrrealíska upp-talið? Aldeilis ekki. Það er einmitt á þessari stundu sem augljóst verður að leitinn miðast jú öll að því að finna. Nema hvað! Sjálfboðafólkið okkar – þetta með hrímið í hárinu í kolvitlausu veðrinu – þarf sem sé að geta búist við hverju sem er: Að finna mikið slasaða manneskju, hlúa að henni og koma í burtu. Að ganga beint inn í erfiðar aðstæður sem mörg okkar, kannski flest, myndu forðast. Að finna dáíð fólk.

MIKIÐ ER ÉG þakklát fyrir að sumir bjóðist til að hjálpa öðrum á þennan hátt.



myndasögur

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÝR 4BLS BÆKFLINGUR

STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNÐUM

NÝR VEFUR

TS11 NY KYNSLÓÐ FARTÖLVA
119.900

LK11
99.900

Q15R
99.900

TS11 SÍÐDANHI HERT Í LEIÐUNA
144.900

PlayTab 2
19.900

CANON MP250
4.990

80T.93
59.900

30SU1A
89.900

10.1" TAB
99.900

40 PUSUND

ENN BETTRA VERO!

SENDU FRITT

ABLS



USB MINNISLYKLAR

Landsins mesta úrval af stórskemmtilegum minnislyklum frá Satsuma, LaCie og fleirum

FRÁ 1.490

LANDSINS MESTA ÚRVAL

MEÐAN BIRGDIR ENDAST

ENCORE SPILARI

Nettur USB sjónvarpsflakkari með glæsilegri fjarstýringu og innbyggðum kortalesara

4.990

SJÓNVARPSFLAKKARI

NÝTT VAR AÐ LENDA FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



24" LED SKJÁR

Glæsilegur 24" LED skjár frá BENQ með 12 milljón:1 í skerpu og á ótrúlegu tilboði

34.900

BENQ GL2450 LED SKJÁR

Birt með fyrirvara um breytingar, innstættarvillur og myndbreytingu

USB GLINGUR

GIGABYTE UPPFÆRSLA
29.900

EEEBOX BORNÝTÖLA & TILBOÐ
69.900

GIGABYTE INCLUDE TÖLVUFRÖÐ 1
129.900

RS120 HÁÐLAUS
7.990

M6900 LEKJAMÓSI
5.990

4GB MÚSHAKIN MINNI
4.990

8GB MP3 COBY MP707
6.990

720p HD VEFVINGI
4.990

24" LCD FULL HD SKJÁR
29.900

120GB SATA3 HDD
29.900

640GB BLAUJON POWER PLAKKUR
16.900

24" VALED BANDA FULL HD VA-LED SKJÁR
49.900

HD 720p 3D SKJÁRVAÐI
189.900

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



ÞRIÐJU HÁDEGISTÓNLEIKAR Listafélags Víðistaðakirkju verða á morgun klukkan 12. Að þessu sinni er það hornleikarinn Emil Friðfinnsson sem mun flytja verk úr smíðju Telemanns, Mendelssohns, Messiaens og Dukas.

Frumstýnt í Rýminu

Leikverkið Saknað eftir Jón Gunnar Þórðarson verður frumsýnt á morgun í Rýminu á Akureyri. Það er Leikfélagið Silfurtunglið sem setur upp verkið í samvinnu við Leikfélag Akureyrar.

Saknað er dramatískt verk sem fjallar um fjölskyldu og tilraunir hennar til að viðhalda heiðri sínum.

Leikararnir Þrúður Vilhjálmisdóttir og Kári Viðarsson ganga nú til liðs við Silfurtunglið. Aðrir meðlimir Silfurtunglsins, þau Ívar Helgason og Jana María Guðmundsdóttir, fara einnig með hlutverk í verkinu.

Gert er ráð fyrir að Saknað verði sýnt í sex skipti.

- hhs




ÞAKKLÁTAR FORMÆÐRUNUM Pæra Soffía Jóhannsdóttir, Hildigunnur Sverrisdóttir og Hrunn Gunnsteinsdóttir vildu heiðra mömmur sínar, ömmur, langömmur og lífið sjálft með sköpun ljóðabókverksins *Hverra mamma ert þú?*

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

METSÖLULISTI EYMUÐSSON

09.11.11 – 15.11.11



1.
Sæti
METSÖLULISTI
EYMUÐSSON

„Arnaldur kann þá list að vefa glæpasögu ... Staðsetning sögunnar í tíma er snilldarlega unnin ... Spennandi og heilsteypt saga ...”

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

1	Einvígið - Arnaldur Indriðason
2	Gamlinginn sem skreið út um gluggann - Jonas Jonasson
3	Glósubók Ævars vísindamanns - Ævar Þór Benediktsson
4	Icesave-samningarnir - Sigurður Már Jónsson
5	Uppeldi er ævintýri - Margrét Pála Ólafsdóttir
6	Holl ráð Hugos - Hugo Þórisson
7	Húshjálpin - Kilja - Kathryn Stockett
8	Málverkið - Ólafur Jóhann Ólafsson
9	Jójó - Steinunn Sigurðardóttir
10	Náttúruleg feður - Arndís Sigurðardóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU
Í EYMUÐSSON UM LAND ALLT

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Styrkur mýktarinnar, viljans og blíðunnar er ótrúlegur

Þróunarfræðingur, arkitekt og myndlistarkona unnu saman að ljóðabókverkinu „Hverra mamma ert þú“ sem kemur út í Spark Design Space á morgun. Með því vilja höfundarnir heiðra mæður sínar, ömmur, langömmur og lífið sjálft. Sýningin stendur yfir í þrjá daga.

Ljóðabókverkið *Hverra mamma ert þú?* varð til í höndum þróunarfræðingsins Hrunnar Gunnsteins- og Sigrúnardóttur, arkitektsins Hildigunnar Sverris- og Regínudóttur og myndlistarkonunnar Soffíu Guðrúnar Kristínar- og Jóhannsdóttur. Þær hafa saman skapað þrívíðan ljóðaheim, sem er þeirra leið til að heiðra mömmur sínar, ömmur, langömmur og lífið sjálft.

Verkið er unnið af mikilli natni og alúð. Efniviðurinn er lífseigasti pappír sem til er, sem lifir í þúsund ár. Það má lesa spjaldanna á milli eins og aðrar ljóðabækur, en því má líka stilla upp sem skuggaverki og skúlptúr, sem breytir um útlit eftir því hvernig dagsljósið skín á það. Fremst í bókinni má sjá „kipruna“ sem var sköpuð með sérútbúnum stensli handverksmanna frá Þýskalandi. „Við lögðum strax mikla áherslu á handverk og það fór mikill kærleikur í gerð bókarinnar frá á til ö. Prentunin er á dýptina, sem þú finnur þegar þú rennir puttunum yfir myndina. Það eru margar hendur sem strjúka henni á leiðinni,“ segir Hildigunnur, arkitektinn í hópnum.

Þessi ljóðaheimur er byggður upp í kringum sex ljóð eftir Hrunn, sem öll eru ódur til hins nærandi mjólega afls. Á endanum náði sjötta ljóðið þó yfir hin fimm og birtist nú eitt í verkinu. Það er vel við hæfi að styrkur hafi fengist til verkefnisins úr Hlaðvarpanum, menningarsjóði kvenna.

Hrunn líkir vinnuferlinu við starf fornleifafræðingsins. „Það mætti kalla þetta einhvers konar fornleifauppgröft um móðurina og nærandi orku sem frumafli í heiminum. Hér er móðirin



LJÓÐABÓK, SKUGGAVERK OG SKÚLPTÚR

Ljóðabókverkið *Hverra mamma ert þú?* má hvort heldur sem er lesa spjaldanna á milli eða stilla upp eins og skuggaverki og skúlptúr. Efniviðurinn sem unnið er með er lífseigasti pappír sem til er, en hann lifir í þúsund ár.

MYNDR/VIGFÚS BIRGISSON

spennt út í mjög stórt samhengi í tíma og rúmi og við veltum fyrir okkur hvar sú orka er stödd núna og hvernig við umgöngumst hana. Hvernig umgengni um hana hefur áhrif á þætti eins og undirvitund, visku, jafnvægi og gnægð.“

Gegnumgangandi í verkinu eru kvenleg form eggssins, sprotans og fræsins. „Það er ótrúlegur byggingarfræðilegur styrkur í egginu og á sama tíma er mikill styrkur í mýktinni, viljanum og blíðunni. Þessi kvenlegu form endurspeglu getu kvenlíkamans til að næra og vernda,“ útskýrir arkitektinn Hildigunnur.

Formin breytast þegar ljósið fellur á þau og úr verður dýpt og skuggar sem fullkomna verkið.

Hvíti liturinn spilar veigamikil hlutverk í því að skapa það sjónarspil. „Það er eitthvað svo fallegt og friðsælt við hvíta litinn,“ segir Soffía. „Þegar ljósið fellur á verkið fer allt að gerast á síðunum. Það er svo mikið hægt að leika sér með náttúrulega birtuna á hvíta litnum.“

Hildigunnur bætir við: „Hvítur er móðir allra lita, hann á þá alla inni í sér. Hvítt myrkur hefur gæði svarta myrkursins, en er á sama tíma alltumlykjandi, hlýtt og dásamlegt.“

Hverra mamma ert þú? kemur út síðdegis á morgun, 18. nóvember í Spark Design Space, Klapparstíg 33. Sýningin stendur aðeins yfir í þrjá daga. holmfridur@frettabladid.is

HÚN ER LOKSINS KOMIN!

RISA

BRANDARABÓK ANDRÉSAR!

**Hnausþykk og sjúklega fyndin brandarabók sem fær
þig til að bilast úr hlátri!
Náðu þér í eintak núna í næstu verslun!**

**YFIR
1000
BRANDARAR
336
BLAÐSÍÐA**



ANDRÉS ÖND
WWW.ANDRÉSÖND.IS

Tungan blómstrar í snjáðustu bókunum

Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem afhent voru á degi íslenskrar tungu í gær. Sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslensku hlaut hljómsveitin Stuðmenn.

„Þetta er mikil viðurkenning og hún kom mér mjög á óvart. Fyrri verðlaunahafar eru miklir íslenskujöfrar,“ sagði Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur hógværi í spjalli við Fréttablaðið í gær, en þá hlaut hún verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem veitt eru árlega á degi íslenskrar tungu.

Fyrsta skáldsaga Kristínar Marju, Mávahlátur, kom út árið 1995 en síðan hefur hún sent frá sér fjölda verka. „Veruleiki íslenskra kvenna er yrkisefni Kristínar Marju og varpar hún í verkum sínum ljósi á líf og störf kvenna, hlutverk, drauma og þrjár. Jafnrétti kynjanna var markmið og leiðarljós er hún hóf skáldaferil sinn og má merkja það ljóst og leynt í gegnum verk hennar... Í bókmenntunum lifir tungumálið, en eingöngu ef þær eru lesnar og Kristín Marja hefur fyrir margt löngu kvatt sér hljóðs hjá íslenskri þjóð og fangað fjöldann með myndrænum lýsingum og fjölkrúðugu máli sagnameistar-



VERÐLAUNIN AFHENT Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti Kristínu Marju Baldursdóttur verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

ans, enda blómstrar tungan í snjáðustu bókunum,“ er meðal þess sem lesa má í rökstuðningi ráðgjafar-

nefndar sem skipuð var þeim Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, Kristjáni Árnasyni og Þórarni Eldjárn.

Kristín Marja segir það hafa leiðað á sig fyrir löngu að skrifa bækur um konur. „Mér fannst

eins og konur sem skrifuðu um konur í skáldsögum færur hefðbundna leið karla í sínum frásögnum. Ég þekkti konur öðruvísi og langaði að lýsa þeim út frá þeirri sýn. Síðan þegar ég var blaðamaður uppgötvaði ég það að jafnrétti er mín eina sanna hugsjón og þar með fór mín fyrsta skáldsaga í gang.“ Kristín Marja hefur notið mikilla vinsælda og segir hún það ánægjulegt. „Íslendingar víkja sér oft að mér úti í búð og ræða bækurnar. Undanfarnin ár hef ég síðan hitt marga útlendinga sem eru hingað komnir til að fara á söguslóðir Karitasar,“ segir Kristín Marja, sem vinnur um þessar mundir að skáldsögu sem koma á út á næsta ári.

Kristín Marja hlaut í verðlaun 700 þúsund krónur og ritið Íslenskir fuglar, teiknaðir af Benedikt Gröndal 1899-1900. Íslandsbanki veitir verðlaunaféð.

Sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslenska tungu hlaut hljómsveitin Stuðmenn. „Margir texta Stuðmanna eru löngu orðnir klassískir og ómissandi þar sem fólk kemur saman. Það varðar því miklu að þeir eru allir ortir og fluttir á íslensku eins og ekkert sé sjálfsagðara,“ er meðal þess sem kom fram í rökstuðningi ráðgjafarnefndarinnar. Í hlut Stuðmanna kom listaverk eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur. sigrídur@frettabladid.is

Kellíngabækur kynntar í Gerðubergi

Ný verk kvenhöfunda verða kynnt í Gerðubergi á laugardaginn milli klukkan eitt og þrjú undir yfirskriftinni Kellíngabækur. Verkin eru af margvíslegum toga; Skáldsögur, fræðibækur, ljóðabækur, ævisögur og barnabækur, en þetta er fjórða árið sem Gerðuberg kynntir ritverk kvenna í samstarfi við undirbúningshóp Fjöruverðlaunanna.

Kynnt verða um fjörutíu verk og hafa nemendur við Háskóla Íslands umsjón með upplestrum. Í anddyri verða bækur seldar á

sérstöku tilboðsverði auk þess sem höfundar og forleggjarar kynna bækur sínar.

Í Gerðubergssafni Borgarbókasafnsins verður sérstök barnadagskrá þar sem lesið verður úr barnabókum, krakkar fá tækifæri til að æfa jóga og foreldrar og börn fá sýnikennslu í nuddi. Í bókasafninu verður einnig sýning á bókum þeirra kvenna sem hlotið hafa Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, síðustu ár. Veitingar verða á boðstólum hjá Gallerí fiski, veitingastofu Gerðubergs.

Tónlist ★★★★★

Upphafstónleikar Tónlistardaga Dómkirkjunnar.

Kári Þormar stjórnaði Kammerkór kirkjunnar.

Dómkirkjan í Reykjavík, sunnudagur 13. nóvember.

Kunnuglegt handbragð

Einhver besti geisladiskurinn með íslenski kór- tónlist ber nafnið Það er óskaland íslenskt. Kór Áskirkju syngur þar undir stjórn Kára Þormar og lögin eru svo fallega túlkðuð, af svo mikilli næmi og tilfinningu – en samt svo látlaust, að það er alveg einstakt.

Nú eru tónlistardagar Dómkirkjunnar byrjaðir, hófust með tónleikum þar á sunnudaginn. Kári starfar við kirkjuna og á tónleikunum stjórnaði hann Kammerkór Dómkirkjunnar. Mér fannst ég kannast við handbragðið.

Á efnisskránni voru verk eftir nokkur íslensk tónskáld, Jakob Hallgrímsson (Kveð ég um kvinnu eina), Huga Guðmundsson (Hvíld) og Hildigunni Rúnarsdóttur (Ó Jesús séu orðin þín). Þau voru hvert öðru betri. Söngurinn var innilegur og hástemmdur, vandaður og samtaka. Það var varla hægt að hugsa sér fegurri flutning.

Sömu sögu er að segja um útlensku tónskáldarnar, sem voru eftir Trond Kverno, Grieg, Bach og Rakhmaninoff. Það stærsta var eftir Bach, Jesu, meine Freude og var þrýðilega sungið. Hljómburðurinn í Dómkirkjunni er ekkert sérstaklega þægilegur að syngja í, en hér var vel farið með texta, laglinur og fjölróddun. Túlkunin var margbrotin og ávallt sannfærandi, maður hlustaði af andakt og ánægju, þrátt fyrir að bekkirnir í kirkjunni séu ekki þægilegir.

Hápunkturinn á tónleikunum var Bogoroditse devo úr Vesper eftir Rakhmaninoff, einstaklega tilfinningaríkt verk með kraftmiklum hápunktum sem skiluðu sér fullkomlega á tónleikunum. Tónlistin krefst m.a. djúpra bassatóna, og þeir komu þrýðilega út. Og samstilling kórmeðlima var aðdáunarverð.

Kári Þormar er án efa einn músíkalskasti kórstjóri sem við eigum.

Jónas Sen

Niðurstaða: Skemmtilegir tónleikar með Kammerkór Dómkirkjunnar þar sem saman fór samstilltur söngur og músíkölsk túlkun.

Frábært!
Til hamingju, Íslenska óperan
- **Viðsjá, HJ**

Kraftaverk!
- **Djöflaeyjan, MK**

Gífurleg stemmning
- **www.tmm.is, SA**

★★★★
Töfrandi óperusýning
- **Fréttablaðið, JS**

Meistaraverk Mozarts
stóð fyllilega fyrir
síferskum galdri sínum
- **Morgunblaðið, RÖP**

Absolutely stunning!
- **www.icelandreview.com, ÁA**

AUKASÝNING laugardaginn 26. nóvember kl. 21

W.A. Mozart
TÖF RAFLAUTAN

ÞÓRA EINARSDÓTTIR · FINNUR BJARNASON · GARÐAR THÓR CORTÉS
ÁGÚST ÓLAFSSON · SÍGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR · JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR · AUÐUR GUNNARSDÓTTIR · SÍGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR
SNORRI WIUM · VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR · KOLBEINN JÓN KETILSSON · VIÐAR GUNNARSSON
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

LÝSING: PÁLL RAGNARSSON · BRÚÐGERÐ: BERND OGRONNIK
BÚNINGAR: FILIPPÍA I. ELÍSDÓTTIR · LEIKMYND: AXEL HALLKELL JÓHANNESSEN
LEIKSTJÓRI: ÁGÚSTA SKÚLADÓTTIR · HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON

Laugardaginn 19. nóvember kl. 20 – **uppselt**
Sunnudaginn 20. nóvember kl. 16 – **uppselt**

Föstudaginn 25. nóvember kl. 20 – **uppselt**
Laugardaginn 26. nóvember kl. 21
- **ALLRA SÍÐASTA AUKASÝNING**

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÝMISLEGT ÁÐUR ÓBIRT EFNI
OG LJÓSMYNDIR SEM EKKI HAFA
KOMIÐ FYRIR ALMENNINGSJÓNIR!

VIÐAR HREINSSON

Kemur út
í dag!

Byggir meðal
annars á
einkabréfum
og minnisblöðum
séra Bjarna.

Bjarni Þorsteinsson
ELDHUGI VIÐ YSTA HAF

STÓRBROTIN ÆVISAGA ELDHUGA

Viðar Hreinsson skrifar þessa glæsilegu ævisögu séra Bjarna en Viðar var á sínum tíma tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir verk sitt um ævi Stephans G. Stephanssonar.

Bjarni Þorsteinsson – Eldhugi við ysta haf er stórmerkileg og vönduð ævisaga um mann sem braust úr sárri fátækt til mennta. Hann réðst til preststarfa í litlu þorpi sem breyttist á skömmum tíma í sildarbæinn Siglufjörð og bjargaði þjóðlagarfi Íslendinga frá því að falla í gleyskunnar dá. Hann var mikill athafnamaður og rómantíker – margbrotinn maður sem kenndi til í stormum sinnar tíðar.

VERÖLD



Listin í skóginum

Myndlist ★★★★★

Úlfur! Úlfur!

Samsýning sjö listamanna fyrir börn og fullorðna.

Listasalur Mosfellsbæjar.

Til 10. des. Opíð mán-fös. 12-18 og mið. 10-18. Lau. 12-15. Lokað sunnudaga.

Það er fallett heildaryfirbragð sem ríkir á sýningunni Úlfur! Úlfur! sem opnaði í Listasal Mosfellsbæjar um síðustu helgi. Yfirlýst markmið er að höfða til barna jafnt sem fullorðinna og óháett að segja að það takist með ágætum. Listamennirnir sjö sem sýningarstjórnin Lilja Birgisdóttir hefur valið eru þau Guðmundur Thoroddsen, Ragnheiður Káradóttir, Sigurlaug Gísladóttir, Sigríður Liv Ellingsen, Marguerite Keyes, Sara Riel og Steinunn Harðardóttir. Flest þeirra eru tiltölulega nýútskrifuð frá Listaháskóla Íslands, sum lengra komin en önnur í sýningarhaldi og ein er frá Bandaríkjunum; Marguerite Keyes.

Heildaryfirbragðið er fínlegt og leikandi. Hér er fagurfræði hversdagsins, fundinna hluta,

efnisnotkun sem sækir til náttúrunnar og einfaldar aðferðir eins og teikning ríkjandi. Fagurfræði hins viðkvæma og smágerða, glitrandi málmefni í samspili við náttúrulegan efnivið, birtist í fleiri en einu verki. Sömuleiðis tækni sem sækir sjarma til liðsins tíma og kallast svolítið á við fagurfræði skemmtigarða, hringekjur, blikkandi ljós, kaleidóskóp, glit og gyllingar, en allt á frekar dempuðum og smáum skala. Skógurinn virðist hafa verið viðfangsefni listamanna, þó ekki komi það beinlínis fram er líkt og þeir skapi rjóður í skóginum.

Skúlptúrar Steinunnar Harðardóttur koma á óvart þegar þeir lifna við fyrir tilstilli áhorfandans, hér er innvolsið áhugaverður hluti af verkinu. Smágerð veggverk Marguerite Keyes eru eins og annars heims, lifna í stækunarglerinu þar sem þau eiga sér ósnertanlega tilvist. Heillandi verk sem kveikja forvitnina. Einfalt kaleidóskóp öðlast nýtt líf hjá Ragnheiði Káradóttur, eins og ný tegund af næturhimni. Sigríður Liv þyrlar glitrandi karamellubrífum um rýmið í heimagerðum vindi, glit þeirra kallast á við verk Steinunnar og Guðmundar

Thoroddsen sem hefur gert litríkan skúlptúr fyrir miðju salarins og vinnur bæði með form og liti á malerískan hátt. Teikningar Söru Riel af dýrum eru mjög áhugaverðar í einfeldni sinni, smáatriði tengja þær við samtímann á meðan aðferð og framsetning eru sigild. Hér vaknar spurningin um tengslin við náttúruna, um fyrirmyndina – ljósmyndir, kannski uppstoppuð dýr, eða jafnvel bangsar? Sums staðar tekur mynstrið yfirhöndina og dýrið hverfur í iðandi yfirborð. Yfir og allt um kring hljómar svo náttúruhljóðmynd Sigurlaugar Gísladóttur, eins og ósýnilegur tengikraftur.

Það er verulega flott að sjá þessa listamenn vinna svona vel saman og þó hvern og einn á sinn persónulega hátt. Markmið þeirra tekst vel, verk þeirra höfða til barna án þess nokkurn tímann að verða barnaleg eða ofureinföldun af myndlistinni, eru bara þau sjálf og sem slík höfða þau til allra.

Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Blæbrigðarík og fjölbreytt sýning sem lætur ekki endilega mikið yfir sér við fyrstu sýn, smá í sniðum en kemur skemmtilega á óvart.



HEILDARYFIRBRAGÐIÐ ER FÍNLEGT OG LEIKANDI „Skúlptúrar Steinunnar Harðardóttur koma á óvart,” segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

MYND/LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR

Þú kemst fljótt að!
FUDGE
...en þú getur líka pantað tíma

Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
Opíð laugard. kl. 10-14

RÖKKUR HÆÐIR
ÓTTULUNDUR
HATTI HINN MAGNADÓTTIR

VENTANLEG Í VERSLANIR
18. NÓV

Bluessamband Íslands kynnir:
BluesAkademían ásamt Baldri Guðmundssyni og Jens Hanssyni

Ennfremur:
Mikki Pollock & Siggí Sig

Classic Sportbar
Ármúla 5
fimmtudaginn 17. nóvember kl. 21.00

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 17. nóvember 2011

Tónleikar



20.00 Nýdönsk flytur hljómplötuna Deluxe, sem þykir með bestu íslensku plötum fyrr og síðar, í Borgarleikhúsinu í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá útgáfu plötunnar. Miðaverð er kr. 4.400.

20.00 Hljómsveitin Norn fagnar útgáfu nýrrar kassettu með tónleikum í Hinu Húsinu. Ásamt Norn koma fram Logn, Þórir Georg og Ravachol. Kassettan verður til sölu á tónleikunum á kr. 500. Allir velkomnir.

20.00 Hljómsveitin Contalgen Funeral heldur í tónleikaferð um Norðurland vestra. Í kvöld mun sveitin spila blússkotið kántrí-rokk í félagsheimilinu á Laugarbakka. Aðgangseyrir er kr. 500 og er greiddur við innganginn.

20.00 Ó, undur lífs er yfirskrift styrktartónleika sem Hollvínasamtök Líknardeilda Landspítalans standa fyrir í Neskirkju. Tilefnið er fyrirhuguð lokun líknardeildarinnar á Landakoti og niður-skurður á þjónustu líknardeilda Landspítalans. Á tónleikunum koma fram valinkunnir tónlistarmenn og kórar.

21.00 Hljómsveitin A Band on Stage heldur tónleika á Græna Hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

21.00 Blússkvöld verður haldið á Classic Rock í Ármúla. Mikki Pollock leikur órafmagnaðan blús ásamt Siggí Sig. Á eftir þeim stígur á stökk Blues Akademian. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



21.00 Skúrinn á Rás 2 verður í beinni útsendingu á Gauki á Stöng. Hljómsveitirnar Jimi Hendrix Project, **Sing For Me Sandra**, Lucía og Wicked Strangers spila fyrir gesti. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

21.00 Svavar Knútur kemur fram á tónleikum ásamt stúlknaðkórnum Karítur Íslands á Café Rosenberg. Hilmar Örn Agnarsson organisti stjórnar kórnum sem hefur vakið athygli fyrir frábæra framkomu og skemmtilegt lagaval. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

21.00 Hljómsveitin The Dandelion Seeds kemur fram á Kreppukvöldi á Bar 11. Fyrir og eftir tónleika er það Matti af Rás 2 sem sér um að spila bestu tónlistina. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Hljómsveitirnar Eldar og Ylja halda tónleika á efri hæðinni á Faktory. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

22.00 Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Obladí Oblada, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Leiklist

20.00 Leik-sýningin Eftir lokin í leikstjórn **Stefáns Halls Stefánssonar** verður sýnd í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 3.200.



20.00 Sprenglægilega leiksýningin Hjónabandssæla er sýnd í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 4.300.

21.00 Stúdentaleikhúsið sýnir leikritið Hreinn umfram allt, betur þekkt sem gamanleikurinn The Importance of Being Earnest eftir Oscar Wilde. Leiksýningin fer fram í Norðurpólnum, Sefgöðum 3. Miðaverð er kr. 1.500 en nemar greiða kr. 1.000.

Fundur

13.30 Fundur hjá bókmenntaklúbbsi Félags kennara á eftirlaunum í Kennarahúsinu við Laufásveg. Viðfangsefni sjálfvalið.

Heimildarmyndir

17.00 Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Sumarhöllin 1. hluti í Odda 101 í Háskóla Íslands. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

Útgáfuhóf

17.00 Endurútgáfu bókarinnar Lífsjátning - Endurminningar **Guðmundu Elíasdóttur** verður fagnað í Eymundsson við Skóla-vörðustíg milli kl. 17 til 19. Guðmunda tekur á móti gestum og undirritar bókina fyrir þá sem vilja. Allir velkomnir.

17.00 Útgáfu bókanna Húsráðakver frá Kítschfríðar og Konur eiga orðið 2012 verður fagnað ærlega í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18. Bleikur kokteill og Varsjárbandalagið spilar fyrir gesti. Allir velkomnir.

Tónlist

21.00 Benni þeytir skífum á Vega-mótum.
21.00 Dj Danni Deluxe spilar tónlist á Faktory.



22.00 Dj Steindór spilar hressa tóna á Bakkusi.

22.00 Dj Kollster þeytir skífum á Barböru.

22.00 Alfons X stjórnar tónlistinni á Kaffibarnum.

Fyrirlestrar

20.00 Hönnunarsjóður Auroru og nokkrir styrkþegar sjóðsins miðla af reynslu sinni í fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar, Listasafns Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands í Hafnarhúsinu. Allir hjartanlega velkomnir. Í hádeginu í dag fer fram sjöunda úthlutun úr sjóðnum.

20.00 Síðasti fyrirlestur haustsins í fyrirlestrasýrpu Norræna hússins um norræna byggingarlist fer fram í kvöld. Sigurður Einarsson frá Batteríinu Arkitektum segir frá hugmyndafræði og mótun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Fyrirlesturinn fer fram í aðalsal Norræna hússins. Aðgangur ókeypis.

Opnanir



17.00 Grafíski hönnuðurinn **Þórdís Claessen** opnar myndverkasýninguna Klettar í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu. Opnunin stendur frá kl. 17 til 19. Allir velkomnir.

Eldri borgarar

10.00 Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir þútti á Korpúlfsstöðum kl. 10 og listasmiðju á Korpúlfsstöðum kl. 13.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Gott í bíó: Elísabet Ólafsdóttir

Palli & Sinfó kemur út

„Ég er að fara á frumsýningu á Palla & Sinfó í kvöld og hlakka ofboðslega mikið til. Ég fór á tónleikana í Hörpu í sumar og þeir voru svo stórkostlegir að ég get hiklaust mælt með því að fólk næli sér í DVD-diskinn og eyði kvöldstund í að horfa á þá.“



Þú & ég með jólalag


Dúettinn Þú & ég, sem þau Helga Möller og Jóhann Helgason skipa, hefur gefið út nýtt jólalag sem nefnist Ljós út um allt. Lagið er eftir Gunnar Þórðarson og textinn eftir Þorstein Eggertsson. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1980 sem Þú & ég gefur út jólalag, en þá kom út Í hátíðarskapi sem hefur notið mikilla




vinsælda. Lagið verður spilað á árlegum jólatónleikum Helgu Möller í Laugarneskirkju sem verða haldnir 8. og 15. desember. Þar koma fram góðir gestir, þau Ragnar Bjarnason, Gunnar Þórðarson, Ómar Ragnarsson, Elísabet Ormslev og Þú & ég. Magnús Kjartansson, Björn Thoroddsen, Einar Valur Scheving og Jón Rafnsson sjá um undirleik.

Sígild skemmtisaga

SAGA GÚLLÍVERS HINS VÍÐFÖRLA ER NÚ LOKSINS FÁANLEG
Í HEILD SINNI Í NÝRRI ÞÝÐINGU



Í þessari glæsilegu útgáfu af **Reisubók Gúllívers** eru allar ferðasögurnar fjórar, fróðlegur inngangur um baksvið verksins og höfund og ítarlegar skýringar.



Jón St. Kristjánsson þýddi.

Teikningarnar í bókinni eru eftir
Thomas Morten (1836–1866).



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



> Í SPILARANUM

Nolo - Nology
Sigur Rós - Inni
Megas & strengir - Aðför að lögum
Eldar - Fjarlæg nálægð
Rúnar Þór - Brotnar myndir

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Dr. Dre tekur sér frí


Rapparin og upptökustjórinn Dr. Dre ætla að taka sér frí frá tónlistinni eftir 27 ár í bransanum án teljandi hvíldar.

Fyrst ætla hann að ljúka upptökustjórn á plötum Slim Da Mobster og Kendrick Lamar. „Eftir að þær eru tilbúnar ætla ég að taka mér frí, vegna þess að ég hef unnið í tónlist í 27 ár. Á þessum tíma hef ég mest verið fjarverandi frá hljóðverinu í tvær vikur í einu,“ sagði Dre í viðtali við World Entertainment News Network. Óvíst er hvenær sólóplata



hans, Detox, kemur út, en rappáhugamenn hafa beðið spenntir eftir henni. Útgáfunni hefur verið frestað nokkrum sinnum á undanförunum árum. Tvö lög af plötunni hafa þegar litið dagsins ljós, en það eru Kush og I Need a Doctor þar sem Eminem og Skylar Grey voru í gestahlutverki.

TEKUR SÉR FRÍ Rapparin og upptökustjórinn Dr. Dre ætla að taka sér langþráð frí frá tónlistinni. NORDICPHOTOS/GETTY



> PLATA VIKUNNAR

Hjálmar - Órar
★★
„Heldur máttlaus plata frá Hjálmu, sem geta miklu betur.“ - kg



TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

Ný stjarna frá Malí

Tónlist frá Malí hefur átt miklum vinsældum að fagna út um allan heim undanfarin ár fyrir tilstilli listamanna eins og Ali Farka Touré, Tinariwen, Amadou & Mariam, Toumani Diabaté og Oumou Sangaré. Nýjasta malíska stjarnan er hin 29 ára gamla Fatoumata Diawara sem sendi frá sér sína fyrstu plötu, Fatou, hjá World Circuit-útgáfunni í september.

Fatoumata er fædd á Fílabeinsströndinni, en foreldrar hennar voru malískir og hún ólst upp í Malí. Faðir hennar hélt úti danshópi og sem barn var Fatoumata, eða Fatou eins og hún er líka kölluð, meðlimur í honum. Tólf ára gömul var hún send til Bamako til þess að búa hjá frænku sinni sem er leikkona. Fatou gætti barns frænkunnar við kvikmyndatökur og fékk sjálf í framhaldi af því eitt aðalhlutverkið í kvikmynd leikstjórans Cheikh Oumar Cissoko, La genèse. Átján ára flutti Fatou svo til Parísar til þess að leika Antígónu í leikhúsupsetningu. Eftir það fékk hún fleiri hlutverk í kvikmyndum og leikhúsi, bæði í Malí og Frakklandi. Fatou hóf tónlistarferil sinn sem bakradda-söngkona og söng meðal annars inn á plötu Oumou Sangaré, Seya. Það var svo vinkona hennar, malíska söngkonan Rokia Traoré, sem hvatti hana til þess að fara út í tónlistina. Fatou keypti sér gítar, lærði sjálf á hann og hóf að semja lög og texta. Í Malí er gítarinn talinn karlmannlegt hljóðfæri, en Fatou ákvað að stelpur gætu alveg spilað á gítar.

Fatou tók miklu ástföstri við hljóðfærið og byrjaði að taka upp lög fyrir plötu. Hún samdi allt efnið, söng og spilaði á gítar, bassa og slagverk. Það var svo Oumou Sangaré sem kom henni í samband við World Circuit-útgáfuna. Platan hefur fengið mjög góða dóma, enda mjög sterk frumraun. Fatoumata hefur spilað mikið á tónleikum undanfarið, auk þess að koma fram með Damon Albarn og Africa Express og kúbversk-malísku ofursveitinni AfroCubism.

BT frábær tækni

10.000 kr. afsláttur

89.999

verð áður 99.999

Samsung LCD D455 32"

1366x768 - HD Ready

20.000 kr. afsláttur

109.999

verð áður 129.999

Samsung LCD D555 32"

1920x1080 - Full HD

24.999

Samsung D5100 Blu Ray spilar

BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444

Stjarnfræðilegar vinsældir lélegustu hljómsveitar heims

Ótrúlega margar frábærar hljómsveitir hafa komið frá Kanada undanfarin ár. **Arcade Fire, Wolf Parade og Broken Social Scene eru aðeins lítil hluti af hópi sem Nickelback tilheyrir ekki.**

Sjöunda breiðskífa hljómsveitarinnar Nickelback kemur út á mánudaginn. Skífan nefnist Here and Now og fylgir eftir Dark Horse, sem kom út fyrir þremur árum og seldist í nánast stjarnfræðilegu upplagi.

Það má ýmislegt segja um Nickelback, sem er að margra mati versta hljómsveit í heimi. En aðdáendurnir halda nánast ómannlegri tryggð við hljómsveitina, sem hefur selt meira en 21 milljón plötur í Bandaríkjunum ásamt því að hafa selt bílfarma í heimalandi sínu Kanada, Ástralíu og Bretlandi.

Kreppan stöðvar ekki aðdáendurna, en síðasta plata náði þrefaldri platínusölu í Bandaríkjunum og sexfaldri platínusölu í Kanada. Til samanburðar skreið síðasta plata Arcade Fire, The Suburbs, í gullsölu í Bandaríkjunum og náði ekki viðlíka árangri í heimalandi sínu. Það þarf varla að taka fram að Arcade Fire er ein virtasta og besta hljómsveit heims um þessar mundir.

Þrátt fyrir þessar gríðarlegu vinsældir hafa gagnrýnendur sjaldan verið ánægðir með Nickelback. Plötur hljómsveitarinnar fá jafnan slæma dóma, svo slæma að Chris



Martin, forspraki Coldplay, sá sig knúinn til að verja hljómsveitina í viðtali fyrir nokkrum miss-erum. „Þeir hafa verið gagnrýndir af fólki sem hefur engum árangri náð í lífi sínu,“ sagði hann og bætti við að sér þætti Nickelback frábær hljómsveit.

Á nýju plötunni virðist Nickelback feta kunnuglegar slóðir. Smáskífulögin Bottoms Up og When We Stand Together gefa til kynna að hljómsveitin hafi litið sem ekkert þróað hljóminn sem hefur reynst henni svo vel. Það má því búast við að aðdáendur taki plötunni fagnandi, þó að gagnrýnendur verði eflaust áfram fúlar á móti.

atlifannar@frettabladid.is

BROSIR BREITT Chad Kroeger, söngvari Nickelback, hefur ástæðu til að brosa. Hljómsveit hans er gríðarlega vinsæl þó að gæði tónlistarinnar séu umdeild.

NORDICPHOTOS/GETTY



LAGALISTINN			TÓNLISTINN		
Víkuna 10. - 16. nóvember 2011			Víkuna 10. - 16. nóvember 2011		
Sæti	Flytjandi	Lag	Sæti	Flytjandi	Plata
▶ 1	Of Monsters and Men.....	King and Lionheart	▶ 1	Mugison	Haglél
▲ 2	Goyte / Kimbra	Somebody I Used to Know	▲ 2	Hjálmar.....	Órar
▼ 3	Hjálmar.....	Ég teikna stjörnu	▼ 3	Of Monsters And Men	My Head Is An Animal
▶ 4	Mugison.....	Kletturinn	▲ 4	Ingimar Eydal.....	Allt Fyrir alla
▲ 5	Coldplay.....	Paradise	▶ 5	Lay Low.....	Brostinn strengur
▲ 6	Lady Gaga.....	You And I	★ 6	Sigurður G. & Sigríður T.....	Ásamt Sinfónihlj.Íslands
▼ 7	Adam Levine/Christina Aguilera.....	Moves Like Jagger	★ 7	Baggalútur	Áfram Ísland
▲ 8	Foster the People.....	Pumped Up Kicks	▼ 8	Björk.....	Biophilia
★ 9	Dikta.....	What Are You Waiting For	▼ 9	Quarashi.....	Anthology
▲ 10	Ed Sheeran.....	The A Team	★ 10	Justin Bieber.....	Under The Mistletoe

Skýringar:
 ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómsveitir Framleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninni, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

Nýr KFC Sundagörðum!



svooogóð™ staðsetning

Bílalúga • Opið frá 10–22



svooogott™

0g
trans-
fita

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

> KVIKMYND UM JACKSON

Samkvæmt bandarískum fjölmiðlum á dánarbú poppstjórnnar Michaels Jackson í viðræðum við framleiðendur um gerð kvikmyndar um ævi Jacksons. Leikstjórnir Ivan Reitman og framleiðandinn Tom Pollock eru taldir líklegastir til að hreppa hnossið. Áður hefur staðið til að gera kvikmynd um Jackson og þá mætti hann sjálfur með hugsanlegan aðalleikara sem reyndist vera hvítur strákur.



bíó

bio@frettabladid.is

Meryl Streep sigrar hjörtu Breta

Bretar hafa beðið eftir því með öndina í hálsinum að sjá hvernig hinni bandarísku Meryl Streep gangi að koma sjálfri járnfrúnni, Margaret Thatcher, til skila á hvíta tjaldinu í nýrri kvikmynd sem heitir auðvitað Iron Lady. Bretar hafa verið fullir efasemda í garð Streep og hafa haft miklar áhyggjur af því hvernig henni tækist að túlka þennan fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, sem á valdatíma sínum varð eitt helsta auðkenni landsins og ein helsta táknmynd hins vestræna heims í baráttunni við kommúnista í austri.

En svo virðist sem áhyggjur Breta hafi verið algjörlega óþarfar og stórleikkonan virðist hafa stigið einu skrefi nær því að hljóta sinn þriðja Óskar ef marka

má umsnagir bresku blaðanna. Daily Mirror segir túlkun Streep vera fullkomna og Guardian tekur undir þau orð, segir leik Streep vera meistarastykki. Gagnrýnandi Telegraph er nánast orðlaus yfir frammistöðu leikkonunnar. „Maður hefði vel getað ímyndað sér einhverjar enskar leikkonur í þessu hlutverki en ég efast um að nokkur þeirra hefði getað gert betur en Streep.“

Myndin fylgir eftir lífi Thatcher og hvernig hún braust til valda, en þá eru því jafnframt gerð góð skil hversu miklu Thatcher þurfti að forna á leið sinni til valda. Með hlutverk Denis, eiginmanns hennar, fer Jim Broadbent, sem lék meðal annars Horace Slughorn í Harry Potter-myndunum.




EKKERT MÁL Frammistaða Meryl Streep í hlutverki Margaret Thatcher hefur fengið lofsamlega dóma í breskum blöðum.

Gangur á Kleópötru

Svo virðist sem Angelinu Jolie sé full alvara með að endurgera Kleópötru, eitt af meistaraverkum gullaldar Hollywood sem skartaði hjónakornunum Elizabeth Taylor og Richard Burton í aðalhlutverkum.

Samkvæmt fréttum frá Bandaríkjunum hefur Eric Roth verið ráðinn til að skrifa handrit myndarinnar sem þykir renna stóðum undir að David Fincher muni loks samþykkja að setjast í leikstjórstólinn, en hann hefur verið efins, skiljanlega. Roth og Fincher gerðu saman hina feikilega góðu Benjamin Button sem skilaði þrettán tilnefningum til Óskarsverðlauna og 300 milljónum dollara í miðasölu. Og því ekkert skrítið að menn séu reiðubúnir að veðja á það tvíeyki.

Þetta þýðir að handrit Brians Helgeland hefur verið látið gufa upp en samkvæmt heimildum kvikmyndablaðs Variety á nýja myndin að einblína á hæfileika Kleópötru sem æðsta stjórnnenda Egyptalands.



SANNFÆRD Angelina Jolie hefur mikinn hug á því að leika Kleópötru undir stjórn Davids Fincher.



ÓTRÚLEGAR VINSÆLDIR Þau Kristen Stewart og Robert Pattinson eru andlit vampíruæðisins sem ráðið hefur ríkjum að undanfögnu. Fjórða myndin í Twilight-flokknum verður frumsýnd um helgina.

Andlit vampíruæðisins

Twilight-myndirnar hafa rakað inn seðlum og gert stórstjörnur úr Robert Pattinson og Kristen Stewart. En nú líður að endalokum þessa magnaða vampíru-ævintýrs sem haldið hefur amerískum táningsstelpum og húsmæðrum við efnið undanfarnin ár.

Fjórða kvikmyndin um þau Edward Cullen, Bella Swan og Jakob Black úr Twilight-seríunni verður frumsýnd um helgina í Sambíóunum. Framleiðendur myndarinnar fóru hina svokölluðu Harry Potter-leið og skiptu síðustu bókinni í tvennt og það hefur sennilega ekki verið af fagmannlegum né bókmenntalegum ástæðum enda hafa hinar myndirnar þrjár malað gull. Og Hollywood er illa við að slátra gullkálfum. Í fjórðu myndinni eru Bella og Edward gift en neyðast til að stytta brúðkaupsferðina þegar í ljós kemur að þau eiga von á barni.

Þetta veldur miklum taugatitringi í vampíruheiminum því samkvæmt þeirra lögum mega vampírir ekki eignast mennsk börn.

Ekki þarf að hafa mörg orð um nánast hrikalegar vinsældir Twilight-myndaflokksins; myndirnar þrjár hafa allar malað gull og hafa skilað gróða upp á 1,8 milljarða dollara eða 212 milljarða íslenskra króna. Þau Robert Pattinson og Kristen Stewart, sem leika Edward og Bella, eru ofurstjörnur í Ameríku, fylgst er með hverju skrefi þeirra af þarlandum fjölmiðlum og það skemmdi hvorki fyrir þeim né myndunum að þau skyldu fella hugi saman á tókustað. Þriðja stjarnan, Taylor Lautner, hefur hins vegar ekki alveg náð að fóta sig á hálli braut kvikmynda-listarinnar og verður sennilega sá sem á eftir að gráta endalok kvikmyndaflokksins. Hins vegar gætu þau Pattinson og Stewart vel eignast líf fyrir utan Twilight; Stewart leikur meðal annars í vegamyndinni On the Road og Snow White and the Huntsman en Pattinson leikur meðal annars aðalhlutverkið

Cosmopolis, nýjustu kvikmynd Davids Cronenberg.

Upphafið að æðinu öllu er hins vegar auðvitað að finna í fjórnum bókum Stephenie Meyer sem seldust eins og heitar lummur (sagan segir að það hafi ekkert síður verið amerískar húsmæður en táningsstúlkur sem fjárfestu í bókunum og að áhorfendahópur Twilight-myndanna sé í raun svipaður). Bækurnar hafa selst í 116 milljónum eintaka og verið þýddar yfir á 38 tungumál, þar á meðal íslensku. Bækurnar fengu snemma jákvæða umsögn frá hinu haldssama ameríska foreldrasamfélagi – ólíkt True Blood sem þykja mun erótískari og blóðugri – enda er hvergi að finna nákvæmar lýsingar á kynlífi og ofbeldi í bókunum né blóta sögupersónurnar mikið. Þrátt fyrir meintan tepruskap í þessum veigamiklu þáttum vampírusagna (lostafull atlot og blóðugar senur hafa verið órjúfanlegur hluti vampíruheimsins) fengu bækurnar frábæra dóma og hafa setið í 235 vikur á metsölulista New York Times. freyrigja@frettabladid.is

JÓLAKVÖLD
Laura Ashley

FIMMTUDAGINN
17. NÓVEMBER
MILLI KL 19-22.

FULL BÚÐ AF JÓLAVÖRU,
GJAFAVÖRU OG FATNAÐI.

KL 20.30 BJÓÐUM VIÐ UPP Á
GLÆSILEGA TÍSKUSÝNINGU

25 % AFSLÁTTUR
ÞETTA KVÖLD!

VERIÐ VELKOMIN
STARFSFÓLK LAURA ASHLEY

Nýr kraftajötunn á hvíta tjaldinu

Henry Cavill er nýjasta viðbótin við hóp kraftajötna hvíta tjaldsins þrátt fyrir að hann hafi ekki hafið feril sinn sem slíkur. Hann leikur aðalhlutverkið í Immortals, sem er svipuð testósterónsýning og hin fræga 300, og er þar að auki hinn nýi Superman.

Immortals verður frumsýnd um helgina en hún byggir, mjög lauslega, á grísku goðsögnunum um Þeseif sem var ein af höfuðhetjum grískrar fornaldar. Myndin segir frá því þegar Þeseifur felur Þeseifi að berjast við hinn illa kóng Hyperion og koma í veg fyrir að hann komist yfir öflugt tortímingarvopn. Immortals hefur fengið fremur dræmar viðtökur gagnrýnenda

en meðal annarra leikara má nefna Mickey Rourke og Freida Pinto, sem þekktust er fyrir leik sinn í Slumdog Millionaire.

Raunar var ekkert sem benti til þess að Cavill yrði hasarhetja af bestu gerð, en hann lék meðal annars Charles Brandon í Tudors-seríunni frægu. Þá hefur honum brugðið fyrir í tveimur sjónvarpsseríum sem áhorfendur RÚV ættu að þekkja vel; The Inspector Lynley Mysteries og Midsummer Murders með Tom Barnaby í aðalhlutverki. - fgg

SUPERMAN Henry Cavill fékk það verkefni að túlka bæði grísku hetjuna Þeseif og sjálf Ófurmennið.



30%

SCHOU BLANDARI
 Verð áður 9.999
 Tilboðsverð 6.999
 Þú sparar 3.000

20%
 Þú sparar 20.000

EXQUISIT
 KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR 177CM

Verð áður 99.900
 Tilboðsverð 79.900
 Þú sparar 20.000

24%
 Þú sparar 20.000

EXQUISIT
 FRYSTISKÁPUR 144CM / 175L

Verð áður 84.900
 Tilboðsverð 64.900
 Þú sparar 20.000

15.498
 Þú sparar

FRANCIS FRANCIS X7
 ESPRESSÓVÉL

Verð áður 36.900
 Tilboðsverð 29.900
 Þú sparar 7.000

2 illy espressó- og cappucinobollar með undirskálum fylgja með frítt.
 Verðmæti 8.498

Aðeins 10.990

WASSERMAXX
 SÓDAVATNSTÆKI

Verð áður 12.990
 Tilboðsverð 10.990
 Þú sparar 2.000

iRobot

RYKSUGUVÉLMENNI 521

Verð áður 69.900
 Tilboðsverð 62.910
 Þú sparar 6.990

RYKSUGUVÉLMENNI 780

Verð áður 114.900
 Tilboðsverð 103.410
 Þú sparar 11.490

40%

TRISTAR VÖFFLUJÁRN
 BELGÍSKT

Verð áður 9.990
 Tilboðsverð 5.990
 Þú sparar 4.000

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

Öll heimilistæki á allt að **50%** afslætti

LÝKUR Á SUNNUDAG

byggto**g**búið

33%
 1800W

DOMO MÍNÚTUGRI

Verð áður 14.990
 Tilboðsverð 9.990
 Þú sparar 5.000

33%

GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI
 NUVI 1440

Verð áður 44.900
 Tilboðsverð 29.900
 Þú sparar 15.000

20%

ELECTROLUX ERGORAPIDO
 SKAFTRYKSUGA

Verð áður 24.990
 Tilboðsverð 19.990
 Þú sparar 5.000

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni
 facebook.com / byggto**g**buid

TRISTAR
 SALT & PIPARKVÖRN

Verð áður 5.990
 Tilboðsverð 4.990

25%

SCHOU
 HRAÐSUÐUKANNA

Verð áður 7.999
 Tilboðsverð 5.999
 Þú sparar 2.000

20%

KitchenAid
 blandari hvítur

Verð áður 39.990
 Tilboðsverð 34.990
 Þú sparar 5.000

KitchenAid
 blandari hvítur

Verð áður 39.990
 Tilboðsverð 34.990
 Þú sparar 5.000

KitchenAid + auka glerskál og matreiðslubók

Allt að 24%

	Hvít	Lituð
Verð áður	99.870	102.870
Tilboð	75.990	78.840
Þú sparar	23.880	24.030

fygkir með

ÓDÝRI HEIMILIS-TÆKJA MARKAÐURINN ALLT Á **2.990**

40% **40%** **25%** **40%** **34%** **40%** **50%**

Nýkomnar seríur • Nýja línan

Kauptu tvær og fáðu þá ódýrari á **50%**

50%

MEBUS ELDHÚSVOG

Verð áður 5.990
 Tilboðsverð 2.990
 Þú sparar 3.000

50%

GUFUSLÉTTIR STÓR

Verð áður 34.900
 Tilboðsverð 17.490
 Þú sparar 17.490

25%

BOSCH TÖFRASPROTI
 600W MEÐ AUKAHLUTUM

Verð áður 13.497
 Tilboðsverð 9.999
 Þú sparar 3.498

20%

SEVERIN POPPVEL
 LOFTVÉL - ENGIN OLÍA

Verð áður 5.999
 Tilboðsverð 4.799



3 MÁNUÐI entist trúlofun leikaranna Heather Locklear og Jacks Wagner. Ástæða fyrir að leiðir skildu var að Wagner vildi búa til raunveruleikabátt um undirbúning væntanlegs brúðkaups en Locklear vildi alls ekki hleypa myndatökuliði inn á heimilið.



STILLTI SÉR UPP Jennifer Love-Hewitt var glæsileg í flöskugrænum kjól.

UPPHAFIÐ AÐ ENDI TWILIGHT

Aðdáendur Twilight-seríunnar höfðu tjaldað í nokkra daga fyrir utan Nokia-leikhúsið í Los Angeles til þess að geta séð aðal-leikara Twilight-myndanna mæta á frumýningu The Twilight Saga: Breaking Dawn Part 1 á mánudagskvöldið. Ekki urðu þeir fyrir vonbrigðum því allir mættu í sínu fínasta þússi.

Aðalleikararnir Kristen Stewart, Robert Pattison og Taylor Lautner voru brosmild og hlakkaði til að sjá myndina. Mikil umfjöllun hefur verið um kynlífsatriði aðalpersónanna Bellu og Edwards, en Pattison sagði pollrólegur við fjölmiðla að hann ætlaði að ganga út úr salnum þegar sú sena birtist á hvíta tjaldinu.



BRÓSMILD Þau Robert Pattison, Kristen Stewart og Taylor Lautner hlakkaði til að sjá myndina. Stewart klæddist kjól frá hönnuðinum J. Mendel.

„Það verður of skrítið að horfa á þetta í fullum sal af fólki,“ sagði Pattison og Stewart tók í sama streng.

Twilight-seríunni lýkur á næsta ári með myndinni Twilight Breaking Dawn Part 2.




GLÖÐ Unglingastjarnan Ashley Tisdale lét sig ekki vanta á frumsýninguna.

TÖFFARI Fatastíll Willow Smith vekur ávallt athygli en þessi unga söng- og leikkona ákvað að mæta í gullstígvélum í tilefni dagsins.



SÖNGVARINN Bruno Mars með sólgleraugu og hatt á leið í bíó.

RAUTT Leikkonan Ashley Greene mætti í rauðum kjól frá Donnu Karan.



Bieber sloppinn

Söngvarinn Justin Bieber getur andað léttar eftir að Mariah Yeater hefur dregið til baka ásakanir um að söngvarinn sé faðir fjögurra mánaða gamals sonar hennar.

Yeater hélt því fram að Bieber hefði barnað sig að loknum tónleikum á síðasta ári en söngvarinn neitar og samþykkti að taka faðernispróf til að sýna fram á sakleysi sitt í málinu.

Það ku hins vegar hafa runnið tvær grímur á Yeater og lögfræðinga hennar þegar Bieber hótaði að lögsækja hana fyrir falskar ásakanir ef faðernisprófið yrði neikvætt. Yeater hefur því hætt við allt saman og Bieber getur haldið áfram að vera áhyggjulaus 17 ára unglíngastjarna.



FER EKKI Í FAÐERNISPRÓF Mariah Yeater hefur hætt við að láta Bieber taka faðernispróf og fara fyrir rétt. Það þýðir að Justin er laus allra mála og líklega ekki faðir sonar Yeater.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gerðu góð kaup fyrir jólin

Vikutilboð á sérvöldum Ecco skóm



Mobil II - dömu

Verð nú kr. 11.995
Verð áður kr. 17.995

Stærðir: 36 - 41 | Vörunr. 202603-51707

Fast Trail - dömu

Verð nú kr. 10.995
Verð áður kr. 15.995

Stærðir: 36 - 40 | Vörunr. 710083-53879

Rug. Train - herra

Verð nú kr. 17.995
Verð áður kr. 24.995

Stærðir: 41 - 47 | Vörunr. 68154-52570

Helsinki - herra

Verð nú kr. 12.995
Verð áður kr. 17.995

Stærðir: 41 - 47 | Vörunr. 50174-00101



SÖGULEGT SAMSTARF Strákarnir í Kings of Leon hafa ekki tjáð sig um áhuga Boyle, en samstarfið yrði sögulegt.

Boyle vill syngja með Kings of Leon

Söngkonan Susan Boyle, sló eftirminnilega í gegn í sjónvarpsþáttunum Britain's Got Talent, hefur áhuga á að syngja með Kings of Leon og Lady Gaga.

Ný plata Boyle, Someone to Watch Over Me, fór beint á toppinn í Bretlandi í vikunni. Í viðtali á vefsíðu Digital Spy segir söngkonan að strákarnir í Kings of Leon og Lady Gaga séu á lista yfir fólk sem hún vill syngja með ásamt fjölmörgum öðrum. „Það eru svo margir sem mig langar til að vinna með, Lady Gaga, Bruno Mars, Michael Buble, Adele og Kings of Leon, svo eitthvað sé nefnt. Þetta er svo æðislega hæfileikaríkt fólk og ég væri til í að rokka mig smá upp,“ sagði hún.



Bono kenndi mér að dansa

Florence Welch úr hljómsveitinni Florence and the Machine segir að Bono, söngvari U2, hafi kennt sér að dansa á háum hælum uppi á sviði. Hljómsveitin hitaði upp fyrir U2 á 360-tónleikaferð hennar um heiminn.

„Bono kenndi mér að dansa á háum hælum og sagði mér einnig frá tónleikum þeirra á Glastonbury þar sem allt fór úrskeiðis sem gat farið úrskeiðis. Þar á meðal rifnuðu buxurnar hans á sviðinu,“ sagði Welch. Nýjasta plata Florence and the Machine nefnist Ceremonials og hefur hún fengið góðar viðtökur í Bretlandi.

LEIÐSÖGN FRÁ BONO Florence Welch fékk góð ráð frá Bono, söngvara U2.



VERÐMÆTU MINJAGRIPUR Bílstjóri Jacksons hyggst selja myndband sem popparinn gaf honum af tónleikum sínum í Búenos Aires.

Bílstjóri Jacksons græðir

Myndband af tónleikum Michaels Jackson í Búenos Aires árið 1993 verður selt á uppboði í London seinna í þessum mánuði. Myndbandið, sem er tvær klukkustundir að lengd, hefur aldrei áður komið fyrir augu almennings því Jackson var ákaflega óánægður með það og gaf bílstjóra sínum eintakið. Sá gæti nú orðið 6,4 milljónum dollara ríkari því uppboðshaldarinn býst fastlega við mikilli eftirspurn. „Ég er mjög spenntur fyrir að sjá myndbandið því gríðarlega margar tókuvélar voru notaðar og Jackson er sjálfur í mikilli nálægð.“



VENTANLEG Í VERSLANIR

18. NÓV

Eins og að vinna með Mariu Callas

Keith Richards, gítarleikari The Rolling Stones, líkti því að vinna með Mick Jagger við að vinna við hlið óperudívunnar Mariu Callas. Richards sagði í viðtali við The Guardian að hinir hljómsveitar-meðlimirnir hafi tiplað á tánum í kringum Jagger til þess að halda honum góðum, en hann hafi ávallt viljað hafa rétt fyrir sér.

Hann sagði það mikinn miskilning að hljómsveitin væri eins og hamingjusöm fjölskylda þegar hljómsveitarmeðlimir hittust. „Við höfum rifist eins og hundar og kettir allan ferilinn okkar.“

Við erum eins og bræður í því að stundum elskum við hver annan, stundum hötum við hver annan og stundum gæti okkur ekki verið meira sama.“

Richards og Jagger eru sjaldan sammála og í viðtalinu gátu þeir ekki sammælt um líkindi þess að hljómsveitin kæmi aftur saman í tilefni 50 ára afmælis hennar á næsta ári. Jagger gerði lítið úr hugmyndinni og sagðist ekki hafa hugmynd en Richards sagði æfingahúsnæði þegar bókað fyrir hljómsveitaræfingu í lok þessa mánaðar.



MEÐ DROTTNINGARSTÆLA Mick Jagger er ekki sérstaklega auðveldur í samstarfi að sögn Keiths Richards. NORDICPHOTOS/AFP

Leiktu þér með ostakubbana



NÝJUNG

Í HANDHÆGUM UMBÚÐUM



Í salatið, í nestisboxið, á ostapinnann og út í heita rétti. Það eru nánast engin takmörk fyrir möguleikum ostakubbanna.

Tónlist ★★★

Pögul nóttin

Felix Bergsson

Fágaður Felix

Þó að Felix Bergsson hafi sungið inn á fjölmargar plötur á síðustu áratugum þá er Pögul nóttin hans fyrsta sólóplata. Á henni syngur hann lög ýmissa höfundna við ljóð nítjándu aldar skáldsins Páls Ólafssonar, en eftir Pál liggur fjöldi ljóða, meðal annars lausavísur og ástarljóð.

Það er Jón Ólafsson sem útsetur og stjórnar upptökum á plötunni og semur líka nokkur laganna, en önnur lög eru eftir Magnús Þór Sigmundsson, Hörð Torfason, Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og fleiri.


Pögul nóttin hefur yfir sér fágað yfirbragð. Það hefur greinilega verið vandað til verka. Hljóðfæraeikur er finn og það sama má segja um söng Felix sjálfs og söngkvennanna Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur og Valgerðar Guðnadóttur. Það sem truflar mig samt svoltið, og dregur þessa annars fínu plötu niður, er að útsetningarnar eru á köflum einum of mikið eftir bókinni. Þær verða klisjukennadar í lögum eins og Þér er að verða lífið leitt og lokalaginu Á vörum þér. Það má segja að þó að margt sé vel gert og flutningur sé vandaður þá náir Pögul nóttin ekki að verða spennandi tónlistarlega.

Platan er samt ekki slæm. Það eru fin lög inn á milli, til dæmis titillagðið Pögul nóttin, lag Harðar Torfa, Án þín, sem er í flottri útsetningu, og upphafslagðið Vorljóð.

Á heildina lítið þokkalegasta plata, en Felix gerir örugglega betur næst.

Trausti Júlíusson

Níðurstæða: Vönduð og vel flutt tónlist, en nær ekki að verða spennandi.



ORKUBOLTI Laufey Haraldsdóttir er svo upptekin að hún er önnur tveggja menntaskólaskólunnar sem aldrei hafa fylgst með ástum og örlögum læknanna í Grey's Anatomy.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lætur Gettu betur ekki nægja

Laufey Haraldsdóttir var í sigurlíði Kvennaskólans í Reykjavík í Gettu betur í vor. Hún lætur til sín taka í félagslífi skólans, er illa við að hanga á sófanum og stefnir á leiklistarnám í framtíðinni.

„Félagslífið er bara svo ótrúlega skemmtilegt,“ segir Kvennaskólamaerinn Laufey Haraldsdóttir sem varð landsþekkt í vor þegar hún varð fyrst kvenna til að bera sigur úr bítum í spurningakeppninni Gettu betur.

Þótt mörgum þætti eflaust nóg að æfa fyrir keppnina og stunda skólann getur Laufey ekki tekið undir það, því hún tekur þátt í vel flestu félagsstarfi Kvennaskólans. Auk þess að undirbúa titilvörnina í Gettu betur af

krafti syngur Laufey með kórnum, leikur í nemendaleikritinu og situr þriðja árið í röð í stjórn leikfélagsins. Í fyrra gerði hún sér svo lítið fyrir og tók líka þátt í Morfís fyrir hönd skólans.

„Ég reyni svo líka að mæta á eins marga viðburði og ég get. Félagslífið okkar er ótrúlega öflugt og það er miklu skemmtilegra að taka þátt en sitja heima. Ég hef tekið þátt í öllu sem ég hef getað frá því að ég byrjaði í skólanum,“ segir Laufey sem nú er á lokaári sínu.

Hún segist mjög ánægð með hlutskipti sitt sem flesta daga felur í sér hlaup á milli tíma, æfinga og funda, en viðurkennir þó að einstaka sinnum þætti henni ágætt að geta hent sér í sófan og slakað á. Foreldrar hennar fá ekki að sjá mikið af henni, en Laufey segir að svo heppilega vilji til að mamma hennar kenni í skólanum, og fái þess

vegna að sjá hana stöku sinnum á göngunum.

Spurð hvort eitthvað eitt eigi hug hennar frekar en annað játar hún því. „Leiklistin, alveg hiklaust. Mig langar að reyna fyrir mér í henni eftir útskrift og er núna að búa mig undir inntökuþrófið í Listháskólann í janúar. Ég ætla allavega að slá til og reyna við það og sjá svo bara hvað gerist.“

Sigur Laufeyjar í Gettu betur vakti mikla athygli, enda hefur lengi verið vilji til að hrekja strákasports-braginn af keppninni. Laufey segist þó ekki geta svarað því hvort sigurinn hafi haft áhrif á þátttöku stelpna í forkeppnum í framhaldsskólum landsins. „Í Kvennaskólanum eru allavega rosalega öflugar stelpur og flottar alltaf. Þær geta alveg ýmislegt – eins og til dæmis svarað spurningum!“

bergthora@frettabladid.is

föstudagur FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Er að venjast Alþingi

Amal Tamimi vill breytingar í meðferð innflytjendamála.



Lesið Fréttablaðið á morgun

Allt sem þú þarft

Æðislegt að sýna fyrir vestan

Heimildarmyndin Stansað, dansað, öskrað er að koma út í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá stofnun hljómsveitarinnar Grafíkur. Frumsýningin verður á Ísafirði 24. nóvember.

„Það verður æðislegt að fara með hana vestur þar sem Grafík hélt mest til á sínum gullaldarárum,“ segir Bjarni Grímsson, sem leikstýrir myndinni ásamt Frosta Runólfssyni. Einnig kom Jónatan Gardarsson að verkinu. Myndin spannar feril hljómsveitarinnar og hefur verið í vinnslu síðan 2004. Bjarni var upphaflega fenginn til að mynda tónleika Grafíkur það ár, í kringum tuttugu ára afmæli plötunnar Get ég tekið djéns. „Á sama tíma



GRAFÍK Hljómsveitin Grafík í góðum gir hér á árum áður með Helga Björnsson í forgrunni.

deyr Rabbi [trommuleikarinn Rafn Jónsson] og þessir tónleikar snúast úr því að vera afmælistónleikar í að vera minningartónleikar. Þar

sprettur hugmyndin að taka þetta lengra,“ segir Bjarni um tilurð heimildarmyndarinnar.

Tvær plötur eru einnig að koma út með úrvali laga Grafíkur ásamt tveimur nýjum lögum, þar á meðal Bláir fuglar. Það var samið rétt fyrir andlát Rabba af þeim Helga Björnssyni, Rúnari Þórisyni og Rafni en textinn er eftir Helga.

Stansað, dansað, öskrað verður sýnd í Austurbæ í Reykjavík 1. desember og eftir sýninguna verða tónleikar með Grafík. Þar munu Helgi Björnsson og Andrea Gylfadóttir syngja öll vinsælustu lög hljómsveitarinnar, þar á meðal Mér finnst rigningin góð, Þúsund sinnum segðu já og Presley.

- fb

★ ★ ★ ★ **Rolling Stone** ★ ★ ★ ★

250 bestu plötur sögunnar

Aðeins í Skifunni



Nú geta viðskiptavinir Skifunnar gengið að bestu plötum sögunnar samkvæmt Rolling Stone. Úrvalið er í Skifunni!



KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

HINN EINI SANNI

RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

MARKAÐUR



AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

Risamarkaðurinn í fullum gangi

Opið alla helgina

Föstudag frá 12:00 til 18:00

Laugardag frá 12:00 til 18:00

Sunnudag frá 12:00 til 18:00

Virka daga frá 12:00 til 18:00

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

skór.is

ecco

NIKE

adidas

PUMA

hummel

Reebok

BLEND

ORIGINAL

SKECHERS



María Ellingsen og Eivör fóru í sjósund í Færeyjum

María Ellingsen, Eivör Pálsdóttir og félagar skelltu sér í sjósund í Færeyjum eftir sýningu á dansverkinu Ferðalag Fönixins.



FÓRU Í SJÓSUND

María Ellingsen og félagar skelltu sér í sjósund í Færeyjum og höfðu gaman af.



„Þetta var ótrúlega gaman,“ segir leikkonan María Ellingsen, sem er nýkomin heim frá Færeyjum þar sem hún, ásamt félögum sínum, sýndi dansleikhúsverkið Ferðalag Fönixins.

Auk Maríu eru í hópnum söngkonan Eivör Pálsdóttir, Reijo Kela dansari, Snorri Hilmars-son leikmyndahönnuður og Björn B. Guðmundsson ljósa-hönnuður. Blanda þau tónlist, dans, leiklist og myndlist saman í eina heild. „Þetta var í annað skiptið sem við Eivör förum með sýningu til Færeyja,“ segir María en þessi sami hópur sýndi þar Úlfhamssögu fyrir nokkrum árum. „Það er ekki á hverjum degi sem Eivör er í leikriti. Hún var rosa spenn og vildi hafa þetta alveg hundrað prósent og vakti langt fram á nótt við að fínþússa öll smáatriði,“ segir hún. Viðtökurnar voru hreint út sagt frábærar. „Leikhús- og danshefð er ekki mikil í Færeyjum en það var algjörlega uppselt. Þetta var 400 manna salur og það var alveg troðið, sem er alveg magnað því þetta er tilraunakennt stykki og óvenjulegt. Við fengum rosalega mikil viðbrögð. Fólk ætlaði aldrei að fara. Það staldraði við og vildi tala um þetta. Þetta snerti fólk mjög djúpt.“

Daginn eftir bauð Eivör og umboðskona hennar, Sigvör, hópnum heim í þorpið þeirra, Gøtu, og drifu alla í sjósund og svo var slegið upp veislu með þurrkudum hval, skerpikjöti og harðfiski. Eivör kvaddi hópinn með því að sýna þeim kirkjuna í Gøtu og söng gömlu sálmana sem hún söng þar sem barn með afa sínum. „Það var mögnuð stund. Þetta var mjög persónulegt augnablik þegar hún söng fyrir okkur í rökkrinu.“

Næst var ferðinni heitið til Finnlands án Eivarar þar sem verkið var sýnt utandyra. „Það var spennandi að hafa lyng og mosa sem undirlag. En það var þónokkuð kalt og maður var svolítið rispaður og marinn eftir þetta,“ segir María.

Ferðalag Fönixins verður sýnt aftur í Borgarleikhúsinu í vetur og hyggst hópurinn síðan ferðast víðar með verkið.

freyr@frettabladid.is

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

TOWER HEIST 12

IN TIME 16

BORGRIKI 14

TINNA 7

THE THING 16

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

TOWER HEIST	5.50, 8 og 10.15
IN TIME 3D	8
ÆVINTÝRI TINNA 3D	5
ÆVINTÝRI TINNA 2D	5
BORGRIKI	8 og 10.15
THE THING	10.15

FOREVER IS ONLY THE BEGINNING

the twilight saga

breaking dawn part 1

FORSALA HAFIN Á **SAMbio.is**

100/100

91/100

ENTERTAINMENT WEEKLY

ME

Is This Man Our Next President?

MAGNAÐUR PRILLER

THE IDES OF MARCH

SVIKRÁÐ

BEN STILLER EDDIE MURPHY

TOWER HEIST

the inbetweeners movie

the Help

TINNA

LAUGARÁS BÍÓ ALFABAKKA

TOWER HEIST	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
TOWER HEIST Lúxus VIP	kl. 8 - 10:20	2D	VIP
THE IDES OF MARCH	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
THE INBETWEENERS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
THE HELP	kl. 5:40 - 8:20 - 10:20	2D	12
FOOTLOOSE	kl. 5:50	2D	10
JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 8	2D	12

LAUGARÁS BÍÓ AKUREYRI

THE IDES OF MARCH	kl. 8	2D	12
THE INBETWEENERS MOVIE	kl. 10:20	2D	12
THE THREE MUSKETEERS	kl. 10:20	2D	12
THE SKIN I LIVE IN	kl. 8	2D	16

LAUGARÁS BÍÓ KEFLAVÍK

TOWER HEIST	kl. 8	2D	12
THE IDES OF MARCH	kl. 10:20	2D	12
WHAT'S YOUR NUMBER	kl. 8	2D	12
THE THING	kl. 10:20	2D	16

LAUGARÁS BÍÓ EGILSHÖLL

THE ADVENTURES OF TINTIN	kl. 5:40 - 8 - 10:30	3D	12
PÓR: HETJUR VALHALLAR	kl. 5:40	3D	12
THE IDES OF MARCH	kl. 8 - 10:30	2D	12
FOOTLOOSE	kl. 5:40	2D	12
THE INBETWEENERS MOVIE	kl. 8 - 10:30	2D	16
THE THREE MUSKETEERS	kl. 5:40	3D	12
HELP	kl. 9	2D	12

LAUGARÁS BÍÓ KRINGLUNNI

THE IDES OF MARCH	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
THE INBETWEENERS	kl. 10:20	2D	12
THE HELP	kl. 5:40 - 8:30	2D	12
THE THREE MUSKETEERS - 3D	kl. 8	3D	12
BANGSIMON	kl. 6	2D	12

SAMbio.is

Völd og fórnarkostnaður

Bíó ★★★★★

The Ides of March

Leikstjórn: George Clooney

Leikarar: Ryan Gosling, George Clooney, Philip Seymour Hoffman, Paul Giamatti, Evan Rachel Wood, Marisa Tomei, Jeffrey Wright

Frjálslyndi demokratinn Mike Morris (George Clooney) berst fyrir tilnefningu flokksins til forsetaframbóðs og er kominn langt á leið í baráttunni. Í myndinni The Ides of March fylgjumst við hins vegar aðallega með fólkinu á bak við frambjóðandann. Fólkinu sem verndar frambjóðandann fyrir umhverfinu og sjálfum sér. Pólitískar eru nefnilega stundum eins og ofvaxin börn í jakkafötum, þó að þessi tiltekni frambjóðandi virðist reyndar hafa heilmikið til brunn að bera.

Persónurnar á bak við tjöldin hafa mismunandi ástæður fyrir veru sinni þar. Einn helsti hugsjónamaðurinn, hinn ungi Stephen Meyers (Ryan Gosling), er fórnúfús vinnuþjarkur og drifinn áfram af trú á málstaðnum. Það byrjar þó að hrikta í stoðunum og þá stendur hann frammi fyrir erfðum ákvörðunum. Gosling er fantagóður leikari og gerir persónu sinni góð skil. Hæfileika sína sanna hann með því að leika á móti fallbyssunum Philip Seymour Hoffman og



HÆFILEIKAMÆÐUR Ryan Gosling er góður í hlutverki Stephens Meyers í The Ides of March.

Paul Giamatti án þess að verða litlaus og óspennandi. Evan Rachel Wood er frábær í hlutverki Molly Stearns, ungrar konu sem frambóðsvélin býður velkomna, tyggur vandlega og spýtir síðan út úr sér eins og hverju öðru rusli. Maður myndar sér að á bak við hvern einasta frambjóðanda sé handfylli af harmsögum sem almenningur fær aldrei að heyra, og saga Molly er ein slík.

George Clooney verður sífellt betri leikstjóri. Myndir um masandi jakkalakka virðast henta honum einstaklega vel og það sem sumum kann að þykja óspennandi

erfniviður nær hann að matreiða á nokkuð ferskan og skemmtilegan máta. Þá fannst mér eftirtektarvert hversu glæsileg myndatökan er og einnig er tónlistin hressileg og furðulega fjölbreytt en á þó alltaf merkilega vel við. The Ides of March hefur verið spáð góðu gengi á verðlaunaafhendingum fram undan og ég get tekið undir þær spár. Georg gamli veit alveg hvað hann er að gera.

Haukur Víðar Alfreðsson

Niðurstaða: Mögnuð og vel gerð mynd um harðsnúna valdabaráttu og fórnarkostnað hennar.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

FULLKOMIN GÆÐI!

TOWER HEIST 12

IN TIME 16

TINNA 7

BRAD PITT MONEYBALL 12

PÓR 12

BORGRIKI 14

SMÁRABÍÓ GLEBAUGI SELD SÉR 5%

TOWER HEIST	KL. 5.40 - 8 - 10.20	12
TOWER HEIST LÚXUS	KL. 4 - 10.20	12
IN TIME	KL. 8 - 10.30	12
ÆVINTÝRI TINNA 3D	KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	7
PÓR 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 3.40 - 5.50	L
PÓR 2D ÍSLENSKT TAL	KL. 3.20	L
BORGRIKI	KL. 10.30	14

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDLIS 5%

HUMAN CENTIPEDE	KL. 10.30	18
HEADHUNTERS	KL. 5.45	16
MONEYBALL	KL. 6 - 9	L
ÆVINTÝRI TINNA 3D	KL. 5.40 - 8 - 10.20	7
MIDNIGHT IN PARIS	KL. 10.15	L
ELDFJALL	KL. 5.45 - 8	L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDLIS

TOWER HEIST	KL. 6 - 8 - 10	12
IN TIME	KL. 8 - 10	12
ÆVINTÝRI TINNA 3D	KL. 6	7

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

BÍÓ ★ PARADÍS

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / mid.is

FIMMTUDAGUR: ERKJEFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00, 20:00 ■ SPURT REYNOLDS 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ BORGRIKI 18:00, 20:00, 22:00

ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR! Ódýrara í bíó með aðgangskortum!

ERKJEFJENDUR

BAKKA-BALDUR EFTIR ÞÓRFINN GUBNASON

BORGRIKI



TRÚNAÐARMÁL
POP SECRET ER NÚNA
ÁN TRANSFITU!



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON hóf í gær leik á öðru stigi úrtökumótsins fyrir PGA-mótaröðina í golfi. Birgir Leifur lék fyrsta hringinn á 70 höggum eða einu höggi undir pari. Hann er í 44. sæti ásamt öðrum eftir daginn og þarf að gera betur í dag enda komast aðeins 15-20 kylfingar áfram á lokaúrtökumótið.

ÚRSLIT

IE-deild kvenna:

KR-Keflavík 70-84
KR: Erica Prosser 27, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 12, Bryndís Guðmundsdóttir 12, Hafrún Hálf-dánardóttir 10, Margrét Kara Sturludóttir 7/13 fráköst, Helga Einarsdóttir 2.
Keflavík: Jaleesa Butler 27/14 fráköst/8 varin skot, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 24/12 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 13/11 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 12, Helga Hallgrímsdóttir 8.

Snæfell-Fjölnir 73-68
Snæfell: Alda Leif Jónsdóttir 24, Kieraah Marlow 14/11 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 11, Helga Björgvinsdóttir 8, Hildur Björg Kjartansdóttir 7, Ellen Högnadóttir 7, Sara Magnúsdóttir 2.
Fjölnir: Brittney Jones 37/8 fráköst, Katina Mandylaris 14/13 fráköst, Eva María Emilsdóttir 6, Birna Eiríksdóttir 6, Erla Sif Kristinsdóttir 4, Bergdís Ragnarsdóttir 1/7 fráköst.

Njarðvík-Valur 100-77
Njarðvík: Shanae Baker 23, Petrunella Skúladóttir 22, Lele Hardy 22/16 fráköst/10 stoðsendingar, Eyvín Líf Sigurðardóttir 10, Harpa Hallgrímsdóttir 6, Ólöf Helga Pálsdóttir 5, Salbjörg Sævarsdóttir 4, Erna Hákonardóttir 3, Sara Margeirsdóttir 2, Emelía Grétarsdóttir 2, Ásdís Freysdóttir 1.
Valur: Krístrún Sigurjónsdóttir 17, Melissa Leichlitner 16, María Ben Erlingsdóttir 11/10 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 9, Þórunn Bjarnadóttir 8, Sigrún Hermansdóttir 7, Unnur Ásgeirsdóttir 5, Ragnheiður Benónisdóttir 2, María Björnsdóttir 2.

Hamar-Haukar 70-77
Hamar: Samantha Murphy 32, Álfhildur Þorsteinsdóttir 9/15 fráköst, Marín Davíðsdóttir 8, Jenný Harðardóttir 8, Krístrún Antonsdóttir 6, Sóley Guðgeirsdóttir 5, Dagný Davíðsdóttir 2.
Haukar: Hope Elam 23/12 fráköst, Jence Ann Rhoads 21/10 stoðs., Iris Sverrisdóttir 14, Margrét Hálfánardóttir 10, Guðrún Ámundadóttir 6, María Lind Sigurðardóttir 2, Sara Pálmadóttir 1.

Eimskipsbikar karla:

ÍBV-Haukar 17-19 (10-9)
ÍBV: Andri Heimir Friðriksson 8, Leifur Jóhannesson 3, Theodór Sigurbjörnsson 3, Grétar Þór Eypórsen 2, Sigurður Bragason 1.
Haukar: Gylfi Gylfason 10, Freyr Brynjarsen 2, Nemanja Malovich 2, Sveinn Þorgeirsson 2, Stefán Sigurmannsson 2, Þórður Guðmunds. 1.
Haukar mæta Val í 8-liða úrslitum.

Lengjubikar karla:

KFÍ-Fjölnir 101-83
KFÍ: Christopher Miller-Williams 27/21 fráköst, Craig Schoen 21, Ari Gylfason 19, Kristján Andrésson 19, Jón H. Baldvínsson 7, Sigurður Orrí Hafþórsson 6, Sævar Vignisson 2.
Fjölnir: Nathan Walkup 27, Calvin O'Neal 24, Árni Ragnarsson 12, Arnþór Guðmundsson 6, Björgvin Hafþór Ríkhartsson 6, Haukar Sverrisson 6.

Meistaradeildin í handbolta:

Füchse Berlin-MKB Veszprem 24-29
Alexander Petersson skoraði 4 mörk fyrir Berlin.
Kielce-Atletico Madrid 29-37
Þórir Ólafsson er í liði Kielce.

Þýska úrvalsdeildin:

Wetzlar-Kiel 24-24
Kári Kristjánsson skoraði 5 mörk fyrir Wetzlar.
Aron Pálmarsen komst ekki á blað hjá Kiel.
Melsungen-Magdeburg 29-35
Björgvin Páll Guðavísson spilar með Magdeburg.

Munar mikið um Birnu í banastuði

Keflavíkurkonur eru á miklu skriði í Iceland Express-deild kvenna en þær fögnuðu sínum sjötta sigri í röð í gær þegar þær lögðu KR með fjórtán stiga mun í Vesturbænum. Birna Valgarðsdóttir fór mikinn.

KÖRFUBOLTI Keflavíkurkonur eru einar á toppi Iceland Express-deildar kvenna eftir sannfærandi 84-70 útisigur á KR í gær. Keflavíkurliðið tapaði þremur leikjum í röð í upphafi tímabils en hefur síðan vaxið og dafnað undir stjórn Fals Harðarsonar.

Falur var fljótur að grípa inn í gær. KR var 9-6 yfir eftir aðeins fjögurra mínútna leik en Falur var ósáttur við sínar stelpur og tók strax leikhlé. Hann kveikti heldur betur í sínum stelpum sem unnu næstu tvær mínútur 9-2, náðu mest 15 stiga forskoti í öðrum leikhluta og héldu forystunni það sem eftir var leiksins.

KR-konur unnu 39 stiga sigur á Keflavík, 88-49, þegar liðin mættust síðast í DHL-höllinni í byrjun október en Birna gat ekki spilað þann leik vegna veikinda. Birna var hins vegar mætt í slaginn í gær og fór fyrir sínum stelpum í flottum sigri. Birna endaði leikinn með 24 stig, 12 fráköst og 5 stolna bolta en þá réð KR-liðið einnig lítið við Jaleesa Butler sem var með 27 stig, 15 fráköst og 8 varin skot.

„Ég er rosalega ánægð með þennan leik og rosalega stolt af liðinu. Það munar ekkert svona svakalega um mig en maður hefur reynsluna og miðlaði henni áfram í dag. Þetta gekk allt upp hjá okkur í dag og við vorum miklu ákveðnari en þær,“ sagði Birna.

„Við lítum kannski vel út en nóvember er bara hálfnaður og



ÓSTÖÐVANDI KR-stúlkur réðu lítið við afar sterkt lið Keflavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

það er næstum því allt tímabil-ið eftir. Þetta verður hörkufjör í allan vetur,“ sagði Birna.

Í fjórða leikhlutanum var gaman að fylgjast með þeim Birnu Valgarðsdóttur og Söru Rún Hinriksdóttur klára endanlega leikinn með flottum tilþrifum en á þeim munar meira en tveim áratugum. Birna er 35 ára en Sara aðeins 15 ára.

„Það er snilld að horfa á krakkann spila. Ég er svo ánægð með hana og svo fegin að hún sé með mér í liði. Hún á eftir að verða sá besta á landinu eftir nokkur ár,“ segir Birna og það er vel hægt að taka undir þessi orð en Sara var með 12 stig og 4 stoðsendingar í gær.

KR-konur töpuðu sínum öðrum leik í röð og eru aðeins að gefa eftir. Þar skiptir miklu máli að þeirra besti leikmaður, Margrét Kara Sturludóttir, hefur ekki fundið sig í þessum tapleikjum en aðeins 3 af 17 skotum hennar rótuðu rétta leið í leiknum í gær.

„Þetta var lélegt hjá okkur. Við byrjuðum hræðilega og ég held að það hafi verið okkur að falli í leiknum,“ sagði KR-ingurinn Sigrún Ámundadóttir. „Við förum ekkert að hengja okkur á þessu. Við erum að læra á nýja útlendinginginn okkar og ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu. Ég get samt ekki beðið eftir því að fá að bæta fyrir þetta,“ sagði Sigrún.

ooj@frettabladid.is

Gylfi Þór Orrason, formaður dómara nefndar KSÍ og varaformaður sambandsins, um Jóhannes Valgeirsson:

Gengur ekki að eiga samstarf við Jóhannes

FÓTBOLTI Gylfi Þór Orrason, formaður dómara nefndar KSÍ, vildi lítið tjá sig um málefni Jóhannes Valgeirssonar þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. En sagði þó:

„Ef þú lest á milli línanna í þessu viðtali sem birtist í Fréttablaðinu þá finnur þú svörin,“ segir Gylfi Þór í samtali við blaðið.

Jóhannes fékk ekkert að dæma á árinu sem er að líða eftir að hafa verið tekinn af dómara lista KSÍ í febrúar síðastliðnum. Gylfi sagði þá að Jóhannes hefði hætt en því neitar Jóhannes alfarið og segir enga uppsögn hafa verið senda inn á borð til KSÍ.

Gylfi vildi ekki tjá sig um málið í smáatriðum en útilokaði þó að KSÍ myndi leita eftir starfskröftum Jóhannesar á ný.

„Samstarf við Jóhannes gengur ekki upp. Ekki hjá stjórnarmönnum, dómara nefndarmönnum eða starfsmönnum sambandsins. Að velja þessum torfum upp aftur teljum við ekki knattspyrnunni til framdráttar. Það er svo einfalt mál,“ segir Gylfi Þór. „Við ætlum ekki að tjá okkur frekar um þetta mál.“

Jóhannes sagðist við Fréttablaðið aldrei hafa fengið hald-

bærar skýringar við því af hverju hann fengi ekki lengur að dæma, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess.

„Lestu á milli línanna í viðtalinu. Þar liggja öll svörin.“

- es4



GYLFI ÞÓR Segir samstarf við Jóhannes Valgeirsson ekki mögulegt.

TOPPSLAGUR



N1-deild karla

Fim. 17. nóv. | N1-deild karla

Akureyri - Afturelding

Höllin, Ak. | Kl. 19.00

Fim. 17. nóv. | N1-deild karla

Valur - Gróttá

Vodafonehöllin | Kl. 19.30

Fim. 17. nóv. | N1-deild karla

Fram-FH

Framhús | Kl. 19.30

Sun. 20. nóv. | N1-deild karla

Haukar - HK

Ásvellir | Kl. 15.45

N1-deild kvenna

Fös. 19. nóv. | N1-deild kvenna

Valur - FH

Vodafonehöllin | Kl. 18.00

Fös. 19. nóv. | N1-deild kvenna

Stjarnan - Haukar

Mýrin | Kl. 18.00

Fös. 19. nóv. | N1-deild kvenna

Gróttá - Fram

Seltjarnarnes | Kl. 19.30

Lau. 20. nóv. | N1-deild kvenna

ÍBV - KA/Þór

Vestmannaeyjar | Kl. 13.00

EF ÞÚ VERSLAR FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA ... GILDIR FYRIR ALLAR VÖRUR!

20% AFSLÁTTUR!

TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ FIMMTUDEGI TIL MÁNUDAGS!

Afslátturinn er veittur af Outlet-verðum!



Verð með 20%
kr. 13.596
afslætti

NORTH ROCK ÚLPA, F/ FULLORÐNA
Outlet verð kr. 16.995



Verð með 20%
kr. 5.276
afslætti

BARNAÚLPA
Outlet verð kr. 6.595



Verð með 20%
kr. 4.796
afslætti

BARNAÚLPA
Outlet verð kr. 5.995



Verð með 20%
kr. 8.796
afslætti

DÖMUÚLPA
Outlet verð kr. 10.995



Verð með 20%
kr. 7.996
afslætti

DÖMUJAKKI
Outlet verð kr. 9.995



Verð með 20%
kr. 4.788
afslætti

3 SAMAN

3 SAMAN

STUTTERMABOLIA, F/ FULLORÐNA
Outlet verð kr. 5.985



Verð með 20%
kr. 4.788
afslætti

3 SAMAN

3 SAMAN

STUTTERMABOLIA, F/ FULLORÐNA
Outlet verð kr. 5.985



Verð með 20%
kr. 7.996
afslætti

VIKING KULDASKÓR, FYRIR BÖRN
Outlet verð kr. 9.995

NÝ SENDING AF SKÓM FRÁ
SIX MIX OG DIDRIKSON
ÚTIVISTARFATNAÐI.

ATHUGIÐ
NÝTT
KORTATÍMABILI

KORPU
OUTLET



Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Ópið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400





LUKKUDÝRIN Slavko og Slavko stilla sér upp. NORDICPHOTOS/GETTY

Raðað í styrkleikaflokka:

Stefnir í öfl-ugan dauðariðil

FÓTBOLTI Þeim sextán liðum sem taka þátt í úrslitakeppni EM næsta sumar var í gær raðað í styrkleikaflokka, en dregið verður í riðla hinn 2. desember næstkomandi.

Flokkana má sjá hér fyrir neðan en miðað við niðurröðun riðlanna er möguleiki á gríðarlega sterkum „dauðariðli“ í þetta skiptið. Möguleiki er á að Spánn, Þýskaland, Portúgal og Frakkland endi í sama riðli.

Gárungar á netinu voru líka fljótir að koma auga á mögulegan „skuldariðil“ – sem yrði þá skipaður liðum Grikklands, Ítalíu, Spánnar og Írlands.

- esá

Styrkleikaflokkarnir

1. styrkleikaflokkur:	Úkraína	Pólland
	Spánn	Holland
2. styrkleikaflokkur:	Þýskaland	Ítalía
	England	Rússland
3. styrkleikaflokkur:	Króatía	Grikkland
	Portúgal	Svíþjóð
4. styrkleikaflokkur:	Danmörk	Frakkland
	Tékkland	Írland

Höfum hálf töl ár til að verða enn betri

Þýska landsliðið í knattspyrnu er þrátt fyrir ungan meðalaldur án nokkurs vafa eitt allra besta landslið álfunnar í dag. Liðið vann sannfærandi 3-0 sigur á Hollandi í fyrrakvöld og stefnir á að velta Spáni af stalli.

FÓTBOLTI Þýska knattspyrnulandsliðið hefur átt ótrúlegt ár sem nú er að líða, en liðið vann í fyrrakvöld öruggan 3-0 sigur á Hollandi í vináttulandsleik í Hamborg. Var það síðasti leikur liðsins á árinu.

Þýskaland vann alla tíu leiki sína í undankeppni EM 2012, en þar af fóru sex fram á þessu ári. Liðið lék sjö vináttulandsleiki og tapaði einum, fyrir Ástralíu í mars, en vann lið eins og Brasilíu í mars, en vann lið eins og Brasilíu og Úrúgvæ. Leikurinn í fyrradag var sá 75. í röðinni undir stjórn þjálfarans Joachims Löw, en þetta var hans 52. sigur.

Ungir og ótrúlega góðir

Þó svo að tölfræðin tali sínu máli dylst engum sem hefur fylgst með leikjum liðsins hversu ógnarmikill kraftur er í þýska landsliðinu. Það kom morgun á óvart í úrslitakeppni HM 2010 í Suður-Afríku þegar ungt lið fór alla leið í undanúrslit. Leikmenn eins og Mesut Özil, Thomas Müller og Sami Khedira eru í dag lykilmenn í liðinu en komu fyrst fram á sjónarsviðið fyrir aðeins nokkrum árum. Alls voru fjórtán leikmenn fæddir á árunum 1987 til 1990 valdir í 24 manna leikmannahóp fyrir leikina gegn Hollandi og Úkraínu á dögunum.

Svo má ekki gleyma hinum nítján ára Mario Götze, miðjumanninum öflugum sem sló í gegn hjá meistariðli Dortmund á síðustu leiktíð. Þýska götublaðið Bild segir slíkan leikmann aðeins koma fram einu sinni á öld.

Oliver Kahn, fyrrverandi landsliðsmarkvörður, sagði eftir útsendingu þýsku sjónvarpsstöðvarinnar



TÖFRATEYMI Mesut Özil, Thomas Müller og Miroslav Klose fagna einu marka sinna gegn Hollandi. NORDICPHOTOS/BONGARTS

ZDF frá leiknum í fyrrakvöld að það væri ótrúlegt hvað Þýskaland ætti marga góða leikmenn. Liðið lék til að mynda í gær án Bastians Schweinsteiger og Philipps Lahm, sem báðir hafa verið miklir leiðtogar undanfarin ár.

„Það væri líklega hægt að stilla upp tveimur jafn sterkum liðum í þýska landsliðsbúningnum. Það eru minnst tveir gríðarlega sterkir leikmenn um hverja stöðu.“

Sýning í Hamborg

Þjóðverjar settu á svið sýningu í Hamborg í fyrrakvöld, en mörkin voru hvert öðru glæsilegra og

frábær sýnidæmi um hversu vel smurð vél keyrir þetta unga þýska lið áfram. „Gamli“ maðurinn, hinn 33 ára gamli Miroslav Klose, smellpassar í þennan unga hóp, en hann skoraði eitt mark í leiknum og lagði upp hin tvö. Þríeykið Klose-Müller-Özil fór á kostum í leiknum og lítur ansi hreint vel út.

„Við höfum notið þess að spila saman á þessu ári og náð alveg ótrúlega vel saman,“ sagði þjálfarinn Löw eftir leikinn í gær. „Hollendingar vissu ekki í hvorn fótinn þeir ættu að stíga. Þeir náðu nánast aldrei að koma sér í færi í leiknum.“

„Það væri líklega hægt að stilla upp tveimur jafn sterkum liðum.“

OLIVER KAHN
FYRRUM LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR

Özil tók í svipaðan streng. „Þeir áttu ekki séns. Við sýndum í kvöld hvers við erum megnugir fyrir EM næsta sumar.“

Draumaúrslitaleikurinn

Þýskir fjölmiðlar ráða sér vart af kæti og voru duglegir að spyrja leikmenn hvort þýska landsliðið væri ekki líklegast til að vinna EM næsta sumar, ásamt Spánverjum. Leikmenn voru sparir á stóru orðin en því er ekki að neita að tilhugsunin um úrslitaleik Þýskalands og Spánnar á Ólympíuleikvanginum í Kænugarði hinn 1. júlí næstkomandi er ansi lokkandi.

Þýskaland tapaði einmitt fyrir verðandi heimsmeisturum Spánnar í undanúrslitum HM 2010 í fyrria, en liðin mættust einnig í úrslitaleik EM 2008. Þá höfðu Spánverjar einnig betur.

Þjóðverjar höfðu ekki unnið Hollendinga í fimmtán ár fyrir leikinn í gær. Með sigrinum náðu þeir að hefna fyrir 2-1 sigur Hollands í undanúrslitum EM 1988 sem fór fram á sama velli í Hamborg.

Eins og Klose benti á í viðtölum við fjölmiðla eftir leikinn í fyrrakvöld gæti verið enn meiri veisla í vændum. „Við höfum enn hálf töl ár til að bæta okkur,“ sagði hann.

eirikur@frettabladid.is

SPORT 2
enski boltinn

Síminn ICELANDAIR 1011 ...opið í 20 ár OPIN KERFI

SUNNUDAG KL.15:30

CHELSEA LIVERPOOL

Þú færð meira fyrir peningana MUTV, Liverpool TV og Chelsea TV fylgja frítt með áskrift að Stöð 2 Sport 2

Hvar verður þú þegar Torres fær fyrrum samherja sína í heimsókn á Stamford Bridge? Mundu að það er ódýrast að horfa á leikinn heima. Tryggðu þér áskrift strax!

Dove
MEN
+CARE



NÝTT DOVE MEN+CARE

DOVE MEN+CARE inniheldur rakaeindir (micromoisture) sem hjálpa húðinni að viðhalda eðlilegu rakastigi.

Í rakaeindunum eru olíur sem virka um leið og DOVE MEN+CARE kemst í snertingu við húðina. Húðin verður ekki fitug viðkomu heldur náttúrulega rök og mjúk.

[LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í EIGIN SKINNI]





RAUÐA SPJALDIÐ Á LOFTI Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson rekur hér FH-inginn Pétur Viðarsson út af í leik Víkinga og FH í Pepsi-deild karla í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

VIRÐINGARLAUST STARF DÓMARANS

Í árdaga knattspyrnunnar var ekki talin nein þörf á dómurum. Knattspyrna var heiðursmannaþrótt og engum kom til hugar að leikmenn myndu brjóta hver á öðrum. Um 150 árum síðar er staðan önnur. Án dómara fer knattspyrnuleikur ekki fram. Starf hans verður líka sífellt meira krefjandi eftir því sem leikurinn tekur breytingum í þeim tilgangi að gera hann hraðari og skemmtilegri. Ætla mætti að virðing fyrir starfi dómara myndi aukast í takt við þetta. Svo virðist ekki vera og finnst undirrituðum ótrúlegt að hæfir menn fáiast yfirhöfuð til þess að sinna starfinu.

Íslensk knattspyrnufélög

Að undanskildum stuðningsmönnum eru það leikmenn og þjálfarar félaganna sem kvarta hvað mest yfir dómum. KSÍ gerir há kröfu til heimaliðsins að það útvegi dómara og þannig hefur það verið svo árum skiptir. Þrátt fyrir það gengur félögum ótrúlega illa að manna leiki sína. Algengast er að unglingar úr eldri flokkum séu boðaðir og dæmi leikina af skyldurækni fremur en áhuga. Láti þeir ekki sjá sig, sem er ekki óalgengt, er húsvörðurinn beðinn um að fylla í skarðið og því næst vel skóað foreldri.

Besta dæmið um lítinn metnað félaganna er líklega þegar kemur að heimaleikjum félagsins í yngri flokkum. KSÍ gerir há kröfu til heimaliðsins að það útvegi dómara og þannig hefur það verið svo árum skiptir. Þrátt fyrir það gengur félögum ótrúlega illa að manna leiki sína. Algengast er að unglingar úr eldri flokkum séu boðaðir og dæmi leikina af skyldurækni fremur en áhuga. Láti þeir ekki sjá sig, sem er ekki óalgengt, er húsvörðurinn beðinn um að fylla í skarðið og því næst vel skóað foreldri.

Víðast hvar er unnið gott starf í yngri flokkum, stundum eftir metnaðarfullum afreksstefnum, sem skilar góðum leikmönnum í meistaraflökk. Félögin hafa fyrir löngu áttað sig á því að fullþroska leikmaður verður ekki til á nokkrum mánuðum eða árum. Fjöldi æfinga og leikja og stuðningur félagsins skiptir þar sköpum. Góður dómari þarf að þróast á svipaðan hátt. Dæma fjölda leikja auk þess að finna fyrir stolti og stuðningi félags síns.

Sú staðreynd að dómara dæma fyrir félög gæti gefið til kynna að þau eigi stóran þátt í uppbyggingu dómara. Það er langt í frá. Dómara eru í flestum tilfellum knattspyrnuáhugamenn sem velja að dæma fyrir félagið sem þeir styðja.

Samband þeirra við félögin sjálf eru þó lítil. Hvers vegna? „Félögin vilja sem minnst af okkur vita,“ svo ég vitni í dómara í efstu deild. Ábendingar um félög sem útvega dómurum sínum svo lítið sem skóbúnað óskast sendar undirrituðum.

Knattspyrnusamband Íslands

KSÍ sér um að mennta dómara og skipuleggja starf þeirra auk þess að greiða þeim laun. Sambandið gefur sig út fyrir að styðja við bakið á dómurum og má nefna sjónvarpsauglýsingu þar sem hvatt er til virðingar gagnvart dómum. Þrátt fyrir það skaut sambandið sig í fótinn þegar kom að því að taka upp hanskann fyrir dómara síðastliðið sumar.

Nefna má ummæli Willums Þórs Þórssonar, þjálfara Keflavíkur, eftir leik á KR-vellinum snemma sumars. Í mörgum viðtölum hraunaði hann yfir dómara leiksins svo allir tóku eftir. Meðal annars sagði hann viðkomandi dómara ofmetinn, framkomu hans ekki í lagi, líkamlegt form hans slæmt og að KSÍ ætti að senda hann í æfingabúðir. Sami dómari var valinn sá besti af leikmönnum deildarinnar sumarið 2010. Það er á valdi framkvæmdastjóra KSÍ, Þóris Hákonarsonar, að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Þórir sá enga ástæðu til þess að fjallað yrði um framkomu Willums. Dómarastéttinni var brugðið enda afar slæmt fordæmi sett.

Þórir stóð sig þó betur tæpum tveimur mánuðum síðar þegar hann vísaði ummæli Guðjóns Þórðarsonar, þáverandi þjálfara BÍ/Bolungarvíkur, til nefndarinnar. Guðjón fór mikinn í viðtali eftir jafntefli gegn Þrótti og gaf í skyn að dómara í 1. deildinni væru haldnir kynþáttafordómum. Aga- og úrskurðarnefnd áminnti Guðjón og BÍ/Bolungarvík var sektað um 25 þúsund krónur. Ekkert leikbann og þjálfaranum því í sjálfu sér ekki refsáð. Hver ætli refsing Guðjóns hefði verið fyrir slík ummæli á tíma sínum á Englandi eða í Noregi?

Fjölmiðlar

Umfjöllun um leiki í efstu deild karla í knattspyrnu hefur aldrei verið meiri. Auk umfjöllunar á prenti og netinu eru umferðirnar gerðar upp í tveimur ítarlegum

Laun dómara



EKKI ORÐ Tryggvi Guðmundsson reynir hér að ræða málin við Kristín Jakobsson dómara, sem er nýbúinn að reka hann út af. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sjónvarpsþáttum. Allt of oft beinast spjótin að ákvörðunum dómara leiksins, þ.e. þeim ákvörðunum sem leikur vafi á. Réttar og góðar ákvarðanir dómara fá litla athygli þrátt fyrir að hafa ekki síður áhrif á úrslit leikja.

Hlutverk fjölmiðlamanna er meðal annars að vera gagnrýnir á svör þjálfara og leikmanna en ekki aðeins gátt fyrir skoðanir þeirra eins og í tilviki Willums. Enginn minnti Willum á að í umferðinni á undan hefði dómari gert mistök sem hefðu komið hans mönnum til góða. Fjölmiðlamenn þurfa að vera í stakk búin til að setja spurningarmerki við alvarlegar ásakanir í garð dómara í stað þess að ýta undir þær í leit sinni að krassandi fyrirsögn.

Þrátt fyrir að hlutverk spekinga í markaðttunum sé m.a. að vera beinskeyttir og yfirlýsingaglaðir má það ekki fara út fyrir öll mörk. Verst þykir mér ítrekuð krafa til dómara um að beita „heilbrigðri skynsemi“ frekar en að dæma eftir lögum leiksins. Líkt og spekingarnir eru dómara leiksins ekki sammála lögum leiksins í einu og öllu. Sumum finnst til dæmis glórulaust að spjalda leikmann fyrir að fara úr að ofan í fagnaðarlátum. Ákvörðunin er þó ekki þeirra og menn verða að fara að átta sig á því.

Besta dæmið um þetta í sumar var þegar dómari rak varnarmann ÍBV af velli snemma leiks í mikilvægum leik gegn KR. Stóru orðin voru ekki spöruð. Dómarinn hafði eyðilagt leikinn. Brotlegi leikmaðurinn, sem sparkaði í andstæðing sinn þegar boltinn var fjarri, var fórnarlamb líkt og áhorfendur sem vildu horfa á skemmtilegan leik fullskipaðra liða. Algjört aukaatriði var að ákvörðun dómara, sem var frábærlega staðsett, var hárrétt og djörf í ljósi aðstæðna. Rétt

Dómara í efstu deild á Íslandi fá rúmar 20 þúsund krónur í laun fyrir hvern leik. Auk þess bætist við greiðsla fyrir undirbúningsvinnu og akstursgjald, sem gerir heildarupphæðina um 28 þúsund krónur. Fint tímakaup myndi einhver segja. Skoðun undirritaðs er sú að um algjör lágmarkslaun sé að ræða.

Dómara æfa eins og íþróttamenn í fremstu röð árið um kring enda býður yfirferð þeirra á velli, sem er almennt meiri en leikmanna, ekki upp á annað. Vissulega eru átök leikmanna annars eðlis. Dómara funda reglulega, þar sem farið er yfir áherslur í dómaramálum í þeim tilgangi að bæta sig. Þá færast í vöxt að dómara horfi á eldri leiki þeirra liða sem þeir eiga að dæma hjá í undirbúningi sínum. Á leikdegi taka dómara sér síðan annaðhvort frí eða hætta vinnu á hádegi.

hefði verið að hrósa dómara leiksins í stað þess að segja hann ekki starfi sínu vaxinn.

Leikmanninum til hróss axlaði hann ábyrgð og viðurkenndi brot sitt eftir leik. Stutt er síðan Wayne Rooney var rekinn út af í landsleik fyrir sams konar brot. Enginn gagnrýndi þá brottvísun, aðeins er rætt hversu langt leikbannið eigi að vera.

Staða dómara

Íslenskir dómara mega ekki tjá sig sama hvað á gengur. Hins vegar veit undirritaður að margoft í sumar hefðu íslenskir dómara viljað geta svarað fyrir sig líkt og kollegar þeirra annars staðar á Norðurlöndum mega. Það er erfitt að sleppa því að svara ásökunum sem eiga ekki við nein rök að styðjast. Þá verður að hafa í huga að þótt dómari sé öllu vanur þegar

kemur að gagnrýni taka fjölskylda og vinir ekki síður gagnrýni inn á sig. Synir spyrja feður sína hvort þeir hafi í alvöru staðið sig jafn illa og um er rætt. Eiginkonur fella tár yfir ósvífinni gagnrýni á hendur sínum nánasta. Staðfest dæmi. Er nema furða að dómara velti því fyrir sér hvort þeir geti boðið aðstandendum sínum upp á þetta?

Það er kannski bjartsýni að ætla að höfða til eldheitra stuðningsmanna í grein sem þessari. Lýsingarorðin sem undirritaður hefur heyrt notuð úr stúkunn í gegnum árin til þess að gera lítið úr dómurum hæfa ekki prenti. Lengi má þó reyna. Dómara gera mistök líkt og leikmenn. Leikmaður sem klúðrar fjórum færum og skorar úr því fimmta er lofaður en ein mistök dómara eyðileggja leikinn. Það gengur ekki upp. Ef liði þínu tekst ekki að skapa sér færi í 90 mínútur en á eina réttmæta kröfu um vítaþyrnu, hvort er rétt að setja spurningarmerki við frammistöðu liðsins eða dómum? Vertu meðvitaður um að dómari mun gera mistök. Hjá því verður ekki komist. Hann sér samt sjaldnast um að tryggja hinu liðinu sigurinn.

Sé það krafa knattspyrnusamfélagsins á Íslandi að dómara séu í fremstu röð verður að skapa þá umgjörð að starfið verði eftirsóknarvert. Leikmenn, þjálfarar, fjölmiðlamenn, stuðningsmenn og forystumenn í félögum, að ógleymdu KSÍ, verða að líta í eigin barm. Er krafa ykkar til góðrar dómumslu raunhæf og ef þið teljið svo vera, hvað eruð þið tilbúin að leggja af mörkum til að auka virðingu fyrir starfinu og gera það eftirsóknarvert?

Paul Scholes

Knattspyrnugóðsögnin Paul Scholes hikaði ekki við að láta dómara heyra það þegar hann taldi á lið sitt hallað. Í ávisögu sinni segir hann frá atviki þar sem hann skammaði dómara fyrirverandi Paul Durkin fyrir slæma ákvörðun. Durkin horfði í augu Scholes og sagði honum að einbeita sér að sinni eigin frammistöðu í leiknum, sem hefði ekki verið upp á marga fiska. Scholes hrósar nafna sínum í bókinni fyrir svarið.

UTAN VALLAR

Kolbeinn Tumi Daðason
ktd@frettabladid.is



Góð ljón á góðu verði

umhverfisvæn og áreiðanleg



107



Verð frá kr. **2.080.000**

Bílasamningur kr. **23.851** á mán.*

Eldsneytiseyðsla: **4,6L/100km****

CO₂ útblástur: **103g/km**



206+ HDi-diesel



Verð frá kr. **2.590.000**

Bílasamningur kr. **29.627** á mán.*

Eldsneytiseyðsla: **4,0L/100km****

CO₂ útblástur: **104g/km**

** Eldsneytiseyðsla og CO₂ útblástur eru miðuð við blandaðan akstur.

Ertu í leit að hentugum bíl sem veldur þér ekki vonbrigðum þegar þú ert kominn á þjóðveginn? Ertu í leit að fágun, áreiðanleika og nútíma þægindum á verði sem þú hefur efni á. Þá eru Peugeot 107 og 206+ raunhæfir kostir sem koma þér á óvart hvað varðar öryggi, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. **Komdu og kynntu þér 107 og 206+, vel tamin ljón sem leika við hvern fingur.**



PEUGEOT
MOTION & EMOTION



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

79 SENTIMETRAR var lengdin á stærsta laxinum sem skráður var upp úr Gljúfurá í Borgarfirði í sumar. Hann veiddist 24. ágúst á maðk í Þjófahyl.

545 LÖXUM færri veiddist í sumar í Affallinu í Landeyjum heldur en sumarið á undan. Veðin var 476 laxar miðað við 1.021 lax sumarið 2010.



HVANNADALSÁ

Hrun í Hvannadalsá í Djúpi: Áttatíu prósent veiðinnar hurfu

Segja má að algert hrun hafi orðið í veiðinni í Hvannadalsá í Djúpi í sumar. „Samkvæmt okkar bókum komu rétt rúmlega 100 laxar úr ánni í sumar sem er töluvert fall frá 465 löxum í fyrra,“ segir á lax-a.is. Óhætt er að taka undir að fallið er mikið enda minnkar veiðin um áttatíu prósent milli ára.

„Hluti af skýringunni er eflaust sá að í sumar var einungis leyfð fluguveiði í fyrsta skipti og reynslan sýnir okkur að fyrsta ár í fluguveiði skilar alltaf lægri heildartölu en vanalega,“ segir á lax-a.is. Tekið er fram að þó hafi hlutfall stórlaxa verið hátt.

Viðtalsbók frá blaðamönnum: Stórlaxar segja veiðisögur sínar

Blaðamennirnir Gunnar Bender og Þór Jónsson hafa sent frá sér bókina Stórlaxa. Þar eru viðtöl við sjö einstaklinga sem segja veiðisögur og ræða um lífið á árbakknum. Þeir sem rætt er við í bókinni eru Kristinn Sigmundsson, Ragnheiður Thorsteinsson, Björn Kristinn Rúnarsson, Njórður P. Njarðvík, Ólafur Guðnaldsson, Guðmundur Þ. Guðmundsson og Árni Baldursson.

Tvíburar iðnir við kolann:

Mynd og bók um stórlaxa

Tvíburarnir Gunnar og Ásmundur Helgasonir láta ekki deigan síga í gerð veiðimyndbanda. Nú færa bræðurnir út kvíarnar og senda frá sér pakka með bók og mynd. Í bókinni velja tíu menn uppáhalds stórlaxaflugur sínar. Þar er einnig frásögn af því að sumarið sem leið settu tvíburarnir sér það markmið að ná að veiða laxa sem væru tuttugu þund eða meira. Leiðangurinn bar þá í Laxá í Aðaldal, Jöklu, Breiðdalsá og Hofsa. Þessu og fleiru eru gerð skil í áttatíu mínútna myndbandi.

ÞRENGT AÐ HEFÐUM VEIÐINNAR

Formaður Skotveiðifélags Íslands segir skert aðengi að rjúpnalöndum ógna aldagömlum veiðihefðum. Með takmörkunum á veiðidögum sé mönnum enn fremur att út í viðsjárverð veður.

„Ég vil meina að það sé verið að gjörbreyta umhverfi veiðimanna á mjög skömmum tíma án þess að það sé í raun ástæða til,“ segir Elvar Árni Lund, formaður Skotveiðifélags Íslands.

Rjúpnaveiðitímabilið í ár er nú hálfnað. Veiðar hafa verið leyfðar í samtals fimm daga helgarnar á undan síðustu helgi en þá var hlé gert á veiðunum. Enn eru fjórir veiðidagar eftir. Þeir eru um komandi helgi og helgina þar á eftir.

Elvar segir að árið 2009 hafi verið tilkynnt að næstu þrjú árin yrði heimilt að veiða rjúpu samtals átján daga sem skiptust á sex þriggja daga helgar. Veiðarnar hafi á árinu 2009 numið um sjö-tíu þúsund fuglum og ríflega sextíu þúsund fuglum í fyrra. Þetta hafi verið í samræmi við tilmæli stjórnvalda. Nú ráðleggi Náttúrufræðistofnun hins vegar að menn veiði ekki meira en samtals þrjátíu þúsund fugla. Þar sem rjúpnaveiðimenn séu um fimm þúsund talsins megi hver og einn að meðaltali veiða sex fugla.

„Já, ég held það,“ svarar Elvar spurður hvort menn fari almennt að tilmælum stjórnvalda. „Almennt er mikil hugarfarsbreyting meðal veiðimanna. Langflestir eru að draga verulega úr veiðum og veiða bara fyrir sjálfa sig. Þessar svokölluðu atvinnuveiðar eru nánast að hverfa,“ segir Elvar sem þó tekur fram að alltaf sé einhverjir sem eigi erfitt með að fylgja reglum.

Að sögn Elvars fer misjöfnun sögum af rjúpnaveiðinni það sem af er. Mest hafi veiðin verið á norðanverðu landinu en léleg á Suðurlandi og Vesturlandi eins og reyndar undanfarin ár. Rok, rigning og snjóleysi hafi sett strik í reikninginn.

Elvar segir marga ókosti fylgja þeim stranga tímaramma sem rjúpnaskyttum sé ætlaður. „Af því að það eru bara þessar fjórar helgar þá eru menn jafnvel að fara út í mjög misjöfnum veðrum og það eru mjög margir á ferðinni í einu á betri stöðunum. Það skapar auðvitað ákveðna hættu,“ segir Elvar sem kveður Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa tekið undir áhyggjur skotveiðimanna. „Það er svolítið að vera að etja mönnum af stað þrátt fyrir að veðurspáin sé slæm.“

Hér áður fyrir var rjúpnaveiðitímabilið frá 15. október til 22. desember og veiða mátti alla daga. „Þá fóru menn þegar



ELVAR ÁRNI LUND Formaður Skotveiðifélags Íslands er sjálfur búinn að veiða hluta þeirra fugla sem hann þarf til jólnanna en betur má ef duga skal.

viðraði vel og komið var gott færi til að ganga. Þá þekktist ekki að menn væru að fara fleiri hundruð kílómetra í roki og rigningu til rjúpna,“ segir Elvar sem sjálfur fór fyrstu veiðihelgina tvö hundruð kílómetra leið frá heimili sínu á Akureyri austur á Melrakkaslétu. „Ég fór út í veðri sem ég er viss um að þessir gömlu rjúpnakallar hefðu ekki farið út í.“

Elvar segir mikla einföldun að kenna veiðimönnum um fækkun rjúpnunnar. Veðurfar og tífoldun á refastofninum á fjörutíu árum eigi stóran þátt í þróuninni. Þá segir hann víða þrengt að veiðimönnum af landeigendum sem loka fyrir umferð og stjórnvöldum sem banna veiðar í lendum sínum. „Þetta er ein alvarlegasta þróunin í umhverfi veiðimanna og ekki síður almennings sem

Það er svolítið að vera að etja mönnum af stað þrátt fyrir að veðurspáin sé slæm

ELVAR ÁRNI LUND
FORMAÐUR SKOTVEIÐIFÉLAGS ÍSLANDS

hefur áhuga á að stunda útvist á Íslandi. Það er smátt og smátt verið að loka landinu. Ríkið hefur til dæmis tekið mikil svæði undir þjóðgarða og það sér engan veginn fyrir endann á því. Það er mjög mikið áhyggjuefni,“ segir Elvar sem kveður mikinn menningararf settan í hættu að ástæðulausu.

„Það ríkjá miklar hefðir í kringum veiðar á Íslandi og það

er verið að brjóta á bak árhundræða hefðir á mjög skömmum tíma. Það er mikil skammsýni því veiðimenn sem eru vanir að ganga um náttúruna eru oft mikil náttúruörn að upplagi og verndarsinnar í eðli sínu – jafnvel þótt þeir kjósi að nýta líka náttúruna,“ segir Elvar og bendir á að villibrað sé einn heilnæmasti matur sem um geti. „Þetta eru dýr sem lifa án vafa við miklu betri aðstæður en kjúklingar og svín þar til þau falla fyrir vopnum veiðimannsins,“ segir Elvar áður en hann svarar lokaspurningunni:

Hvað ætlarðu að borða um jólin?

„Rjúpur!“ svarar Elvar og hlær. „Þær eru búnar að vera á borðum á mínu heimili frá því að ég man eftir svo maður er alinn upp við þetta.“

gar@frettabladid.is

GAMLA BIÓ LEIKHUS

HREKKJU SVÍN

LAUG. 19. NÓV. KL 16:00
FÖST. 25. NÓV. KL 19:00
– ATH! „SING-ALONG“ SÝNING FYRIR SÖNGELSKA AÐDÁENDUR!

MIÐASALA Á MIDI.IS
OG Í SÍMA 563-4000.

„HÓPURINN FLYTUR TÓNLISTINA REGLULEGA SKEMMTILEGA; STUNDUM SVO VEL AÐ MAÐUR FEKK GÆSAHUÐ“
– SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR/TMM.IS

„ÉG FÓR ALVEG Í NOSTALGÍUKAST“
– STELLA SIGURGEIRSDÓTTIR /LISTRÆNINGINN Á RUV.IS

KÓSÍKVÖLD Í KVÖLD

JÓLAVÖRURNAR KOMNAR – OPIÐ TIL KL. 22

Kynnum
sinneps-og
saltblöndur frá
HOUSEDOCTOR

20%
af öllum vörum í
TEKK COMPANY
og
HABITAT

Ljúfir tónar frá
BJÖSSA THOR
og AGLI ÓLAFS
milli kl.18-20

Inga Elsa og
Gísli Egill veita
góð ráð og kynna
nýutkomna
bók sína
*Góður matur
- gott líf*

VÍNEKRAN
kynnir
lífræna
vínræktun

ÓVÆRU
ENGLARNIR
líta inn og taka
lag úr jólasýningu
lðnó

Léttar
veitingar,
kaffi og
GÓU-konfekt

sia

house doctor

Ethnicraft®
emotional® wooden furniture

Andersen & Lauth
Rugbyark

Crabtree & Evelyn

habitat®

habitat®


TEKK
COMPANY

Kaupúni - Sími 564 4400

> Stöð 2 kl. 21.40

The Good Guys

Colin Hanks (sonur Tom Hanks) leikur annað aðalhlutverkanna í *The Good Guys* á Stöð 2. Hann leikur Jack Bailey sem fer alltaf eftir bókinni og hefur allt sitt á hreinu en félagi hans, Dan Stark, notar frjálsligrí aðferðir. Í þættinum í kvöld veikist Dan og Jack þarf að standa á eigin fótum við rannsókn á dularfullu máli þar sem málverki var stolið af heimilí læknis.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLISSON HORFÐI Á ARMAGEDDON

Of mikið af Aerosmith

Síðastliðið laugardagskvöld tímdi ég ekki að fara að sofa. Mér fannst það soun á helgarfríi. Þess í stað horfði ég á Armageddon.

Í minningunni er Armageddon kjánaleg hetjumynd um hóp langbestu bormanna í heimi. Þeir eru sendir út í geim til að bora kjarnorkusprengru niður í loftstein sem hótar að eyða öllu lífi á jörðinni. Í sullið er svo troðið öllum steriótýpum sem tímalengd myndarinnar gaf rými fyrir. Bruce Willis er harðasti bormaður allra tíma, Billy Bob Thornton er geimumsjónarmaður með brostna drauma, Liv Tyler er sæta stelpa með pabbakcomplexana



og hinn stórkostlegi Peter Stormare er hræðilegur sem sturlaði Rússinn. Til að allt sé eftir bókinni þá er smurt ofan á þetta þykku lagi af vellu, of miklu af Aerosmith og bandarískri þjóðrembu.

Magn rembu var það sem kom mér mest á óvart eftir að hafa verið í 13 ára frí frá Armageddon. Hún var svo mikil að það minnti meira á áróðursmyndir Riefenstahl með bandarískum formerkjum en afþreyingu frá Hollywood. Eina ástæða þess að ég kláraði myndina var sú að ég vildi sjá hvort þrjár mínútur gætu liðið án þess að vísað væri í dásemd og hetjumóð Bandaríkjanna. Það gerðist ekki. Næst fer ég að sofa.

RÚV

- 15.45 Kiljan (e)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Gurra grís (19:26)
- 17.25 Sögustund með Mömmu Marsibíl (20:52)
- 17.36 Mókó (7:52)
- 17.41 Fæturnir á Fanneyju (20:39)
- 17.55 Stundin okkar (e)
- 18.25 Táknálsfréttir
- 18.35 Melissa og Joey (12:30)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Nigella í eldhúsinu (11:13) (Nigella: Kitchen) Í þessari bresku matreiðslu-þáttaröð eldar Nigella Lawson dýrindis krásir af ýmsum toga.
- 20.35 Hljómskálinn (4:5) Þáttaröð um íslenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurs-sonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason.
- 21.10 Sönnunargögn (9:13) (Body of Proof)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Glæpahneigð (103:114) (Criminal Minds V)
- 23.10 Downton Abbey (1:10) (Downton Abbey II)
- 00.20 Kastljós (e)
- 00.45 Fréttir
- 00.55 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Full of It
- 10.00 The Rocker
- 12.00 Herbie: Fully Loaded
- 14.00 Full of It
- 16.00 The Rocker
- 18.00 Herbie: Fully Loaded
- 20.00 Love and Other Disasters
- 22.00 Pineapple Express
- 00.00 Pucked
- 02.00 Rothenburg
- 04.00 Pineapple Express
- 06.00 Alice In Wonderland

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (13:175)
- 10.15 The Mentalist (22:23)
- 11.00 The Whole Truth (7:13)
- 11.45 Gilmore Girls (21:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Big
- 14.40 Friends (8:24)
- 15.05 E.R. (6:22)
- 15.50 Barnatími Stöðvar 2
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.25 Nágrannar
- 17.52 The Simpsons (4:21)
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm in the Middle (16:16)
- 19.45 The New Adventures of Old Christine (20:21)
- 20.10 Hell's Kitchen (5:15)
- 20.55 Human Target (2:13) Önnur þáttaröð þessa skotheldu og hressandi spennu-þátta með gamansömu ívaði í anda Bond- og Bourne-myndanna. Þættirnir fjalla um Christopher Chance; mann eða hálfgerð ofur-menni sem tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst. Þættirnir koma úr smíðju þeirra sömu og gerðu þættina Chuck og Charlie's Angels-myndirnar.
- 21.40 The Good Guys (16:20) Nýir þættir sem bæði eru hláðnir spennu og gríni um löggæfingarnum Jack, og nútímalaga lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelidur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar sem hann framdi mörgum árum áður.
- 22.25 Breaking Bad (2:13)
- 23.15 Heimsendir (6:9)
- 00.00 Spaugstofan
- 00.30 The Killing (8:13)
- 01.15 Mad Men (3:13)
- 02.05 The Vanishing
- 03.55 The Hoax
- 05.50 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 18.00 AC Milan - Barcelona 1994
- 19.45 EAS þrekmótardöin
- 20.10 OK búðamótið
- 20.45 Feherty: Greg Norman Magnaður þáttur um einn besta kyfling allra tíma.
- 21.35 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu
- 22.10 Grænland Grænland heimsótt og skoðað hvernig er að veiða hjá þessari þjóð.
- 22.40 Gunnar Nelson í Cage Contender

SPORT 2

enski boltinn

- 18.15 Man. Utd. - Chelsea
- 20.05 Premier League World
- 20.35 Goals of the Season 2006/2007
- 21.30 Premier League Review 2011/12
- 22.25 Football League Show
- 22.55 Man. City - Aston Villa

EXTRA

- 19.50 The Doctors (158:175)
- 20.35 In Treatment (56:78) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreirir skjólstaðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum. Gabriel Byrne hlaut á dögumum Golden Globe verðlaun sem besti leikari í sjónvarpsþáttaröð.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 The Middle (5:24)
- 22.15 Cougar Town (17:22)
- 22.40 Grey's Anatomy (7:24)
- 23.25 The New Adventures of Old Christine (20:21)
- 23.45 Medium (4:13)
- 00.30 Satisfaction (10:10)
- 01.20 Týnda kynslóðin (13:40)
- 01.50 In Treatment (56:78)
- 02.15 The Doctors (158:175)
- 03.00 Fréttir Stöðvar 2
- 03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 07.30 Nýtt útlit (10:12) (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Nýtt útlit (10:12) (e)
- 12.30 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 Life Unexpected (11:13) (e)
- 16.40 Rachael Ray
- 17.25 Dr. Phil
- 18.10 Friday Night Lights (13:13) (e)
- 19.00 Game Tívi - OPIÐ (10:14)
- 19.30 Everybody Loves Raymond - OPIÐ (20:22)
- 19.50 Will & Grace - OPIÐ (19:22) (e)
- 20.10 The Office (5:27)
- 20.35 30 Rock (12:23) Bandarísk gamanþáttaröð. Myndatökulið eltir Tracy á röndum vegna raunveruleikþáttar en á sama tíma hyggst Liz beita brögðum til að færa sér það í nyt.
- 21.00 Hæ Gosi (8:8) Sprenglæglegir en um leið óþægilegir gamanþættir um bræðurna Bök og Víði og fólkið í lífi þeirra. Í þessum lokapætti af Hæ Gosa reyna þeir Bökur og Víði að taka til eftir sig. Gærkvöldið reyndist öllum í fjölskyldunni erfið, ekki sist Reyni.
- 21.30 House (11:23) Bandarísk þáttaröð um skapstírða lækniinn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
- 22.20 Falling Skies (5:10)
- 23.10 Jimmy Kimmel
- 23.55 CSI: Miami (7:22) (e)
- 00.45 Smash Cuts (48:52) (e)
- 01.05 Everybody Loves Raymond (e)
- 01.25 Falling Skies (5:10) (e)
- 02.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 07.00 Presidents Cup 2011 (1:4)
- 12.00 Golfing World
- 12.50 Presidents Cup 2011 (1:4)
- 17.40 US Open 2000 - Official Film
- 18.40 Presidents Cup 2011 (1:4)
- 23.40 Presidents Cup Official Film 2009 (1:1)
- 00.30 Presidents Cup 2011 (2:4)

N4

18.00 Að norðan

RÁS 1

FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunbáttur Rásar 1
- 06.40 Veðurfregin
- 06.50 Bæn
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregin
- 10.13 Lita flugan
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregin
- 12.50 Dánarfregin
- 13.00 Landið sem rís
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Á tónsviðinu
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Útvarpsagan: Fótspor á himnum
- 15.25 Skurðgrafan
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Víðsjá
- 17.00 Fréttir
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.20 Auglýsingar
- 18.21 Spegillinn
- 18.50 Veðurfregin
- 18.53 Dánarfregin
- 19.00 Tónlistarkvöld Útvarpsins
- 20.30 Fimm dagar í Frankfurt 2011
- 21.25 Það er draumur að vera með data
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregin
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.15 Útvarpsperla: Hannes Hafstein, maðurinn og skáldið
- 23.18 Hnapparatið
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

- 09.30 Come Dine With Me
- 10.20 Inspector Lynley Mysteries
- 11.05 Inspector Lynley Mysteries
- 11.50 EastEnders
- 12.20 Live at the Apollo
- 13.05 Come Dine With Me
- 13.55 New Tricks
- 14.50 New Tricks
- 15.40 Deal or No Deal
- 16.15 Come Dine With Me
- 17.05 Live at the Apollo
- 17.50 QI
- 18.20 QI
- 18.50 QI
- 19.20 Top Gear
- 20.15 Top Gear
- 21.00 Live at the Apollo
- 21.50 QI
- 22.20 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret
- 22.50 Skavlan
- 23.40 The Graham Norton Show
- 00.25 Top Gear
- 01.20 Come Dine With Me

DR 1

- 11.10 Penge
- 11.35 Hvað er det værd?
- 12.05 Cleo
- 12.35 Aftenshowet
- 13.30 Kender du typen
- 14.00 DR Update - nyheder og vejr
- 14.10 Maggies nye liv
- 15.00 Den lille røde traktor
- 15.15 Tagkammerater
- 15.30 Fandango med Elliott & Robotto
- 16.00 Rockford
- 16.50 DR Update - nyheder og vejr
- 17.00 Det søde liv
- 17.30 TV Avisen med Sport
- 18.05 Aftenshowet
- 19.00 Gintberg på kanten
- 20.00 TV Avisen
- 20.25 Jersild Live
- 20.50 SportNyt
- 21.00 Lægen, der dræbte Michael Jackson
- 21.45 Cliffhanger

NK1

- 12.00 Nyheter
- 12.05 Aktuelt
- 12.35 Urix
- 13.00 Nyheter
- 13.05 Norge rundt
- 13.30 Valpekullet
- 14.00 Nyheter
- 14.10 Dallas
- 15.00 Nyheter
- 15.10 Jessica Fletcher
- 16.00 Nyheter
- 16.10 Snakkis
- 16.25 Verdensarven
- 16.40 Oddasat - nyheter på samisk
- 16.55 Nyheter på tegnspråk
- 17.00 Førkvæld
- 17.40 Distriktsnyheter
- 18.00 Dagsreyyen
- 18.45 Schrødingers katt
- 19.15 Solgt!
- 19.45 Glimt av Norge
- 19.55 Distriktsnyheter
- 20.00 Dagsreyyen 2
- 20.30 Debatten
- 21.30 Kampen om Sørpolen
- 22.00 Kveldsnytt

svt1

- 10.45 Pojkskolan med Gareth Malone
- 11.45 Uppdrag Granskning
- 12.45 Robinson
- 13.15 Öppna dörrar
- 13.35 Minnenas television
- 14.30 Skattjägarna
- 15.00 Rapport
- 15.05 Gomorron Sverige
- 15.30 Svenska komediaktörer
- 15.40 Jonathan Ross show
- 16.25 Flugor
- 16.30 Sverige idag
- 16.55 Sportnytt
- 17.00 Rapport
- 17.10 Regionala nyheter
- 17.15 Go'kväll
- 18.00 Kulturmyhetera
- 18.15 Regionala nyheter
- 18.30 Rapport
- 19.00 Här är ditt kylskåp
- 19.30 Mitt i naturen
- 20.00 Plus
- 21.00 Debatt
- 21.45 The Trip

INN

- 20.00 Hrafnaþing
- 21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur
- 21.30 Vinsmakkarinn

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 KaninnFM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt BylgjanFM 97,7 X-ið
FM 98,9 BylgjanFM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp LatibærFM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Nýtt 2011

Hver er þinn jólaílmur?

DORMA

- býður góða nótt

20%

kynningarafsláttur af öllum jólaílum fram á sunnudag!

YANKEE CANDLE®

og jólin koma!

Myllu heilkornabrauð LÍFSKORN

Heilt hveitikorn & rúgur



VELDU HEILKORN
Brauðið er fullt af trefjum og heilkorni, án viðbættis sykurs, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af salti.

Heilkorn

Kim
Næring fyrir fræið, inniheldur andoxunarefni, E-vítamín og B-vítamín

Fræhvíta
Orkugjafi, inniheldur kolvetni og prótein

Klið
Ytri skel sem ver fræið, inniheldur trefjar, B-vítamín og steinefni



Veldu hollustuna Prófaðu nýtt heilkornabrauð Myllunnar

Lífskorn er nýtt heilkornabrauð frá Myllunni. Smakkaðu nýja heilkornabrauðið frá Myllunni. Settu hollustuna í forgang. Bættu trefjainntöku þína með Lífskorni.

Lífskorn frá Myllunni er trefjaríkt og hefur hátt hlutfall heilkorns. Lífskorn inniheldur einnig B-vítamín og steinefni sem eru hollu lífi nauðsynleg. Veldu heilkornabrauð og líkami þinn fær mikilvæg næringarefni eins og B- og E-vítamín. Plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins styrkja varnir líkamans og draga úr blóðsykursveiflum. Nýja heilkornabrauð Myllunnar færir þér hollustu og orku fyrir annríki dagsins.




Skóðu Lífskorn á myllan.is



Kynntu þér heilsustefnu Myllunnar



Taktu þátt í umræðunni á Facebook





„Yfirleitt ómar söngur úr stúkunni á fótboltaleikjum því við erum með leiki í gangi yfir daginn. Þess á milli stillum við á Bylgjuna.“

Viðar Valsson, starfsmaður Jóa útherja.

Sólkross seldist upp í Þýskalandi

„Ég vona að hún fari í einhverja tugi þúsunda. Það væri dásamlegt,“ segir Tómas Hermannsson hjá Sögum útgáfu. Fyrsta upplagið af bók skjólstæðings hans, Ottars M. Norðfjörð, Sólkross, er uppselt í Þýskalandi og fór hún strax í endurprentun. Bókin hefur selt í vel á annað tug þúsunda eintaka í Þýskalandi, Austurríki og Sviss síðan hún kom út í júlí. Hér heima kom hún út árið 2008. „Það er meðbyr með íslenskum höfundum í Þýskalandi. Íslenskir höfundar fengu rosalega mikla kynningu á bókamessunni og ég held að fullt af íslenskum höfundum sé að græða á þessu,“ segir Tómas.

Í nýjasta tímariti Thaliu, stærstu bókakeðju hins Þýskumælandi heims, er umfjöllun um Sólkross sem klykkir út með: „... höfundurinn ungi sannar enn á ný að hann er einn besti glæpasagnhöfundur lands síns“.

Spænska forlagið Duomo Ediciones ætlar að gefa út aðra bók eftir Óttar, Hnif Abrahams, á næsta ári. Sama

forlag gaf út Sólkross á Spáni og í Suður-Ameríku í vor. Einnig stendur til að þýða Sólkross yfir á ítölsku og Áttablaðarósina, spennusögu Óttars frá því í fyrra, yfir á sænsku.

Franska bókaumboðsskrifstofan The Parisian Agency skrifaði jafnframt nýverið undir samning við Óttar og mun hún annast mál hans á erlendri grundu.



VINSÆLL Í ÞÝSKALANDI Sólkross eftir Óttar M. Norðfjörð hefur selt í á annan tug þúsunda eintaka í Þýskalandi, Austurríki og Sviss.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ævisaga kanadíska popparans **Justins Bieber** sem Sögur útgáfa sendi frá sér í september er farin í endurprentun. Fyrsta upplagið hljóðaði upp á tvö þúsund eintök og það virðist síður en svo hafa dugað hinum fjölmörgu aðdáendum ungstirnins hér á landi.



Síðasta plata **Jóhanns Jóhannssonar** og félagar í Apparát Organ Quartet, Pólyfónía, er nýkomin út í Bretlandi, Hollandi, Belgíu og Lúxemborg. Breska pressan er hrifin, því platan fær sjö af tíu

mögulegum í einkunn í tónlistartímaritinu NME. Þar segir að platan sé ískalt og frábært framtíðarrok. Áður hafði hún fengið fjórar stjörnur af fimm á síðunni Musicomh.com þar sem tónlistinni var líkt við Air, Motörhead, Daft Punk og Muse.

Það stýttist óðum í einn vinsælasta sjónvarpsviðburð hvers árs, sjálfa Eurovision-keppnina sem **Vinir Sjonna** unnu með glæsibrag í fyrra. Línur fyrir keppnina í ár eru smám saman að skýrast og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verða fimmtán lög í keppninni en fjöldi laga hefur verið nokkuð á reiki. Fyrirhugaðar eru fleiri breytingar á keppninni því eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá verður engin undankeppni eins og undanfarin ár heldur er gert ráð fyrir því að öll lögin komist á sjálf úrslitakvöldið og keppi um farseðilinn til Aserbaíðsjan þar sem aðalkeppnin fer fram á næsta ári.



- fb, fgg

GÍGJA DÖGG EINARSDÓTTIR: ÞARF AÐ LÁTA KAUPA BOLINN FYRIR MIG

Hestamyndir Gígju á bolum í H&M

„Þetta er alveg ótrúlega gaman og auðvitað mikill heiður að H&M hafi keypt mínar myndir,“ segir Gígja Dögg Einarsdóttir ljósmyndanemi, en hún hefur í tvígang selt sænska verslanarísanum Hennes & Mauritz myndir eftir sig.

Myndirnar prýða stuttermaboli sem fást í verslunum H&M um allan heim, en myndefnið er íslenski hesturinn.

Myndirnar hennar Gígju fást í myndabankanum Getty Images en þar festi H&M kaup á myndunum. „Ég var alltaf með ljósmyndirnar mínar inni á Flickr-myndavefnum en svo höfðu aðstandendur Getty samband við mig og vildu selja þær þar,“ segir Gígja og bætir við að það sé mikill heiður fyrir ungan ljósmyndara að vera með myndir í þessum stóra myndabanka.

„Hennes & Mauritz keyptu eftir mig mynd í fyrra og ég vissi ekkert hvort til stóð að nota hana. Svo var myndin prentuð á bol, sem ég fór einmitt og keypti,“ segir Gígja en sérstaklega gaman þótti henni að tískuvörverslunin keypti aftur af henni ljósmynd í ár og er sú mynd komin á bol sem sjá má í auglýsingum frá fyrirtækinu. „Ég þarf að senda einhvern til að kaupa þennan bol fyrir mig svo ég eigi þá báða inn í skáp.“

Gígja vill ekki meina að hún verði rík á viðskiptum sínum við tískuvörslana-keðjuna frægu. „Nei, nei, ætli ég fái ekki um 300 dollara á mynd. Þetta er aðallega heiðurinn og gott á ferilskrána.“

Gígja stundar nám í ljósmyndum við Tækniskólann en hún er einnig lærður tanningamaður og hefur starfað sem slíkur. Það er því ekki skrítið að hún sérhæfi sig í myndum af íslenska hestinum. „Ég er alin upp með hestum og hef eytt mörgum klukkutímum úti í stóði að fylgjast með atferli hestanna. Ég næ hestunum á skemmtilegum augnablikum því ég er alltaf að fylgjast með þeim og það kannski gerir mínar myndir sérstakar,“ segir Gígja. Hún er systir fatahönnuðarinnar Hörpu Einarsdóttur – en hafa þær systur ekki íhugað að vinna saman? „Jú, við erum uppfullar af spennandi hugmyndum og stefnum á að gera eitthvað saman í framtíðinni.“

alfrun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EFTIRSÓTT

Myndir af íslenska hestinum sem ljósmyndaneminn Gígja Dögg Einarsdóttir tók heilluðu sænska verslanarísanum Hennes & Mauritz og prýða nú stuttermaboli frá fyrirtækinu. Dýramyndir eru vinsælar á fatnaði um þessar mundir. Bolurinn er með mynd eftir Gígju en hann er hluti af nýrri línu H&M.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

Svartur hundur prestsins (Kassinn)		
Lau 19.11. Kl. 19:30 22. sýn.	Fim 24.11. Kl. 19:30 24. sýn.	Fim 1.12. Kl. 19:30 27. sýn.
Sun 20.11. Kl. 19:30 23. sýn.	Fös 25.11. Kl. 19:30 25. sýn.	Fös 2.12. Kl. 19:30 28. sýn.
Hreinsun (Stóra sviðið)		
Lau 19.11. Kl. 19:30 7. sýn.	Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn.	Lau 10.12. Kl. 19:30 13. sýn.
Sun 20.11. Kl. 19:30 8. sýn.	Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn.	Sun 11.12. Kl. 19:30 14. sýn.
Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sýn.	Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn.	
Allir synir mínir (Stóra sviðið)		
Fim 17.11. Kl. 19:30 23. sýn.	Fös 18.11. Kl. 19:30 24. sýn.	Lau 26.11. Kl. 19:30 25. sýn.
Judy Garland (Þjóðleikhúskjallarinn)		
Sun 20.11. Kl. 22:00 8. sýn.	Lau 3.12. Kl. 22:00 9. sýn.	
Uppnám (Þjóðleikhúskjallarinn)		
Fös 25.11. Kl. 22:00	Fös 2.12. Kl. 22:00	Lau 10.12. Kl. 22:00
Leitin að jólnum		
Sun 27.11. Kl. 11:00	Lau 3.12. Kl. 14:30	Lau 10.12. Kl. 13:00
Sun 27.11. Kl. 13:00	Sun 4.12. Kl. 11:00	Lau 10.12. Kl. 14:30
Sun 27.11. Kl. 14:30	Sun 4.12. Kl. 13:00	Sun 11.12. Kl. 11:00
Lau 3.12. Kl. 11:00	Sun 4.12. Kl. 14:30	Sun 11.12. Kl. 13:00
Lau 3.12. Kl. 13:00	Lau 10.12. Kl. 11:00	

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 551 1200

Forlagið fargar þrjú þúsund bókum

Þrjú þúsund eintökum af væntanlegri Flick my Life-bók var fargað af útgafandanum, Forlaginu. Þetta staðfestir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins. Hugmyndin að bókinni kviknaði fyrst í haust.


Flick My Life-bókin mun innihalda besta grínið af vefsíðunni umdeildu. „Astæðan fyrir því að við urðum að grípa til þessara ráðstafana var sú að svarti flöturinn sem átti að hylja viðkvæmar persónuupplýsingar reyndist gagnsær þegar bókinn kom úr prentun,“ útskýrir Egill, en þannig hefðu lesendur bókarinnar auðveldlega getað séð hverjir væru höfundar „statusa“ á Facebook eða athugasemda. Egill tekur hins vegar skýrt fram að upplaginu hafi verið fargað algjörlega og eintökin séu hvergi til.

Bókin hefur nú verið send aftur í prentun og gengið hefur verið úr skugga um að engar

persónuupplýsingar verði aðgengilegar. „Hún ætti því að koma út öðru hvoru megin við helgina,“ segir Egill. Hugmyndir eru uppi um að halda útgáfubod á Austur, skemmtistaðnum vinsæla í Austurstræti, en hann er í eigu Ásgeirs Kolbeinssonar. Ásgeir var einmitt eitt af fyrstu „fórnlömbum“ síðunnar þegar Kolb in the Wild og Kolb in the Child-flokkarnir nutu mikilla vinsælda. Egill staðfestir að nokkrar Kolb in the Wild-myndir fái að fljóta með í bókinni en eins og frægt varð óskaði Ásgeir eftir því að flokkurinn yrði aflagður eftir að áreitid var orðið of mikið. - fgg



UMDEILD Bestu brandarar vefsíðunnar Flick My Life verða gefnir út í bókarformi. Hins vegar neyddist útgafandi bókarinnar til að farga fyrstu prentun. Kolb in the Wild verður á sínum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



GULA HÚSIÐ

FAXAFENI 8

**FULL BÚÐ AF NÝRRI VÖRU
FALLEG OG ÓDÝR GJAFAVARA
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**
Við tökum vel á móti þér

Svört prjónahúfa **verð 1.499** ein stærð
Síð dōmupeysa með kvartermum til í appelsínugulu og svörtu **verð: 4.999,-** ein stærð
Svartir prjónavettlingar **verð 1.499,-** Ein stærð
Prjónaleggings, til í gráu og svörtu **verð: 3.590,-** stærðir S/M og M/L
Flottir dōmuskór með fylltum hæl **verð áður 14.990,- nú 10.493,-** Stærðir 37-41
Trefill **verð 1.999,-** Ein stærð
Til í gráu, bleiku og fjólubláu



Síð dōmupeysa með kvartermum.
Til í appelsínugulu og svörtu.
Verð 4.999 Ein stærð

Svört prjónahúfa **verð: 1.499,-** ein stærð
Svartir prjónavettlingar **verð: 1.499,-** Ein stærð
Flottir dōmuskór með fylltum hæl **verð áður 14.990,- nú 10.493,-** Stærðir 37-41

Prjónahúfa **verð 1.499,-** Ein stærð
Trefill **verð 1.499,-** Ein stærð
Flottur síðerma bolur **verð 1.999,-** stærð S/M og M/L
Þykkar leggings **verð 3.999,-** stærðir s-xl
Flottir dōmuskór með fylltum hæl **verð áður 14.990,- nú 10.493,-** Stærðir 37-41



Loðkragi **verð 3.999,-** Ein stærð
Eyrnaskjól **verð 999,-** Ein stærð
Legghlífar **2.999,-** Ein stærð

Prjónahúfa **verð 999,-** Ein stærð



Loðhúfa Ein stærð **verð 2.999**
Loðnir vettlingar Ein stærð **verð 1.999**



Svört prjónahúfa **verð 1.499,-** Ein stærð
Prjónaleggings **verð 3.590** stærðir S/M og M/L
Svört og rauð röndótt peysa **verð 5.290,-** Ein stærð



Svartir dōmuskór með fylltum hæl **verð 14.990 Nú 10.493** stærðir 37-41



Flottir herra götuskór stærðir 40-44 **verð 7.990,- Nú 5.593,-**

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM

GILDIR TIL 21. NÓVEMBER 2011



Svartir ökkklaskór á dōmur **verð 13.990 Nú 9.793** stærðir 36-41



Svartir og rauðir Coconel háhælskór **verð áður 4.999,- Nú 3.499** stærðir 36-40



Svartir dōmu ökkklaskór **verð 9.990 Nú 6.993** stærðir 36, 37, 39, 40 og 42



Vandaðir hlaupaskór á herra stærðir 41, 43, 44 og 45 **verð 6.990,- Nú 4.893,-**



Góð kuldaþigvél á krakka, til í bláu og rauðu stærðir 28-35 **verð 5.990 Nú 4.193**



Fóðruð dōmustígvél, hlý og góð stærðir 28-42 **verð 3.990,- Nú 2.793**



Fallegir stelpuskór með demöntum stærðir 19-27 **verð 3.490 Nú 2.443**



Frábærir herraskór fyrir veturinn **verð 12.990 Nú 9.093,** stærðir 40-45



Bleikir street skór **verð 3.499 Nú 2.449** stærðir 36-41



Glimmerskór á stelpur til í svörtu og silfur stærðir 29-35 **verð 3.990 nú 2.793**



Brún dōmustígvél fóðruð að innan stærðir 37-41 **verð 9.990,- Nú 6.993**

Sími 534 4451
Finndu okkur á facebook.

www.gulahusid.is

Opið frá kl. 11-19 frá mánudag-laugardags
Opið frá kl. 12-17 sunnudag



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIADSTOD
ORATORS
- félag laganema við
Háskóla Ísland



Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð
fimmtudaga milli 19:30 – 22:00
í síma 551-1012.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Saga Guðrúnar Ebbu í Kirkjuhúsinu

Varla hefur farið fram hjá neinum sú mikla umræða sem orðið hefur um biskupsmálið svokallaða, þar sem margar konur hafa borið að Ólafur Skúlason biskup hafi misboðið þeim kynferðislega, þar á meðal Guðrún Ebba, dóttir Ólafs. Bók Guðrúnar Ebbu, Ekki líta undan, deilir meðal annars á viðbrögð kirkjunnar og núverandi biskups við ásökunum hennar. Þess vegna ætti að koma mörgum á óvart að bókin er til sölu í Kirkjuhúsinu, bókabúð þjóðkirkjunnar, þar sem veraldlegar ævisögur eru alla jafna ekki á boðstólum.



Hermt eftir Jakob

Ævisaga popparans og lífskústnersins **Jakobs Frimanns Magnússonar** kemur út í dag. Bókin kallast Með sumt á hreinu og verður útgáfa hennar fagnað í Bókabúð Máls og menningar á morgun klukkan 17. Það hefur verið vinsælt sport á mannamótum að herma eftir sögumanninum Jakob og gestir í útgáfuhófinu fá góðan skammt af þeim. Þrír landspektir grínarar hafa skráð sig í keppni um hver hermir best eftir Jakob, þeir Ari Eldjárn, Sigurjón Kjartansson og Karl Örvarsson, og munu þeir verða látnir lesa upp úr ævisögunni. Frægasta Jakobs-efirherman, Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður, hefur enn ekki staðfest komu sína en skipuleggjendur róa að því öllum árum að fá hann til að mæta.



- þj. hdm

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Sjóniðingar: Áhöfn bátsins tvístrað - klámmynd á Facebook
- 2 Segir systur sína hafa séð Júlía í Draumnum fyrir lyfjum
- 3 Aftur kveikt í nýbyggingu við Bergstaðastræti
- 4 Faðernismál gegn Bieber fellt niður

Fólkið í landinu les Fréttablaðið



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, júlí-sept. 2011.

Fullt af fallegum jólafötum á englana okkar!



ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201



RALPH LAUREN

bisgaard

